

3. Fornleifaskrá

Hér að neðan er birt skrá yfir þá 241 fornleif sem skráð var sumarið 2002. Í skráningarkerfi Fornleifastofnunar hefur hver sýsla skammstafað heiti og hver jörð hefur númer. Miðað er við jarðaskiptingu eins og hún kemur fyrir í Jarðatali Johnsens frá 1847 og byggir tölusetning jarðanna á því.

Hverjum minjastað er gefið númer sem hengt er við sýslutákn og jarðarnúmer (dæmi: Ey-181:001). Í skránni er gefið yfirlit um skiptingu jarðarinnar, sléttun túna og þar á eftir kemur listi yfir allar þekktar fornleifar á hverri jörð.

Af þeim 241 stöðum sem skráðir voru að þessu sinni, eru 213 eiginlegar mannvistarleifar en af hinum má nefna huldufólksbústaði (4), sögustað (1), draug (1) og loks örnefni sem benda til fornminja en engin frekari staðfesting fékkst á tilvist þeirra eða staðsetningu (11).

Í ríflega helmingi tilfella (127) þar sem fornleifa var að vænta sáust engin ummerki um þær á yfirborði. Í langflestum tilfellum hafa tóftir horfið vegna túnasléttunar en einnig hafa nokkrar tóftir horfið undir byggingar og vegi. Af þeim fornleifum sem sjást er 21 staður þar sem ekki er um tóftir að ræða heldur merki um annars konar mannvistarleifar (t.d. mógrafir).

Af þeim 94 fornleifum sem eftir eru var aðeins eitt hús sem stendur uppi undir þaki. Er um timburhús að ræða sem stendur í þéttbýliskjarnanum við Árskógssand. Þar hófst þéttbýlismyndun síðla á 19. öld og er húsið frá þeim tíma. Samtals sáust leifar 72 tófta. Af þeim voru 16 staðir þar sem veggir stóðu sæmilega vel uppi (hleðslur stóðu grónar). Í 54 tilfellum voru hleðslur signar en á tveimur stöðum voru hleðslur nærri því alveg útflattar.


Á vettvangi var gert hættumat fyrir hvern minjastað. Langoftast var hægt að meta hættu og reyndust 40 staðir ekki í hættu en 196 í hættu eða mikilli hættu. Orsökina var oftast nálægð við ýmis konar framkvæmdir. Flestir þeirra staða sem voru í hættu reyndust það vegna almenns rasks og framkvæmda sem fylgja búskap.

Flestar minjanna sem skráðar voru tengjast landbúnaði og eru útihús (29) langstærsti flokkurinn. Auk þessa voru skráð sérstaklega 12 fjárhús, 2 lambhús, 3 hesthús, 4 fjós, 3 kálgarðar og 5 túngarðar. Einnig voru skráðir 9 stekkir, 4 kvíar, 7

sel og 2 beitarhús. Þá hefur móttak verið á 15 stöðum og torfrista á 2. Nánari grein verður gerð fyrir hverjum minjaflokki í 4. kafla.

Fornleifaskrá

EY-052 Stóru-Hámundarstaðir



60 hdr. 1712 með Litlu-Hámundarstöðum en 40 hdr. án þeirra. Stærri-Árskógskirkjueign síðar Möðruvallaklaustursjörð. Landnámsjörð og fyrsta byggt ból við Eyjafjörð samkvæmt Landnámu. Þar buggu Helgi magri og Hámundur heljarskinn fyrsta vetur sinn á Íslandi og Hámundur síðan þar eftir. (ÍF I, 250, 255). Bænhús var á jörðinni. Litlu-Hámundarstaðir voru hjáleiga 1712 og þá byggðir fyrir manna minni á fjárhússtæði heimajarðarinnar. Hálskot eða Stórháls var þá eyðijörð og eru rústir á tveim stöðum -Efra- og Neðra-Hálskot sem það gæti átt við. Hálsdalur var fyrrum nýttur sameiginlega af Hámundarstöðum og Hálsi í Svarfðardal en skv. merkjadómi frá 1890 að Hálslíðin öll væri í landi Háls.

1429 kemur fram í Visitazíugerð Jóns biskups Vilhjálmssonar að Hámundarstaðir eiga sókn til Árskógar. DI IV, 375.

6. nóvember 1447 má sjá af reikning Möðruvallaklaustur að Hámundarstaðir er orðinn eign þess. "bykt j agylde midr." DI IV, 711.

1487 kemur fram í máldaga Ólafs biskups Rögnvaldssonar um bænhús og kirkjur í Hólabiskupsdæmi að bænhús er niðri á Hámundarstöðum. DI V, 356

1525 kemur fram í Sigurðarregistri að Hámundarstaðir eru eign Möðruvallaklausturs. DI IX, 319

1569 er Stóru-Hámundarstaða (Ytri-Hámundarstaða) getið í reikningi Möðruvallaklausturs og er jörðin þá eign þess. DI XV, 364

1917: 7.9 ha. 1/8 slétt. Garðar 900 m². 1973: "Beitiland mikið, en snjóþungt. Afrétt á Hálsdal og auk þess upprekstur á Þorvaldsdal." BE II, 93 1990: "... liggja túnin í aflíðandi halla niður að sjónum og út

með honum." BE 1990, 276

EY-052:001 *Stóru Hámundarstaðir* bæjarhóll bústaður 65°56.567N 18°25.300V
Gamli bærinn á Stóru-Hámundarstöðum var á svipuðum stað og eldra íbúðarhúsið á bænum stendur nú. Sunnan (ofan) við íbúðarhúsið er nú blómagarður og þar (í L- laga bakgarði) stóð gamli bærinn að mestum hluta. Þar sem gamli bærinn stóð er nú bakgarður við steinsteyppt íbúðarhús.

Bæjarhóll er greinilegur á þessum stað. Hann er um 50 X 50 m að stærð. Viðast er bæjarhóllinn fremur lágur og aflíðandi, þó sérstaklega til suðurs (að ofan). Hóllinn er skýrastur nyrst (neðst) og þar er hæðin lang mest eða um 2,5 m. Steinsteyppt íbúðarhús með kjallara var byggt á svipuðum stað og eru líkur á að það og ýmsar seinni tíma endurbætur hafi skemmt þær leifar sem kunna að hafa safnast upp í bæjarhólnum fram á 20. öld. Líklegt er þó að einhverjar mannvistarleifar kunni að reynast í jörðu á þessum stað.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917

EY-052:002 heimild um fjós 65.56.555N 18.25.266V
"Fjósið og fjóshlaðan voru sunnan við bæinn við bæjarlækinn." segir í bréfi Haralds Davíðssonar á Stóru-

Hámundarstöðum. Fjós þetta er merkt inn á túnakort frá 1917. Það var um 20 m innan (suðvestan) við eldra íbúðarhúsið á Stóru-Hámundarstöðum, fast innan við heimreið. Á þessum stað er nú fagurgrænn og þýfður blettur, fast innan (suðaustan) við heimreiðina. Í blettinum eru nú snúrastaurar.

Haraldur Davíðsson á Stóru-Hámundarstöðum lýsir fjósinu á eftirfarandi hátt í bréfi til Þjóðminjasafns 1993: "Fjóshlaðan var með torfveggjum og torfþaki. Stórt baggagat var á þaki og lítið baggagat á hliðarvegg. Vindauga var á norðurgafli neðarlega, það var opinn tréstokkur og þótti gera nokkuð gagn. Allir viðir voru úr rekaviði: gildur mæniás og sterkar stoðir undir. Brúnásar (lauholt) hvíldu einnig á stoðum. Raftar voru þéttir og árefti með sprekum, allt rekviður. Járnþak var ekki á nokkru húsi. Fjósið var allt úr torfi eða brunnhúsi yfir lækinn og helluflór þegar ég man eftir. Hann var mokaður með tréreku. Seinna var svo flórbotninn steypur. Mykjan var borin á handbörum fram á mykjuhauginn. Síðar var byggt nýtt fjós norðan við bæinn."

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917 og Bréf Haralds Davíðssonar á Stóru-Hámundarstöðum til Þjóðminjasafns, janúar 1993

EY-052:003 *Lambhús* heimild um lambhús 65°56.638N 18°25.323V
"Lambhúshóll og Lambhúsvöllur eru skammt fyrir utan og neðan bæ." samkvæmt Örnefnalýsingu Eyjafjarðar, - heima á túni skv Ö-Árs, 36. Lambhús var um 90 m utan og neðan við (NNV) bæ 001 samkvæmt túnakorti frá 1917.

Nú standa bárujárnsklædd útihús nálega þar sem Lambhús var áður. Lambhúsin voru þó aðeins utar og náðu út á grasflöt sem er nú utan við útihúsið. "Á Lambhúsvelli var fjárhús með hlöðu. Þarna voru tvennar dyr, tveir heygardar og fjórar krær. Lítill hrútakofi var sambyggður húsunum. ... Nú stendur ekkert eftir af þessum gömlu húsum nema tóttir á Háagerði [006]." segir í bréfi Haralds Davíðssonar á Stóru-Hámundarstöðum til Þjóðminjasafns, janúar 1993


Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917, Ö-Ey I.1, 16 sbr. Ö-Árs, 36 og Bréf Haralds Davíðssonar á Stóru-Hámundarstöðum til Þjóðminjasafns, janúar 1993

EY-052:004 *Sauðhús* heimild um fjárhús 65°56.668N 18°25.259V

"Lengra [út og niður frá bænum en Lambhúshóll] er Sauðhúshóll, Sauðhúsvöllur og Sauðhúsmór. Þessi vallarstykki voru kennd við peningshúsin Lambhús og Sauðhús." segir í Örnefnalýsingu Eyjafjarðar. Sauðhús voru um 210 m neðan (NNA) við bæ 001 samkvæmt túnakorti frá 1917. Þau voru um 80 m neðan við Lambhús 003. Nú er hæð í sléttuðu túni þar sem Sauðhús voru áður.

"Nú eru flest torfhús fallin. Sauðhúsið stendur þó enn. Við ábúendaskipti 1910 var það talið gamalt jarðarhús. Veggir eru úr torfi og grjóti, er sumt grjótið



holtagrjót, en sumt er sæbarið og hefur verið sótt í fjöruna. Báðum megin við dynnar voru hlaðnir fram kampar svo ekki fennti inn því þarna var látið liggja við opið. Nú eru kamparnir eyddir." segir í bréfi Haralds Davíðssonar á Stóru-Hámundarstöðum til Þjóðminjasafns 6.5.1985. Í bréfi sem hann ritaði til safnsins 1993 segir hann ennfremur: "Á Sauðhúsvelli var lítið fjárhús með garða og tveimur króm. Þarna voru hlaðnir kampar báðum megin við dynnar svo ekki fennti að og hef ég hvergi séð það annarsstaðar. ... Nú stendur ekkert eftir af þessum gömlu húsum ..." Að sögn Baldvins Haraldssonar var endanlega rutt úr húsunum og svæðið sléttað um 1987.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917, Ö-Ey I.1, 16 sbr. Ö-Árs, 36 og Bréf Haralds Davíðssonar á Stóru-Hámundarstöðum til Þjóðminjasafns, 6.5.1985

EY-052:005 heimild um fjárhús 65°56.564N 18°25.623V

Fjárhús voru áður 10-15 m suðaustar (innar og ofar) við 006 samkvæmt túnakorti frá 1917. Þar sem fjárhúsið stóð er nú fagurgræn hæð í sléttuðu túni.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917

EY-052:006 Háagerði fjárhústóftir 65°56.572N 18°25.621V

"Þjóðvegurinn liggur um Kvíhól [016] og Hesthúsmýri [053], neðan Háagerðis en ofan Miðgerðis [019]." segir í Örnefnalýsingu Eyjafjarðar. Háagerði er hóll, um 20 m ofan við þjóðveg, nærri því beint ofan við nýrra íbúðarhúsið á Stóru-Hámundarstöðum. Húsið er merkt inn á túnakort frá 1917 og er þar sýnt um 230 m vestan (utan og ofan) við gamla bæinn 001. Tóftir sjást enn á grasi grónum hól sem eitthvað hefur verið raskað í vegagerð síðari ára.

"Gerðin á Hámundarstöðum, þ.e. Háagerði og Miðgerði, voru sitt hvoru megin við núverandi þjóðveg, skammt NV af Ytri-Hámundarstöðum. Þar voru einhver garðlög umhverfis, og eru þau enn sýnileg við Hágerðið. Ekki er vitað til að búið hafi verið á Gerðunum, en gripahús hafa þar verið allt til þessa." segir í Vesturströnd Eyjafjarðar, 190. Í bréfi Haralds Davíðssonar á Stóru-Hámundarstöðum til Þjóðminjasafns 6.5.1985 segir: "Útihúsin Miðgerði, Háagerði efra og neðra og Hesthúsgerði voru hér í túninu. Nú halda sumir að ekki heiti gerði nema þar hafi verið búið. Ekki hef ég vanist þeim skilningi á gerði - en forn garðlög má rekja umhverfis þau." Í bréfi Haraldar til sömu stofnunar 1993 segir ennfremur: "Fjárhúsin voru mörg og dreift um túnið. Talið var að með þessu væri auðveldara að koma áburði á túnið. Á Háagerði voru tvö fjárhús, lítil, við annað þeirra var hlaða, sem þótti fara vel með hey og þarna var gott vatnsból rétt við húsin. Þessi hús voru með einum garða og tveimur króm ... Nú stendur ekkert eftir af þessum gömlu húsum nema tóttir á Háagerði."

Merki Hágerðis sjást enn. Þau eru á grösugum hól fast ofan við þjóðveg. Tóftin er 11 X 12 m að stærð og er tvískipt. Þegar tóftin var skoðuð var hún grasi vafin og því fremur ógreinileg. Engu að síður sést greinilega fyrir útveggjum hennar og má greina að efra (suðaustara) hólfið er að utarmáli um 12 X 5 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur en hið neðra hólfið (norðvestara) snýr norðaustur-suðvestur og er að utarmáli 5 X 6 m að stærð. Hugsanlegt er að garði hafi verið í því miðju en ekki er unnt að skera úr um það. Ekki er greinilegt hvar dyr eru milli hólfa eða á útveggjum hólfa. Hæð hleðslna er mest 0,3 m og hvergi eru greinilegar grjóthleðslur.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917

EY-052:007 Hamarsvör heimild um lendingu 65°56.895N 18°25.117V

"Útræði var héðan fram um síðustu aldamót. Var lendingin í skjóli við stórt sker, sem heitir Hamar eða Hamarssker, en vörin Hamarsvör. Þurfti að hreinsa hana á hverju vori." segir í bréfi Haralds Davíðssonar á Stóru-Hámundarstöðum. Í Örnefnalýsingu Eyjafjarðar er staðnum lýst á eftirfarandi hátt: "Reitsvík, [er] stundum kölluð Hámundarstaðavík vestan megin. Þar er Hámundarstaðalending (Hámundarstaðavör)." sbr. sjóbúðina 036. Hamarssker er enn greinilegt frá fjöru og úti sjó um 650 m norðnorðaustan við bæ 001. Lendingin var innan (suðaustan) við sjálft skerið. Á þessum slóðum er fremur stórgrýtt fjara og ekki hægt að sjá nákvæmlega hvar lendingin hefur verið.

1712: "Heimræði hefur hjer verið sæmilegt, en nú valla brúkanði, því sjáfargangur hefur tekið naustið, og er síðan ekkert skipsuppsátur so að því sje óhætt fyrir sjáfargangi, og fær ábúandi því skipsstöðu í Hellu landi, þegar að amar, og geldur lóðarfisk, þegar þar er lent." segir í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Bréf Haralds Davíðssonar á Stóru-Hámundarstöðum til Þjóðminjasafns 6.5.1985, Ö-Ey I.1, 9-10 og JÁM X, 101

EY-052:008 heimild um naust

65°56.894N 18°25.123V

1712: "Heimræði hefur hjer verið sæmilegt, en nú valla brúkandi, því sjáfargangur hefur tekið naustið, og er síðan ekkert skipsuppsátur so að því sje óhætt fyrir sjáfargangi, og fær ábúandi því skipsstöðu í Hellu landi, þegar að amar, og geldur lóðarfisk, þegar þar er lent." segir í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns. Naustið hefur væntanlega verið upp af lendingunni 007.


Stórgrýtt fjara er í sjávarmáli á þessum slóðum. Upp af henni gengur brattur bakki. Á hæðinni beint ofan við skerðið sem 007 er kennt við er grasfláki, fagurgrænn og þýfður. Hann er 3-4 m á breidd en 5-6 m á lengd. Hugsanlegt er að þarna hafi einhverjar mannvistarleifar verið áður en þær eru nú orðnar ógreinilegar.

Hættumat: engin hætta**Heimildir:** JÁM X, 101**EY-052:009** tóft

65°56.580N 18°25.999V

Tóft er um 150 m ofan (sunnan) við Þjóðveg og um 80 m ofan og utan (vestan) við heystæðið 048. Hugsanlegt er að þetta sé stekkurinn sem sagður er í Votahvammi (050) í örnefnalýsingu, en þessi tóft er þó 200-300 m neðan við hvamminn en í lýsingu er stekkurinn sagður syðst í hvamminum. Staðsetning þessarar tóftar passar því ekki alveg við örnefnaskrá.

Tóftin er austarlega á hæð í aflíðandi halla. Umhverfi hana er grasi gróið en annars staðar eru lyngivaxnir móar. Deiglendisflákar eru hér og þar í hlíðinni. Tóftin er sigin og ógreinileg en virðist þrískipt. Hún er 19 X 8 m að stærð og snýr norður-suður. Op er á tóftinni nyrst á vesturhlið og einnig milli hólfanna þriggja. Syðst á vesturhlið er veggur sérstaklega útflattur og er möguleiki á að þar hafi einnig verið op á tóftinni. Um 40 m ofan við tóftina er þýft svæði þar sem hugsanlegt er að mannvistarleifar hafi verið. Þær er nú ekki hægt að greina en hugsanlegt að völdugur raflínustaur sem þar stendur hafi skemmt tóftir ef einhverjar voru fyrir.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar**EY-052:010** Myllulækur heimild um myllu

65°56.555N 18.25.121V


"Á mörkum túnanna [Stóru- og Litlu Hámundarstaða] rennur Merkjalækur, öðru nafni Myllulækur (nú að nokkru kominn í skurð)." segir í Örnefnalýsingu Eyjafjarðar "Bæjarlækurinn fellur niður sunnan bæjarins og heitir Merkjalækur neðar ... Hann kallaðist líka Myllulækur, eftir myllu, sem þar stóð." segir í örnefnaskrá Árskógsstrandar. Merkjalækur/Myllulækur er nú að mestu leyti horfinn í skurð. Myllan sem lækurinn var kenndur við var beint utan við nýlegt útihús á Litlu-Hámundastöðum. Á þessum stað rennur lækurinn í krók. Sléttað tún er að læknum og hefur grjóti verið rutt úr túnunum í átt að læknum.

"Mylla var hér, sameiginleg fyrir Hámundarstaðabæina og var lækjum veitt saman þegar malað var. Hún var notuð fram undir aldamót." segir í bréfi Haralds Davíðssonar á Stóru-Hámundarstöðum til Þjóðminjasafns 6.5.1985. Í bréfi til sömu stofnunar 1993 segir Haraldur ennfremur: "Kornmylla var á jörðinni og var hún notuð fyrir báða Hámundarstaðina, var þá bæjarlækjunum veitt saman vegna mylluhjólsins." Baldvin Haraldsson man eftir myllutóftinni en segir hana hafa vikið í túnasléttun skömmu eftir miðbik 20. aldar.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar**Heimildir:** Ö-Ey I.1, 11-12; Ö-Árs, 36**EY-052:011** Selhjalli seltóftir

65°56.817N 18.27.043V

"Framhald Stórahjalla til norðurs er Selhjallinn en suður og niður frá Stórahjallabergi er Grænalaut....Stutt fyrir ofan Hálskot [efra 024] eru rústir af seli, þar heitir Selhjalli." segir í



Örnefnalýsingu Eyjafjarðar- "Á Selhjalla eru tóttir af gömlu seli, rétt við Garnalækinn, en ekki er vitað hvort það er frá Hámundarstöðum eða frá Hálskotsbæjum." segir í örnefnaskrá Árskógsstrandar. 1982: "Rústir [selsins] eru um 300 m upp af Hálskoti (efra), við enda Sellágarinnar sem þarna nefnist Gullkelda. Rústirnar munu óhreyfðar." segir í Vesturströnd Eyjafjarðar. Selið er um 1,4 km norðnorðvestan við bæ 001 en 200-

300 m ofan við Þjóðveg. Selið samanstendur af a.m.k. 5 tóftum og eru tvær ystu tóftirnar 5-10 m utan við Garnalæk en hinar þrjár 5-10 m innan hans. Girðing liggur meðfram hlíðinni á þessum stað og er ysta tóftin á svæðinu (E) neðan hennar en hinar tóftirnar ofar. Umhverfis eru lyngvaxnir móar en nokkuð graslendi er á sjálfu selstæðinu og nánasta umhverfi þess, sérstaklega neðan við það. Til norðvesturs er deiglendi.

Ekki eru greinileg garðlög á svæðinu sem er 50 X 40 m stórt en á því eru 5 tóftir. Ysta og neðsta tóftin (E) er suðvestan í löngum melhól, ofar tekur við fremur slétt svæði sem vaxið er lágu grasi. Á því eru hinar tóftirnar fjórar. (E) snýr norðvestur-suðaustur og er 13 X 4,5 m að stærð. Op virðast vera á norðvestur- og suðausturhlíðum hennar. Tóftin er þrískipt. Austan við tóftina, á sama hól yst, er dæld, 2 X 2 (A). Hún er 10 m innan við lækinn og 5 m ofan við girðingu. Tóftin er ógreinileg og sigin er virðist hafa samanstáðið af fjórum hólfum sem öll voru opin á austurvegg. Tóftin er samtals um 15 X 8 m. 20 m ofan við þessa tóft (A) er önnur (B). Hún er tvískipt og 9 X 8 m að stærð. Þessi tóft er 5 m sunnan við lækinn. Hún er eins og (A) fremur ógreinileg og sigin og ekki er greinilegt op á henni. 12-13 m norðan (utan) við (B) og 7 m norðan við lækinn er lítil, einföld tóft (C). Hún er byggð upp við hæð og myndar hæðin vesturhlíð hennar. Tóftin er 7 X 5 m að stærð, snýr norður-suður og er opin til suðurs. Fimmta tóftin (D) er um 10 m neðan við (C). Hún er einnig einföld en snýr austur-vestur. Hún er 6,5 X 4 m að stærð en ekki er greinilegt op á henni. Síðastnefnda tóftin (E) er um 20 m ofan við þá fyrstnefndu, (A).

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Ey I.1, 11-12; Ö-Árs, 36 og Vesturströnd Eyjafjarðar

EY-052:012 frásögn af smiðju

65°56.522N 18.25.290V

"Smiðja var fyrir sunnan og ofan bæinn þar sem nú er vélaverkstæði Baldvins. Þar var handknúinn fýsibelgur. Þar voru kindahauser sviðnir og þar fór öll járnsmiðavinna fram. Smiðjuhóll var utar en álíka langt frá bænum. Hann var eldri en smiðjan og er nú kominn undir heimveginn. Móðir mín fór stundum þangað með okkur krakkana og sagði okkur sögur og kallaði þá hólinn Glæsibæ." Bréf Haralds Davíðssonar á Stóru-Hámundarstöðum til Þjóðminjasafns, janúar 1993. Smiðja var þar sem nú er vélaverkstæði Baldvins, um 80 m sunnan (ofan og utan) við gamla bæinn 001. Smiðjan hefur verið 20-30 m neðan (norðaustan) við Þjóðveg og í svipaðri fjarlægð innan (suðaustan) við heimreið. Engar leifar smiðjunnar sjást enda síðar byggt verkstæði á sama stað.

Greinilegt er af öllum ritheimildum að Smiðjuhóll var nálægt heimreið að eldra íbúðarhúsinu á Stóru-Hámundarstöðum. Svo virðist sem smiðja hafi verið þar sem Vélaverkstæði Baldvins er nú og er sá staður skráður hér. Hins vegar mundi Baldvin Haraldsson eftir tóft nokkurn veginn þar sem heimreið er nú og taldi hana smiðju (021). Mögulegt er að þarna sé einhver ruglingur á ferðinni og allar lýsingar

eigi við einn og saman staðinn. Hins vegar er einnig hugsanlegt að yngri smiðjan hafi verið þar sem Vélaverkstæðið er nú en sú eldri hafi lent undir heimreið. Ekki er hægt að fullyrða um þetta og eru báðir staðirnir skráðir.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Bréf Haralds Davíðssonar á Stóru-Hámundarstöðum til Þjóðminjasafns, janúar 1993

EY-052:013 frásögn af sjóbúð 65°56.762N 18.24.686V

Samkvæmt Baldvini Haraldssyni var sjóbúð neðan við sléttuð tún, um 580 m neðan (norðaustan) við bæ 001. Sjóbúðin var í jaðri túns en neðar (norðar) tók við brattur bakki niður að sjó. Merki sjóbúðarinnar eru nú ekki greinileg.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

EY-052:014 *Tjaldhóll* heimild um tjaldstæði 65°56.566N 18.25.610V

"Hóll eru við fjallsrætur ofan við Ásmýri, en Ásinn er þar austan við og [syðst] á honum hóll, sem frá 1906 heitir Tjaldhóll, af því að norsku símamennirnir tjölduðu þar sumarið 1906." segir í Örnefnalýsingu Eyjafjarðar. Tjaldhóll er einungis 50 m ofan við þjóðveg, fast ofan (sunnan) við fjárhúsin á Háagerði 005 og 006. Ekki er um mikinn hól að ræða heldur fremur lága, grasi vaxna hæð.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Ey I.1, 14 sbr. Ö-Árs, 36

EY-052:015 landamerkjagarður 65°56.464N 18°25.315V

Haraldur Davíðsson segir í bréfi til Þjóðminjasafns: "...merkjarður milli Hámundastaðanna. Í Merkjabréfi fyrir 100 árum er hann talinn forn - hefur líklega verið gerður í þágu búskapar á Hámundarstöðum áður en Litlu-Hámundarstaðir voru byggðir." Landamerkjagarður var áður greinilegur á merkjum Stóru- og Litlu-Hámundastaða en hann er nú nærri því alveg horfinn. Garðurinn sést óljóst á stuttum kafla í Garðsmel og er fyrst greinilegur 5-10 m ofan við þjóðveg. Ofar og neðar eru nú skurðir á merkjum. Garðurinn er merkjanlegur í grasi vöxnum hól. Hann er um 2 m á breidd en 0,3-0,4 m á hæð. Garðurinn er hlaðinn út torfi og grasi vaxinn og er samtals um 50 m á lengd.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Bréf Haralds Davíðssonar á Stóru-Hámundarstöðum til Þjóðminjasafns 6.5.1985

EY-052:016 *Garðsmelur* heimild um kálgarð og kvíar 65°56.470N 18.25.355V

"Þjóðvegurinn liggur um Kvíhól og Hesthúsmýri, neðan Háagerðis en ofan Miðgerðis. Kvíhóllinn nefndist líka Garðsmelur, kenndur við fornan jarðeplagarð, sem e.t.v. er frá fyrstu áratugum 19. aldar. Þá bjó á Stóru-Hámundarstöðum Hallgrímur, sonur Þorláks í Skriðu en þeir feðgar voru miklir ræktunarmenn." segir í lýsingu Eyjafjarðar. "Kartöflugarður var á Garðsmel, öðru nafni Kvíamel." segir í örnefnaskrá Árskógsstrandar. Garðsmelur er tæpum 200 m SSV við bæ 001. Garðsmelur er langur og mjór og snýr NNA-SSV fast ofan við þjóðveg. "Fráfærur lögðust hér f 1914 en stýjað var eitthvað lengur. Sléttað var úr torfkvíunum ..." Bréf Haralds Davíðssonar á Stóru-Hámundarstöðum til Þjóðminjasafns 6.5.1985. Garðarnir sem melurinn er kenndur við voru framan í hólnum austanverðum. Þeir eru ekki lengur merkjanlegir. Ekki er nákvæmlega vitað hvar kvíarnar voru en þær voru á hólnum í námunda við þar sem nú er þjóðvegur. Öll ummerki um þær eru líka horfin.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Ey I.1, 14 sbr. Ö-Árs, 36; Bréf Haralds Davíðssonar á Stóru-Hámundarstöðum til Þjóðminjasafns janúar 1993

EY-052:017 garðlag túngarður 65°56.593N 18.25.360V

Skógreitur er fast neðan þjóðvegur, milli eldra og yngra íbúðarhússins á Stóru-Hámundarstöðum. Í honum er greinilegt garðlag sem liggur ANA-VSV neðst í honum utanverðum. Garðurinn liggur í 45 m innan skógreitsins að norðvesturhorni reitsins en hverfur þar enda eru utan skógreitsins sléttuð tún. Garðurinn afmarkaði áður tún Stóru-Hámundarstaða. Garðlagið sést í litlum skógreit sem ekki hefur verið grísaður. Á og við garðinn vaxa trjáplöntur. Túngarðurinn er neðst í trjáreitnum. Hann er 45 m langur en 2,5 m á breidd. Hæð 0,6 m. Hann virðist eingöngu hlaðinn úr torfi og er gróinn og ellilegur. Baldvin Haraldsson man eftir því þegar garðurinn lá lengra til NNA (utar og neðar) þar sem nú eru sléttuð tún.

Hættumat: hætta, vegna skógræktar

EY-052:018 frásögn af mógröfum 65°56.819N 18.25.111V

Baldvin Haraldsson man eftir svarðargröfum um 500 m utan og neðan við (norðnorðaustan) við bæ

001.

Grafirnar voru á bakka við sjóinn. Neðan við þær tekur við þverhnipt brekka að sjó en innar og ofar eru sléttuð tún (grænfóður). Svarðargrafirnar voru þar sem nú er óræktarblettur, þar sér stórþýft og dældótt en eiginlegar svarðargrafir eru ekki merkjanlegar. Svo virðist sem rutt hafi verið úr túnnum umhverfis í blettinn.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

EY-052:019 *Miðgerði* heimild um fjárhús 65°56.621N 18.25.502V

"Þjóðvegurinn liggur um Kvíhól [016] og Hesthúsmýri [053], neðan Háagerðis [006] en ofan Miðgerðis [019]. ... Framan í Miðgerði er Gerðisbrekka. Rétt ofan við Miðgerðið var Miðgerðistjörn og Miðgerðisholt, öðru nafni Kerlingarholt." segir í örnefnaskrá Árskógsstrandar. Fjárhús voru á Miðgerði, þar sem yngra íbúðarhúsið á Stóru-Hámundarstöðum er nú. Fjárhúsin voru 10-20 m innan (suðaustan) við íbúðarhúsið. Sléttuð lóð umhverfis steinsteypt íbúðarhús.

1982: "Gerðin á Hámundarstöðum, þ.e. Háagerði og Miðgerði, voru sitt hvoru megin við núverandi þjóðveg, skammt NV af Ytri-Hámundarstöðum. Þar voru einhver garðlög umhverfis, og eru þau enn sýnileg við Hágerðið. Ekki er vitað til að búið hafi verið á Gerðunum, en gripahús hafa þar verið allt til þessa." Vesturströnd Eyjafjarðar, 190 - "Útihúsin Miðgerði, Háagerði efra og neðra og Hesthúsgerði voru hér í túninu. Nú halda sumir að ekki heiti gerði nema þar hafi verið búið. Ekki hef ég vanist þeim skilningi á gerði - en forn garðlög má rekja umhverfis þau." segir Haralds Davíðssonar á Stóru-Hámundarstöðum í bréfi til Þjóðminjasafns 6.5.1985. Í bréfi til sömu stofnunar 1993 segir hann enn fremur: "Fjárhúsin voru mörg og dreift um túnið. Talið var að með þessu væri auðveldara að koma áburði á túnið. ... Á Miðgerði var fjárhús með hlöðu, þau voru með tvennar dyr, tvo heygarda og fjórar krær. Þarna gat oft verið erfitt að koma vatni í fjárhúsin, það fennti svo mikið að læknum ... Nú stendur ekkert eftir af þessum gömlu húsum nema tóttir á Háagerði."

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Ey I.1, 14 sbr. Ö-Árs, 36; Bréf Haralds Gíslasonar á Stóru-Hámundarstöðum til Þjóðminjasafns 1985 og janúar 1993

EY-052:020 heimild um kolagröf 65°56.631N 18.25.522V

"Þjóðvegurinn liggur um Kvíhól [016] og Hesthúsmýri [053], neðan Háagerðis [006] en ofan Miðgerðis [019]. ... Á Miðgerðinu fannst kolagröf." segir í Örnefnalýsingu Eyjafjarðar. Nýrra íbúðarhúsið á Stóru-Hámundarstöðum stendur á Miðgerði. Rétt sunnan þess var fjárhús 019 áður. Engin merki sjást um kolagrafir á þessum slóðum en þær hafa verið á hólnum, skammt frá fjárhúsi. Sléttuð lóð umhverfis steinsteypt íbúðarhús.

"Kolagrafir hafa fundist í Hámundarstaðahálsi og ein gröf var skammt frá fjárhúsi. Voru þar kolaleifar í botni." segir Haraldur Davíðsson í bréfi til Þjóðminjasafns 1985.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Ey I.1, 14; Bréf Haralds Davíðssonar á Stóru-Hámundarstöðum til Þjóðminjasafns 6.5.1985

EY-052:021 *Smiðjuhóll* heimild um smiðju 65°56.545N 18.25.327V

"Smiðjuhóll var suðvestur frá baðstofuhorninu, hann hvarf undir heimveginn." segir í Örnefnalýsingu Eyjafjarðar. Smiðjuhóll var þar sem nú er heimreið að eldra íbúðarhúsinu á Stóru-Hámundarstöðum. Samkvæmt heimildamann var torfkofi 30-40 m neðan (norðaustan) við hlið á heimreið og taldi hann að það væri tóftin sem hóllinn hefði verið kendur við. Heimreið liggur nú þar sem kofinn var.

"Smiðjukofi var hér; hann fór undir heimveginn." Bréf Haralds Davíðssonar á Stóru-Hámundarstöðum til Þjóðminjasafns 6.5.1985. Baldvin Haraldsson man eftir tóft á þessum stað. Sléttað var úr henni þegar heimreiðin var lögð.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Ey I.1, 14 sbr. Ö-Árs, 36; Bréf Haralds Davíðssonar á Stóru-Hámundarstöðum til Þjóðminjasafns 1985

EY-052:022 *Torfholt* örnefni rista 65°56.702N 18.25.484V

"Þjóðvegurinn liggur út frá Miðgerði [019], vestanvert í Mýrarholti, sem öðru nafni heitir Torfholt, út yfir Löngumýri ..." segir í örnefnaskrá Árskógsstrandar. Torfholt er 100-150 m utan og neðan við (norðnorðaustan við) nýrra íbúðarhúsið á Stóru-Hámundarstöðum. Það er 200-250 m neðan við þjóðveg.

Holtið var ofan við þar sem nú eru útihús í landi Stóru-Hámundarstaða og náði til suðausturs. Þar eru

nú sléttuð tún.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Ey I.1, 14 sbr. Ö-Árs, 36

EY-052:023 *Efra-Hálskot* bæjarstæði býli

65°56.954N 18.26.834V




Tóftir Efra-Hálskots, horfi til norðausturs

"Þjóðvegurinn liggur ... út yfir Löngumýri, Langaholt og rétt ofan við tóftabrotin á Hálskoti. Þar líka kallað Efra-Hálskot, en tóftir niður við sjóinn Neðra-Hálskot. Beitarhús voru fyrrum á Efra-Hálskoti. Þar er mjög fallett bæjarstæði. Þaðan liggur Hálskotslæg (lækjarfarvegur) niður til sjávar við neðri tóftirnar." segir í Örnefnalýsingu Eyjafjarðar. "Niður ... um Hámundarstaðahálsinn fellur Garnalækurinn, bæjarlækur á Stóra-Hálsi meðan sá bær var og hét." segir í örnefnaskrá Árskógsstrandar. Efra Hálskot er fast neðan við þjóðveg en ofan við girðingu sem girðir af móa milli þjóðvegur og sjávar. Kotið er um 1,4 km utan (norðvestan) við bæ 001. Óræktarblettur milli þjóðvegur og girðingar. Svæðið er einungis um 20 m breitt.

Friðlýstar minjar. "Á báðum "kotunum" hefur fundizt mikið af kinda- og fiskibeinum." segir í örnefnaskrá Árskógsstrandar. Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns frá 1712 segir um býlið: "Stóreháls, en kallast nú Hálskot, fornt eyðiból í Hámundastaðalandi utarlega og eru þar byggingamerki af tófta og garða leifum en ekki búið verið frá gamalli tíð. Aftur má hjer byggja, því túnstæði er sæmilegt." - á líklega við Neðra-Hálskot. Í Vesturströnd Eyjafjarðar er kotunum lýst svona: "Samkvæmt athugun 13. ág. 1982, eru þarna miklar rústir, dreyfðar um allstórt svæði, frá þjóðveginum og niður undir sjóinn, beggja megin við Hálskotslágina, en þó einkum ofan (vestan) við hana. Á barði, þar sem láginn beygir í vestur, beint niður af (Efra) - Hálskoti eru rústir aðalbæjarins (Stóraháls?), vallgrónar grasi sem bendir til að þær séu eitthvað yngri en elztu tættur á þessu svæði, sem eru víða lynngrónar. Þetta hefur sýnilega verið allstór bær, fremst er skálatótt, um 12 x 4 m og 4-5 smærri hús viðbyggð. Í næsta nágrenni eru svo tættur gripahúsa, beggja megin láganna. Einnig eru þarna einkennilegar hring- eða sporöskjulaga tættur, sem gætu hafa verið fjárborgir eða réttir, og stærri afgirt hólfr, sem líklega hafa verið matjurtagarðar eða akurgerði. Neðan við lágina er nokkuð slétt svæði, er kallast Grundir, vaxið grasi og lyngi. Var það heyjað til skamms tíma og vatni veitt á það ofan úr fjallinu. Telja sumir það vera leyfar hins forna túns ... Alls munu vera eitthvað um 20 tættur á öllu svæðinu, sem er umgirt háum og miklum torfgarði að norðan." Í bréfi Haraldar Davíðssonar til Þjóðminjasafns frá 1985 segir: "Í landi Stóru-Hámundarstaða eru rústir af tveimur eyðibýlum, Stórahálsi og Hálskoti, ásamt fjölda tóttar er tengjast þessum býlum, einkum Stóra-Hálsi. Tóttirnar eru misstórar og virðast misgamlar. Margar þeirra eru hringlaga (fjárborgir?). Þarna er líka lítið sporöskjulagað gerði í brekku (Garður? eða akur?) ... Á þessu svæði [þ.e. frá 023, 024 til 011] hef ég talið 25 rústir auk bæjartóttar, en líklega eru þær fleiri." Í bréfi til sömu stofunar 1985 segir hann: "Í landi Stóru-Hámundarstaða eru rústir tveggja eyðibýla, Efra-Hálskots og Neðra-Hálskots, sem áður mun hafa heitið Stóri-Háls. ... Þarna er fjöldi tóttar. Margar tóttanna eru hringlaga og sumar þeirra stórar. Ekki er alveg vitað hvernig þær voru notaðar en þaklausar hafa þær verið. Í ytra barmi Hálskotlágur er sporöskjulaga garður, en ekki vita menn hvað hefur verið ræktað þar."

Tóft Efra-Hálskots er sú eina sem er ofan girðingar, hún er merkt með friðlýsingarskilti en ekki er Neðra-Hálskot merkt með slíku. Hér er tóftin ofan girðingar, Efra-Hálskot skráð ein og sér en



aðrar tóftir á svæðinu, innan girðingar, skráðar með Neðra-Hálskoti/Stóra-Hálsi 024 þó hugsanlegt sé að einhverjar þeirra hafi í raun tilheyrt efra kotinu. Efra-Hálskot er stök tóft sem snýr norðaustur-suðvestur. Hún er 16-17 m á lengd en um 6 m á breidd þar sem hún er breiðust. Tóftin er grasi vaxin og virðist eingöngu hlaðin úr torfi, mest 0,6-0,7 m á hæð. Hún er þrískipt. Suðvestasta hólfíð er þeirra stærst eða 4,5 X 2,5 m að stærð. Milli þess og miðhólfins er veggur sem alveg er hrúninn niður. Hann er nú um 2 m á breidd. Miðhólfíð er 2 m í þvermál og norðaustan við það er annað hólf sem er 2,5 X 2 m að stærð. Ekki eru greinileg op milli hólfanna né heldur á útveggi tóftarinnar. Girðing gengur yfir norðausturvegg tóftarinnar og er sá endi hennar óljós. Tóftin er fast neðan (norðaustan) við þjóðveg og í mikilli hættu af þeim sökum.

Hættumat: hætta, vegna vegagerðar

Heimildir: Ö-Ey I.1, 14 sbr. Ö-Árs, 37, Vesturströnd Eyjafjarðar, 191 og JÁM X, 100

EY-052:024 *Neðra-Hálskot* bæjarstæði býli 65°57.141N 18°26.792V


"... tóftir niður við sjóinn Neðra-Hálskot." segir í Vesturströnd Eyjafjarðar " liggur Hálskotslág (lækjarfarvegur) niður til sjávar við neðri tóftirnar. Austan þeirra heitir Grundir. Þar gæti hafa verið tún. Þar er forn öskuhaugur með fiskbeinum og kindabeinum, svo að einhvern tíma hefur staðið býli, hvort sem það hefur verið upprunalegi Hámundarstaðabærinn eða annað." segir í Örnefnalýsingu Eyjafjarðar. "Niður ... um Hámundarstaðahálsinn fellur Garnalækurinn, bæjarlækur á Stóra-Hálsi meðan sá bær var og hét." segir í örnefnaskrá Árskogsstrandar. Neðra-Hálskot samansendur af fjöldamörgum tóftum og gerðum. Þau eru 1,2-1,4 km norðvestan við bæ 001. Um er að ræða túnstæði í aflíðandi halla frá þjóðvegi og niður að sjó, alls um 375 X 700 m stórt svæði. Viðast er svæðið grasi gróð þótt lynggróður hafi skotið niður rötum hér og þar. Túnin eru grasi vaxin, hæðótt og nokkuð þýfð á köflum.

Neðra-Hálskot er friðlýstar minjar. Í örnefnaskrá Árskogsstrandar er svæðinu lýst á eftirfarandi hátt: "Á Neðra-Hálskoti eru mikil tóftabrot og garðhleðslur margar. Neðri rústirnar eru allar stærri í sniðum ...". Tóftanna er getið í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns en þar segir: "Stóreháls, en kallast nú Hálskot, fornt eyðiból í Hámundarstaðalandi utarlega og eru þar byggíngamerki af tófta og garða leifum en ekki búið verið frá gamalli tíð. Aftur má hjer byggja, því túnstæði er sæmilegt." Kristjan Kaalund fór um svæðið 1877 og getur um staðinn: "Þegar komið er yfir háhálsinn, eru tóftir af eyðibýli, Hálskot. Neðan við þessa bæi nær sjónum eru miklar tóftir og fallett túnstæði; þarna er talið að verið hafi Dalsbær, sem nefndur er í Valla-Ljóts sögu." Í Vesturströnd Eyjafjarðar er einnig stutt lýsing á svæðinu en þar segir: "Samkvæmt athugun 13. ág. 1982, eru þarna miklar rústir, dreyfðar um allstórt svæði, frá þjóðveginum og niður undir sjóinn, beggja megin við Hálskotslágina, en þó einkum ofan (vestan) við hana. Á barði, þar sem láginn beygir í vestur, beint niður af (Efra) - Hálskoti eru rústir aðalbæjarins (Stóraháls?), vallgrónar grasi sem bendir til að þær séu eitthvað yngri en elztu tættur á þessu svæði, sem eru víða lynggrónar. Þetta hefur sýnilega verið allstór bær, fremst er skálatótt, um 12 x 4 m og 4-5 smærri hús viðbyggð. Í næsta nágrenni eru svo tættur gripahúsa, beggja megin lágarrinnar. Einnig eru þarna einkennilegar hring- eða sporöskjulaga tættur, sem gætu hafa verið fjárborgir eða réttir, og stærri afgirt hólf, sem líklega hafa verið matjurtagarðar eða akurgerði. Neðan við lágina er nokkuð slétt svæði, er kallast Grundir, vaxið grasi og lyngi. Var það heyjað til skamms tíma og vatni veitt á það ofan úr fjallinu. Telja sumir það vera leyfar hins forna túns ... Alls munu vera eitthvað um 20 tættur á öllu svæðinu, sem er umgirt háum og miklum torfgarði að norðan." Haraldur Davíðsson ábúandi á Hámundarstöðum skrifaði fyrst um staðinn í bréfi til Jóhannesar Óla Sæmundssonar 5.3.1967. Þar segir hann: "Ath. Hvar voru hinir fornu Hámundarstaðir? Fyrstu landnámsmennirnir hljóta að hafa treyst á veiði úr sjó. Nálægt Hál[si] er engin vör eða lending og sjávarbakkar mjög erfiðir. Það mælir gegn Hálskoti sem fyrsta dvalarstað." Tæpum tveimur áratugum síðar (1985) skrifaði Haraldur bréf til Þjóðminjasafns um fornleifar á Hámundarstöðum. Þar segir hann um Hálskot: "Í landi Stóru-Hámundarstaða eru rústir af tveimur eyðibýlum, Stórahálsi og Hálskoti, ásamt fjölda tóttu er tengjast þessum býlum, einkum Stóra-Hálsi. Tóttirnar eru misstórar og virðast misgamlar. Margar þeirra eru hringlaga (fjárborgir?). Þarna er líka lítið sporöskjulagað gerði í brekku (Garður? eða akur?) ... Á þessu svæði [þ.e. frá 023, 024 til 011] hef ég talið 25 rústir auk bæjartóttu, en líklega eru þær fleiri." Haraldur getur rústanna aftur í öðru bréfi til safnsins 1993: "Í landi Stóru-Hámundarstaða eru rústir tveggja eybýla, Efra-Hálskots og Neðra-Hálskots, sem áður mun hafa heitið Stóri-Háls. ... Þarna er fjöldi tóttu. Margar tóttanna eru hringlaga og sumar þeirra stórar. Ekki er alveg vitað hvernig þær voru notaðar en þaklausar haf þær verið. Í ytra barmi Hálskotlágur er sporöskjulaga garður, en ekki vita menn hvað hefur verið ræktað þar. Tún hefur verið neðan við Neðra-Hálskot, eða Stóra-Háls, og sér þar fyrir áveituskurði."

Samtals fundust um 25 tóftir og gerði þegar svæðið var skráð. Ekki er ólíklegt að á svæðinu reynist fleiri þústir. Um 500 m langur vallargarður (052:043) afmarkar svæðið til vesturs. Hér á eftir verður svæðinu lýst og hverri tóft gefinn bókstafur til aðgreiningar. Norður er í lýsingunni beint niður

að sjó, vestur út með firði, austur inn í fjörð og suður upp í fjallshlíð. Er þetta nokkrum gráðum austar en raunveruleg norðurátt. Byrjað verður á þeirri tóft sem er umfangsmest og hefur oft verið nefnd "bæjarrústin". Hún er þó unglegri en margar rústanna og gæti hafa verið byggð upp aftur eftir að bærinn fór í eyði eða hann færður.

Bæjarrústin (A) er rúmlega 250 m neðan við þjóðveg og nálægt 250 m austan við



vallargarðinn (052:043). Tóftin er um 23 X 20 m að stærð og virðist skiptast í 6 hólf. Gangur hefur verið eftir tóftinni endilangri (norður-suður) en tvö op eru á vesturhlíð. Fast austan við tóftina er eins og hafi verið lítið viðbyggt hólf en það er of óljóst til að hægt sé að greina nákvæmt lag. Veggir (A) eru sæmilega stæðilegir og hún er grasi gróin. Hæð þeirra er allt að 1 m. 15 m norðan við (A) er önnur tóft (B), töluvert fornlegri. Hún er 16-17 X 7 m að stærð. Þessi tóft er mjög sigin og er erfitt að greina innra lag hennar. Þó hefur hún líklega verið þrískipt og op er á norðurvegg hennar. Tóftin er vaxin mosa og grasi og er mest 0,3 m á hæð. Um 14 m vestan við (B) er önnur tóft svipuð, (C). Hún er 22 X 8 m að stærð og er jafnvel enn útlattari og fornlegri en (B) eða 0,2 m á hæð. Tóftin er gróin grasi og mjög erfitt er að greina innri lögun, þó virðist hún, líkt og (B) skiptast upp í þrjú hólf. Tóftir (B) og (C) standa báðar nálægt brekkubrún og tekur nokkuð brött brekka við fast norðan við þær. Bæði (B) og (C) snúa austur-vestur. Um 45 m vestan við (C) er enn önnur tóft (D) á sömu brekkubrún og er brekka fram af henni til bæði norðurs og vesturs. Í raun virðist þetta vera e.k. gerði sem er 10 X 7 m að stærð. Suður

úr gerðinu er þýft svæði og er vel hugsanlegt að þar hafi staðið lægra/eldra gerði. (D) er vaxið grasi og veggir eru lágir eða 0,2 m á hæð. Vestan við gerðið tekur eins og áður segir við brekka ofan í eins konar dæld eða gil. Vestan þess tekur við önnur hæð og á henni eru nokkrar tóftir. Fyrst ber að nefna tóft sem er aðeins ofar í hlíðinni en (D) (og eru um 40 m á milli). Þessi tóft (E) er lyngivaxin, 9 X 6 m að stærð og snýr austur-vestur. Op er austast á norðurvegg og tóftin er fremur sigin eða 0,3 m á hæð. 15 m neðan við (E) er hringlaga, lyngivaxið gerði (F) á norðaustur horni hæðarinnar. Norðan og austan við er nokkuð brött brekka. (F) er 12 m í þvermál en veggir þess eru um 2 m á breidd (og 0,2 m á hæð). Hluti af austurvegg gerðisins er alveg óskýr og hlaupinn í þúfur. 40-50 m vestan við (E) er annað gerði (G). Það er sporöskjulaga, 14 m í þvermál norður-suður en 21 m í þvermál austur-vestur. Þykkt veggja er um 2 m. Innan gerðisins norðvestast má óljóst greina lítið hól, 7 X 3 m að stærð. Norðurhlíð gerðisins er þó öll mjög óskýr. 20 m norðvestan við (G) er lítil tóft (H) sem minnir einna helst á heystæði. Tóftin er á sömu hæð og (E), (F) og (G). Hún er um 40 m frá vallargarði (052:043) sem afmarkar svæðið til vesturs en um 150 m ofan við vegslóða sem liggur neðan við svæðið og til austurs. Tóftin er fagurgræn og stendur hærra en umhverfið. Hún er 7 X 6 m að stærð en ekki er greinanleg innri veggbrún tóftarinnar, né heldur er hægt að greina op á henni. Í brekkunni sem hallar niður (til norðurs) frá hæðinni er stórt, sporöskjulaga gerði (I). Það er um 140 m austan við vallargarð sem afmarkar svæðið til vesturs en 40 m ofan við manngert vatn á flatlendinu fyrir neðan. Gerðið er 22 m í þvermál austur-vestur en 38 m í norður-suður. Það er lyngivaxið, en greinilegt þó það sé aðeins um 0,3 m á hæð. Ekkert op er á gerðinu. 30 m norðaustan við gerðið (I) er lítil tóft (J) á lágri hæð á flatlendi. Hún er um 50 m suðaustan við vatnið. Tóftin er hringlaga og er 4 X 5 m að stærð. Hún er lyngivaxin og vesturhluti hennar er nú alveg óskýr. Um 23 m norðan við (J) er tvískipt tóft (K), 10-15 m austan við vatnið. Hún er 12,5 X 6 m að stærð og er fremur skýr en veggir hennar eru 0,4 m á hæð. Op er á austurvegg nyrðra hólfs tóftarinnar. Hún er lyngivaxin. Víkur nú aftur sögunni heim að bæ (A).

Rúmlega 50 m austan við bæ (A) og örlítið neðar (og nær hæðarbrúninni) er lítil, ferhyrningslaga tóft (L). Tóftin er 60-70 m austan við (B). Ekki er greinilegt op á tóftinni sem er einföld, 10 X 8 m á stærð, snýr norður-suður og er gróin mosa að innan. Vesturveggur tóftarinnar er óskýr en þó greinilegur. Um 50 m norður (niður) af (L) er tóft (M) á lágri hæð í sléttlendinu. Tóftin virðist skiptast í þrjú hól og er 10 X 15 m að stærð. Hún er sigin (hæð 0,2 m) og lyngivaxin. Vestan við þessa hæð tekur við fagurgrænt, grasi gróið svæði, e.t.v. gamalt tún. Hringlaga gerði (N) er um 120 m norðvestan við (M) og fast neðan við vegslóða sem liggur neðan (norðan) við tóftasvæðið til austurs frá vallargarði. Er þetta neðsta tóftin á svæðinu. Gerðið er alveg kringlótt og er 14 m í þvermál. Það er lyngivaxið, veggir þess eru um 2 m á breidd en 0,3 m á hæð. Um 50 m austan við bæinn (A) og 14 m ofan við (L) er lítil, einföld tóft (O). Hún er 7,5 X 6 m að stærð og op er á henni austast á norðurvegg. Tóftin er lyngivaxin og veggir hennar eru 0,4 m á hæð. Um 15 m ofan (sunnan) við bæ (A) er ferhyrningslaga gerði/tóft (P) á hól. Tóftin er 12 X 10 m að stærð og ekki er greinilegt op á henni. Hún er mjög sigin og óskýr, vaxin lyngi og grasi. Hún virðist einföld. Ofan við hólinn/hæðina er önnur hæð sem er fremur tóftaleg (30 X 15 m að stærð) þó enga vegg sé hægt að greina þar nú. Um 80 m ofan við (O) er lítil, ferningslaga tóft (Q). Hún er 6 X 5 m að stærð og með opi á suðvesturhorni. Tóftin er lyngivaxin og hæð veggja er 0,3 m. Um 120 m ofan við (Q) er tóft (R) sem er 7,5 X 6 m að stærð. Hún er grasi vaxin en suðurveggur hennar er mjög óskýr og virðist tóftin hafa verið niðurgrafin. Ekkert op er greinlegt á tóftinni sem er fast vestan við litla lækjarsprænu sem rennur niður hlíðina og 10 m neðan við girðingu sem er samsíða þjóðvegi. 25 m suðvestan við (R) sér móta óljóst fyrir siginni tóft (S). Hún er 9 X 8 m að stærð en hartnær ógreinileg. Þessi tóft er allra efst á tóftasvæðinu og liggur girðingin og norðurhluti þeirrar tóftar sem hér er skráð sem Efra-Hálskot (052:024) yfir tóftina og ekki ólíklegt að 024 hafi síðar verið byggð upp á grunni (S) að hluta. Tóft (T) sem virðist tvískipt er um 100 m norðvestan við (S) er og 130 m austan við vallargarð (052:043). Hún er 6-7 X 12 m stærð og eru bæði hól hennar svipuð að stærð. Ekki er merkjanlegt op á milli þeirra eða á útveggjum. Tóftin er vaxin lyngi. Frá henni virðist hafa gengið garður til vesturs. Hann má rekja í um 50 m en er þó mjög óljós. 12 m neðan við (T) er fagurgræn og ræktarleg hæð þar sem ekki er ólíklegt að mannvistarleifar megi finna. 40 m vestan við þessa hæð er önnur stór hæð þar sem nokkrar tóftir eru. Fyrst ber að nefna tvískipta tóft (U) sem er 17 X 6,5 m að stærð. Þessi tóft er skýrust á hólnum, vestara hólfið er mun minna en ekki er greinilegt op á tóftinni. 17 m norðan við (U) er lítil tóft (V) á sama hól. Hún er 8 X 6 m að stærð og mjög ógreinileg. Ekki er hægt að greina op og tóftin virðist einföld. Á því svæði sem hún er virðast hugsanlega hafa verið fleiri hól eða tóftir en svæðið er nú orðið svo óskýrt að erfitt er að segja til um lögun einstakra hólf. 20 m neðan við fagurgrænu hæðina sem áður var getið er önnur, fagurgræn hæð, hálfmánalaga. Ekki eru greinanlegar tóftir á henni þó svo að auðvelt sé að geta sér til að þar hafi einhvern tíma hús staðið. 20 m norðvestan við þessa hæð er tóft (X) á lágri hæð. Tóftin er mjög óljós, 6 X 8-9 m að stærð. Hún virðist tvískipt með opi á norðurvegg. Austan við tóftina virðist hægt að greina veggjarbrot en óljóst er hvort þau eru í framhaldi af tvískiptu tóftinni eða önnur tóft á sömu hæð. 35 m norðvestan við (X) er tóft á hæð (Y). Milli þessara hæða liggja miklar reiðgötur (052:045) í átt til

Stóru-Hámundarstaða. Tóftin (Y) er syðst á hæðinni en nokkur rani gengur áfram til norðurs. Tóftin sjálf er fagurgræn og 10 X 7 m að stærð. Hún er ferhyrningslaga en ekkert op er greinanlegt á henni. Útveggir hennar er mjög greinileg en innveggir óljósari. Frá (Y) eru um 100 m vestur að vallargarði (052:043) en um 50 m að (E). Upp við vallargarðinn, elítið ofar en neðan við þar sem göturnar liggja í gegnum op á tungarði er gerði (Z). Gerðið er 24 X 12-13 m að stærð. Það snýr norður-suður og ekki er greinilegt op á því. Gerðið er lyngivaxið og hæð veggja er 0,4 m. Eru þá upptaldar þær tóftir sem skráðar voru við vettvangsrannsókn haustið 2002.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Ey I.1, 14-15 sbr. Ö-Árs, 37; Bréf Haralds Davíðssonar á Stóru-Hámundarstöðum til Jóhannesar Óla Sæmundssonar 5.3.1967; KK III, 77 og Friðlýsingaskrá

EY-052:025 kuml legstaður

65°57.005N 18°27.283V

"Austurendi [Gullkeldumels] mætti heita Dysjarmelur, því að þar fundust er unnið var í vegagerð tvær hrossbeinagrindur, mannabein og spjót." segir Matthías Þórðarson í Árbók hins íslenska fornleifafélags. Utan við Efra-Hálskot 023 má sjá 3-4 leiðir. Fyrst ber að nefna núverandi þjóðveg sem liggur um hálsinn rétt ofan (suðvestan) við 023. Ofan hans er þjóðvegur frá 1950 sem efsti slóðinn en milli hans og núverandi þjóðvegur eru 1-2 eldri vegir. Rafmagnslína liggur nú um Gullkeldu ofan við núverandi þjóðveg og er einn rafmagnslínustaurinn 30 m innan við hæðina þar sem komið var niður á beinin. Umhverfis eru lyngivaxnar hæðir en deiglendi þess á milli.

"Haustið 1930 fann Kristján E. Kristjánson á Hellu mannhauskúpu og stórt spjót í melhól á vestanverðum Hámundarstaðahálsi (Svarfaðardalsmegin), spölkorn norðan við eyðibýlið Hálskot, en innan við svonefnda Gullkeldu. Áður höfðu fundizt tvær hrossbeinarindur á þessum sama mel því að möl var tekin þarna til vegarins. Kristján segir svo í bréfi, að spjótið hafi staðið í malarstæðunni, um 50 sm neðan við grassvörð. "Yfir því voru nokkrar flatar steinhellur og slakki í yfirborðið ... Undir þessum hellum fannst þó ekkert frekara. Höfuðkúpan var í nokkurra metra fjarlægð þarna frá, enda hafði hún borizt til með því, sem hrúnið hafði. Slakkinn í yfirborðið var um 2 1/2 m á lengd og tæpir 2 m á breidd. Hrossbeinin voru í nokkurra metra fjarlægð þarna frá og nær því, sem höfuðkúpan fanst. Annað hefir ekki fundizt á þessum stöðvum." Spjótið (Þjms. 11434) er nú ekki heilt, aðeins fjöður og leggur, falinn vantar, en þetta er ótvíræð K-gerð, sverð 21. / Kristján segir fyrr í bréfi sínu: "Orð hefir leikið á, að fornanna dys væri skammt þarna frá, og hefi ég heyrt, að eitthvað hafi verið grafið í þeim stað, en árangurslaust." Sömuleiðis telur Matthías Þórðarson líklegt, að kuml þetta hafi verið rænt, enda bendir margt til þess. En orðrómur þessi gæti þó átt við einhvern annan stað í landi Hámundarstaða, því að þar hafa augljóslega verið fleiri kuml." sbr 026, 027 og 028 1982: "Umræddur melhóll er rétt fyrir neðan veginn, yzt á hálsinum, við Gullkelduna að austanverðu, og er djúp malarkrús í honum. (hugsanegt er að keldan dragi nafn sitt af munum sem þarna hafa fundist úr fornum kumlum.)" Vesturströnd Eyjafjarðar, 198.

Frá eldri veginum (sem er neðar) upp að þeim eldri (1950) er malarhæð, en djúp skál er nú í hana, frá neðri veginum að þeim efri. Fast ofan við efri veginn er á svipuðum stað hæð þar sem möl hefur verið tekin að norðaustan og suðvestan. Suðvestan í þessari hæð er grasi gróid og þýft. Samkvæmt Baldvini Haraldssyni var það á þessum slóðum sem beinin fundust en hann vissi ekki hvort þau hefðu verið neðan eða ofan við efri veginn.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: MÞ í Arb 1933-36, 38-39; KEKH, 132

EY-052:026 kuml legstaður

"Sjálfur hef ég [Kristján Eldjárn] fundið fornan haug í austanverðum Hámundarstaðahálsi, er sýnilega hafði verið rofinn fyrir ekki löngu. Haugurinn var vestan þjóðveggarins og bar allhátt. Hann var 4-5 m í þvm., upprunaleg hæð óviss. Djúp laut var í koll hans og neðst í henni geysistór steinn. Í haugnum fann ég ekkert nema beinamylnu, líklega úr hrossum, og hrosshaus nærri því heilan fann ég úti við jaðar haugsins." segir í Kuml og haugfé.

Fjölmarginir melhólar eru á hálsinum og ekki vitað nákvæmlega hvar kumlið var. Skrásetjari fór um hálsinn og svipaðist eftir hól sem gæti átt við lýsingu Kristjáns en án árangurs.

Heimildir: KEKH, 132

EY-052:027 mannabein legstaður

65°56.549N 18°25.731V

"Um líkt leyti [1920-30] var að blása upp dys fyrir ofan Háagerðið [006]. Var talið að þar kæmu fram bein úr barni." segir Haraldur Davíðsson í bréfi til Þjóðminjasafns. "Þá hefur Ingólfur Davíðsson grasfræðingur sagt mér [KE], að hann hafi fundið upplásna mannsbeinagrind á "ásnum" fyrir ofan fjárhús á Stóru-

Hámundarstöðum, þegar hann var drengur." segir í Kuml og haugfé. Umhverfi á þessum slóðum hefur nú töluvert verið breytt. Beininn fundust beint ofan við nýrra íbúðarhúsið á Stóru-Hámundarstöðum, 130 m ofan (sunnan) Þjóðvegur en um 100 m ofan við fjárhústóftina á Háagerði sem enn er greinileg 006. Hæðirnar eru grasi vaxnar og smáþýfðar.

1982: "Að sögn Haraldar Davíðssonar bónda á Hámundarstöðum var þetta beinagrind úr barni." Vesturströnd Eyjafjarðar, 198. Á þessum stað benti heimildamaður (BH) á tvær litlar hæðir með 10-15 m bili og vissi hann ekki í hvorri þeirra beinin fundust. Hann fór síðar með jarðýtu á svæðið en faðir hans, Haraldur Davíðsson stoppaði hann í þá mund að hann kom að hæðunum og sagði að hann færi í beinin ef hann héldi áfram. Lét Baldvin þá af jarðýtu framkvæmdum á þessum slóðum. Hnit var tekið á neðri hólnum. Á honum er dæld í toppinn, mjög grunn og ógreinieg (0,2-0,3 m). Hugsanleg er að þar hafi beinin fundist.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: KEKH, 133 og Bréf Haralds Davíðssonar á Stóru-Hámundarstöðum til Þjóðminjasafns 6.5.1985

EY-052:028 mannabein legstaður

"... 1951 urðu jarðýtumenn varir mannabeina uppi á hálsinum, en um þau var ekki hirt. Ekki urðu menn varir við neina forngrípi þar." segir í Kuml og haugfé. Beininn fundust við vegagerð þar sem nú má sjá leifar margra slóða, eldri og nýlega ekki langt frá merkjum milli Háls og Stóru-Hámundarstaða. Ekki er nákvæm staðsetning kunn og heimildamaður kannaðist ekki við staðinn. Ekki hægt að staðsetja staðinn með 50 m skekkju.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: KEKH, 133

EY-052:029 *Gullkelda* örnefni

65°56.994N 18°27.412V

"Mýrarsundin frá [Gullkeldumel] og að Gullkelduhæð (hreppamörkunum) kallast Gullkelda eða Gullkeldusund og þar er Gullkeldulækur. Engar sagnir vitna um tilurð þessa ágæta örnefnis en ætla mátti að það vísaði til nokkurs atburðar, eða hafi a.m.k. gert það." segir í Örnefnalýsingu Eyjafjarðar "Neðri grein Dalvíkurvegur út frá Efra-Hálskoti liggur um Gullkeldusund, yfir Gullkeldu, sem er lækur utan við Gullkeldumel, og í stórum boga út og vestur fyrir Gullkelduhæðina, en hún er á hreppamörkunum. Þessi vegur var lagður um 1920. Rúmlega þrjátíu árum síðar var efri vegurinn lagður." segir í Örnefnalýsingu Eyjafjarðar. Gullkelda er mýrardrag sem liggur suðaustur-norðvestur beggja vegna Þjóðvegur 1,5-1,7 km vestan við bæ 001. Við Gullkeldu er Gullkeldumelur og þar fannst kuml 025. Hugsanlegt er að nafnið sé þannig til komið. Á þessu svæði skiptast á melar og mýrarflákar.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Ey I.1, 15; Ö-Árs, 37

EY-052:030 *Ljúflingshóll* heimild um huldufólksbústað

65°56.842N 18°25.858V

"Utan og ofan við Dagsláttarnar er ríslágur álfabústaður, Ljúflingshóllinn með dálitlum steini á kalli. Um hann er eftirfarandi saga: "Fyrir svo sem hundrað árum var fjármaður frá Stóru-Hámundarstöðum á heimleið með kindahóp. Allt í einu brast á dimmviðrishið og tapaði maðurinn áttunum. Þá birtist honum kvenmaður, sem benti út í sortann. Maðurinn vonaði að þetta væri góðviljuð vera og hlýddi henni, þó að illa gengi að hnika kindunum, því að það var upp í móti veðrinu. Skyndilega rofaði svolítið til og hvarf þá konan, en jafnsnemma djarfaði fyrir fjárhúsunum. Sá maðurinn þá að hann hafði verið nálægt Ljúflingshóli þegar konan birtist, en talið er að þar búi góðviljaðir álfar og hefur sú trú manna jafnan haldist síðan." segir í Örnefnalýsingu Eyjafjarðar.

Ljúflingshóll er um 650 m utan og neðan (norðvestan) við bæ 001 og rúmum 250 m neðan (norðaustan) við Þjóðveg. Umhverfis hóllinn eru sléttuð tún en hóllinn er ósléttuður.

"Litlar sagnir fylgja örnefnum, þó átti huldukona að búa í Ljúflingshóli og var hún velviljuð - hjálpaði eitt sinn smalamanni svo hann komst heim með fjárhóp sinn í vonskuhríð." Bréf Haralds Davíðssonar á Stóru- Hámundarstöðum til Þjóðminjasafns 6.5.1985. Hóllinn er þýfður og grasi vaxinn og í toppinn er hann fagurgrænn. Þar stendur stór steinn, tæpur 1 m í þvermál en 0,3 m á hæð.

Hættumat: hætta, vegna sléttunar

Heimildir: Ö-Ey I.1, 15-16 sbr. Ö-Árs, 36 og Bréf Haralds Davíðssonar á Stóru-Hámundarstöðum til Þjóðminjasafns 6.5.1985

EY-052:031 *Stekkurinn* heimild um stekk

65°57.052N 18°25.777V

"Utan og neðan við Ljúflingshól [030] eru mörg örnefni kennd við Stekkinn, sem þar er, svo sem Stekkjarmýri, Stekkjarholt, Stekkjarhóll, Syðri- og Ytri-Stekkkjarlækur. Og niðri við sjóinn er

Stekkjaraun (klungurfjara) við Stekkjarvík." segir í Örnefnalýsingu Eyjafjarðar. "Stekkur var utan við Stekkjarlækinn, niður við sjóinn. Fráfærur lögðust hér af árið 1909 en stekkurinn var notaður lengi eftir það, þegar stíjað var." segir í örnefnaskrá Árskógsstrandar. Stekkurinn var um 900 m utan og neðan við (norðvestan) við 001, neðst í núverandi í túni. Á þessum stað er nú skýli fyrir kindur. Umhverfis eru sléttuð tún þar til tekur við þverhnipt brún niður til sjávar.

"Fráfærur lögðust hér af 1914 en stíjað var eitthvað lengur. Sléttað var úr torfkviunum og síðasti stekkurinn fór í túnið." Bréf Haralds Davíðssonar á Stóru-Hámundarstöðum til Þjóðminjasafns 6.5.1985. sjá einnig 050.

Húsi af vörubíl hefur verið komið fyrir á þessum stað og það notað sem skýli fyrir kindur. Neðan við það eru steinar á við og dreif og er hugsanlegt að það séu menjar um stekkin. Greinileg merki um stekkin eru þó ekki sjáanleg.

Hættumat: hættu, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Ey I.1, 16 sbr. Ö-Árs, 36; Bréf Haralds Gíslasonar á Stóru-Hámundarstöðum til Þjóðminjasafns janúar 1993

EY-052:032 *Sellág* seltóftir

65°57.472N 18°26.930V

"[Frá Ytrivík og Syðrivík] liggur Sellágin, ævafornt vatnsfarvegur, langt upp eftir hálsinum. Þar eru selrústir." - "Í Sellág eru nokkrar tóftir en óvíst er af hverju þær eru ..." segir í Örnefnalýsingu Eyjafjarðar. Rústir eru neðarlega í Sellág, um 900 m neðan (norðan) við þjóðveg og um 2 km utan og neðan (norðvestan) við bæ 001. Þar sjást tvær tóftir. Þær eru byggðar yst í lautinni upp við mikinn hæðarhrygg.

Tóftirnar eru norðvestarlega í lautinni, upp við hæðarhrygg sem afmarkar Sellágina að norðvestan (utan). Um Sellágina rennur lækur og í botni hennar er grasi vaxið. Hlíðarnar sem afmarka lágina að norðvestan og suðaustan eru hins vegar vaxnar lyngi.

Tvær tóftir eru á þessum stað. Sú ytri er fornlegri og er tvískipt. Hún er 7,5 X 5 m að stærð og er op á suðausturhlíð hennar. Suðvesturveggur hennar er fremur óskýr og tóftin er öll sigin. Op er milli hólfa en það ytra er byggt upp í brekkuna. 1 m innan við tóftina er önnur tóft. Hún snýr norður-suður, skáhallt á fyrnefnda tóft. Þessi tóft er ferhyrningslaga og einföld. Hún er 6,5 X 4,5 m að stærð. Hugsanlegt er að op hafi verið yst á norðurvegg tóftarinnar. Lítil lækur rennur fast innan við tóftina sem virðist nýlegri en ytri tóftin. Báðar tóftirnar eru grasi grónar.

Hættumat: engin hættu

Heimildir: Ö-Ey I.1, 16 sbr. Ö-Árs, 37; Bréf Haralds Gíslasonar á Stóru-Hámundarstöðum til Þjóðminjasafns janúar 1993; Veturströnd Eyjafjarðar, 193

EY-052:033 *Sellág* heimild um huldufólksbústað

65°57.579N 18°26.811V

"Gamalt fólk heyrði ég segja að frá [Sellág sbr. 032] rói huldumenn til veiða út á Hríseyjarund, það væru beinlins verstöð þarna í Sellágarvíkunum." segir í Örnefnalýsingu Eyjafjarðar. Nokkuð brattur bakki er niður að sjó frá Selláginni. Norðar gengur klettasker út í sjó. Sellág er um 2,2 km utan og neðan (norðvestan) við bæ 001. Sellág er grasi gróin lág milli tveggja melhryggja.

Hættumat: engin hættu


Heimildir: Ö-Ey I.1, 16

EY-052:034 frásögn af mógröfum

65°56.798N 18°24.909V

Baldvin Haraldsson man eftir mógröfum þar sem nú er óræktarblettur neðan við grænfeldursrækt rúnum 500 m NNA við bæ. Grafirnar voru um 30 m ofan við þar sem tekur við brött brekka ofan í sjó. Óræktarblettur.

Engin ummerki mógrafanna eru nú merkjanleg.



Hættumat: hætta, vegna ábúðar

EY-052:035 frásögn af mógröfum 65°56.716N 18°24.831V

Baldvin Haraldsson man eftir svarðargröfum um 450 m norðaustan við bæ 001. Þar sem grafirnar voru er nú skurður í tünnum milli bæjar og sjávar.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

EY-052:036 *Búðarmýri* heimild um sjóbúð 65°56.807N 18°24.908V

"Frá jaðri gamla túnsins allt til sjávar heitir Búðarmýri, kennd við sjóbúðina, sem þar stóð, því heimræði var alltaf nokkurt úr Hámundarstaðavör þó að lending væri hvergi nærri góð." segir í Örnefnalýsingu Eyjafjarðar. sbr. 007 "Sjóbúð var hér á sjávarbakkanum og eru þar veggjabrot - og heitir bakkinn þar líka Hamarinn, en mýrin fyrir ofan Búðarmýri." segir í örnefnaskrá Árskógsstrandar. "Sjóbúðir voru þar á bakkanum og sér þar enn fyrir tveimur tóttum." segir Haraldur Davíðsson í bréfi sínu til Þjóðminjasafns. Sjóbúðirnar voru rúmum 500 m NNA við bæ 001. Neðan við þar sem búðirnar stóðu tekur við snarbrattur bakki að sjó en ofan við er grænfoldursrækt. Engin merki búðanna sjást en skotbyrgi úr timbri er nú á svipuðum stað.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Ey I.1, 16-17 sbr. Ö-Árs, 36; Bréf Haralds Davíðssonar á Stóru-Hámundarstöðum til Þjóðminjasafns 6.5.1985; Bréf Haralds Davíðssonar á Stóru-Hámundarstöðum til Þjóðminjasafns, janúar 1993

EY-052:037 *Svarðarmýri* heimild um mógrafir 65°56.719N 18°25.301V

"... í Búðarmýrinni [036] er Gerðislækur, einnig nefndur Svarðarlækur því að þar var mótekjan í Svarðarmýrinni, sem nær upp að Sauðhúsmó. Þar sem Svarðarlækur fellur fram af sjávarbakkanum heitir Svarðarnef." segir í Örnefnalýsingu Eyjafjarðar. Svarðargrafir voru fast innan við túnið. Nú er læknum veitt í skurð niður túnið. Grafirnar voru innan við lækinn en utan við Sauðhúshól (004) og náðu lengra til suðvesturs. Grafirnar voru um 280 m norðan við bæ 001.

Svarðarlækurinn rennur innan við hól þar sem fjárhúsin standa nú. Þar er nú skurður og sléttuð tún. Skurðurinn er víður þar sem svarðargrafirnar voru en greinileg merki þeirra sjást ekki.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Ey I.1, 17 sbr. Ö-Árs, 36;

EY-052:038 *Gíslapartsgarður* garðlag óþekkt 65°56.596N 18°25.932V

"Á Hámundarstaðbökkum, en svo nefnist svæðið þar ofan við, heitir dálítill reitur, sem er afmarkaður fornum garði, Gíslapartur." segir í örnefnaskrá Árskógsstrandar. "...líklega ekki gamalt nafn." segir í Örnefnalýsingu Eyjafjarðar - "Þá var garður skammt utan (norðan) við túnið, frá sjó og til fjalls." - "... norðar [en 041] er Gíslapartsgarður, frá sjó um dagsláttur og Votahvamm og til fjalls." segir Haraldur Davíðsson í bréfi til Þjóðminjasafns. Gíslapartsgarður er nú nær alveg horfinn í ræktun og mýrar. Neðan við 015 en 50 m norðvestan við 048 getur þó verið að megi greina óljósar leifar hans á kafla, 450-500 m utan og ofan (vestan) við bæ 001. Ofan þjóðveggar en á þessu svæði skiptast á mýrar og móar.

Leifar garðsins virðast merkjanlegar á 10-15 m kafla norðaustur-suðvestur. Þetta eru þó ógreinilegar garðleifar, einungis hryggur eða upphækkun í mýrinni. Hið meinta garðlag er 1,5-1,8 m á breidd en 0,3-0,4 m á hæð.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Árs, 36, sbr. Ö-Ey I.1, 18; Bréf Haralds Davíðssonar á Stóru-Hámundarstöðum til Þjóðminjasafns 6.5.1985; Bréf Haralds Gíslasonar á Stóru-Hámundarstöðum til Þjóðminjasafns janúar 1993

EY-052:039 heimild um bænhus 65°56.573N 18°25.264V

"Bænhus var hér og vitað hvar það stóð. Þegar grafið var fyrir nýjum bæ 1935 var komið niður á undirstöður þess." segir Haraldur Davíðsson í bréfi til Þjóðminjasafns. Bænhusið var þar sem eldra íbúðarhús á Stóru-Hámundarstöðum stendur nú. Þar sem bænhusið var stendur nú steinsteypt íbúðarhús með kjallara. Gamli bærinn 001 hefur verið fast ofan (suðvestan) við bænhusið.

HÁMUNDARSTAÐIR Á ÁRSKÓGSSTRÖND (ÁRSKÓGSÞING) (E) - BÆNHÚS

1487: er niðri DI V 356

1712: "Bænhus hefur hjer að fornu verið, það er nú af fallið, og ekki embættað í manna minni" segir í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Bréf Haralds Davíðssonar á Stóru-Hámundarstöðum til Þjóðminjasafns 6.5.1985 og JbAM X: 100

EY-052:040 heimild um beitarhús

65°56.397N 18°27.346V

Haraldur Davíðsson getur um beitarhús við Garnalæk í tveimur bréfum sínum til Þjóðminjasafns. "Lengra upp með Garnalæknum [en Selhjalli - 011] eru leifar af beitarhúsum, mjög óljósar." - "Og uppi í Öxlinni, við Garnalækinn eru rústir af fornu beitarhúsi." Heimildamaður, Baldvin Haraldsson sem vel þekkir til á þessum slóðum kannaðst ekki við beitarhústóftir á þessum slóðum. Garnalæk var fylgt upp á hálsinn í leit að tóftunum, en án árangurs. Utan við Garnalækinn, um miðja fjallshlíðina eru nokkrir stallar, fagurgrænir og þýfðir. Úr fjaska virðast þetta líkleg tóftarstæði en þegar komið er nær er ekki hægt að sjá tóftarmynd á stöllum þó þeir séu mjög þýfðir. Er hugsanlegt að beitarhúsin hafi verið á einhverjum þessara stalla.

Fjallshlíðin er lygi og mosavaxin og skiptist á nokkur bratti og stallar.


Hættumat: engin hætta

Heimildir: Bréf Haralds Davíðssonar á Stóru-Hámundarstöðum til Þjóðminjasafns 6.5.1985; Bréf Haralds Gíslasonar á Stóru-Hámundarstöðum til Þjóðminjasafns janúar 1993

EY-052:041 tóft af sjóbúð

65°56.794N 18°24.847V

Tóft er 500-550 m norðaustan við bæ 001. Hún er neðan við sléttuð tún og fast neðan við hana tekur við brattur bakki. Baldvin Haraldsson segir tóftina sjóbúð. Sjóbúðin er á grasi vaxinni sléttu í jaðri rennisléttu túna. Tóftin er 7 X 4,5 m að stærð. Hún er einföld, gróin og sigin og mest 0,3 m á hæð. Ekki er greinilegt op á tóftinni en norðausturhlíð hennar er mjög óskýr.



Hættumat: hætta, vegna sléttunar

EY-052:042 garðlag túngarður

65°56.505N 18°25.225V

"Forn túngarður er hér, nú að mestu eyddur." segir Haraldur Davíðsson í bréfi til Þjóðminjasafns. Túngarður var umhverfis tún á Stóru-Hámundarstöðum en hann er nú að mestu horfinn. Garðurinn sést þó enn á kafla innan (suðaustan) við vélaverkstæði Baldvins. Garðurinn er efst í sléttuðu túni, skammt ofar er þjóðvegur. Túngarðurinn sést fyrst 3 m innan við Vélaverkstæði Baldvins. Hann liggur til suðvesturs í um 65 m, að landamerkjum við Litlu-Hámundarstaði. Þar hverfur hann. Garðurinn er um 2 m á breidd en 0,6 m á hæð. Hann er rofinn á köflum. Ofan við hann er á parti skurður. Uppkastið úr skurðinum hefur verið sett á túngarðinn og á því svæði er túngarðurinn mun breiðari en utar.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Bréf Haralds Davíðssonar á Stóru-Hámundarstöðum til Þjóðminjasafns 6.5.1985

EY-052:043 garðlag vörslugarður

65°57.244N 18°26.743V

"Þá er garður utan við Hálskotin ... Garðurinn utan við Hálskotin, sem er bæði vörslu- og beitargarður liggur frá sjó og upp á Selhjalla [011] og þaðan suður í Gíslapartsgarð [038]. Þaðan liggur garðurinn áfram suður í túngarðinn utan við Háagerðið [018]." segir Haraldur Davíðsson í bréfi til Þjóðminjasafns. Í öðru bréfi segir hann: "Garðar eru margir á Hámundarstöðum: ... Garður rétt utan við Hálskot, frá sjó og upp á Selhjalla, ..." Garðurinn er enn vel merkjanlegur frá sjó og upp hlíðina. Hann er sérstaklega greinilegur frá sjó að upp að þjóðvegi en mjög erfitt er að rekja hann ofar þó hugsanlega megi sjá slitur hér



Vörslugarður, horft til norðurs

og þar. Garðurinn er fast utan við tóftir Efra- og Neðra-Hálskots (023 og 024) en 1,6 km norðvestan við bæ 001. Hann liggur norðaustur-suðvestur í aflíðandi, lyngivöxnum móa að sjó.

Garðurinn er mjög greinilegur neðan þjóðveggar. Hann er vaxinn lyngi og er mest 0,6-0,7 m á hæð en 1,5 m á breidd. Samtals sést garðurinn á rúmlega 500 m löngum kafla neðan þjóðveggar en áður mátti greina hann áfram ofan þjóðveggar, alla leið að selinu 011 og má því ætla að garðlagið hafi verið a.m.k. 800 m langt.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Bréf Haralds Davíðssonar á Stóru-Hámundarstöðum til Þjóðminjasafns janúar 1993

EY-052:044 garðlag

65°56.554N 18°25.971V

"Þá eru styttri garðar, sem liggja þvert á hina garðana." (t.d. 043) segir í bréfi Haralds Davíðssonar til Þjóðminjasafns. Þvergarðarnir lágu norðvestur-suðaustur með fjallshlíðinni ofan þjóðveggar. Þeir eru nú nær alveg horfnir. Óljós merki eins þeirra má þó enn greina 150-200 m ofan við þjóðveg, í námunda við neðri raflínuna sem liggur um hlíðina. Garðinn má greina ofan við tóftir í hlíðinni 009. Garðurinn liggur um deiglendi og er að mestu sigin og ógreinilegur. Hlíðin er aflíðandi á þessum stað.

Garðurinn er útflattur og siginn í deiglendið. Hugsanlegt er að raflínulögnin hafi einnig skemmt hann eitthvað. Hann verður óskýr þegar nær dregur landamerkjum Litlu-Hámundarstaða. Líklegt er þó að þetta sé sami garðurinn og er greinilegur fast sunnan við landamerki (167:009). Í landi Stóru-Hámundarstaða er hann víða 5-6 m á breidd. Hann má svo sjá áfram til norðvesturs hér og þar en erfitt er að rekja hann svo öruggt sé. Þó má segja að einhverjar slitrur af garðinum megi rekja í landi Stóru-Hámundarstaða á um 600 m kafla. Samtals má því segja að merki sjáist um garðinn á um 750 m löngum kafla. Hann hefur þó án efa náð lengra í báðar áttir, sérstaklega þó í norðvestur.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Bréf Haralds Davíðssonar á Stóru-Hámundarstöðum til Þjóðminjasafns 6.5.1985

EY-052:045 gata leið

65°57.080N 18°26.949V

1712: "[Engið] treðst ... mjög af umreið hjeraðsmanna." segir í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns. "Greina má þrennar reiðgötur, og sanna þær að rétt er frásögn í Jarðabók 1712 af umreið hjeraðsmanna." segir Haraldur Davíðsson í bréfi til Þjóðminjasafns. Reiðgötur eru ennþá mjög greinilegar þar sem þær liggja um hálsinn, í gegnum garðlag 043 sem er utan við Hálskotin.

Götur liggja yfir móa og gamalt túnstæði. Þær eru greinilegastar þar sem þær liggja um lyngivaxinn móa. "Gamla þingmannaleiðin, reiðgötur, lágu frá Hámundarstaðahálsi, þar sem leiðir komu saman og innfyrið Hálskoti. Reiðgötur eru enn mjög greinilegar. Frá Hálskotunum báðum liggja margar götur, sumar upp á þingmannaleiðina en aðrar neðar. Þær liggja mjög dreift, frá Langholti og niður fyrir Ljúflingshól [030]. Þær munu hafa spillt engjum á jörðinni. ... utan við Hálskotslækinn, er Gullkeldan, mýrarsund ... Þar djarfar fyrir fornri vegagerð Svarfdælinga á þingmannaleið." Bréf Haralds Davíðssonar á Stóru-Hámundarstöðum til Þjóðminjasafns, janúar 1993


Götur eru nú fyrst merkjanlegar norðarlega í landi Stóru-Hámundarstaða, í námunda við merkin við Háls og 100-150 m neðan við þjóðveg. Götur verða greinilegri eftir því sem sunnar dregur og 200-300 m suðaustan við merki má sjá greinilega, samhliða götuslóða í móanum 120-130 m neðan við þjóðveg. Slóðarnir sjást greinilega frá þessum stað og inn í tún á Hálskotum, á 500-600 m kafla. Þeir liggja í gegnum 043 en verða innar nokkuð óskýrir í túnstæðinu á 200-300 m kafla þó merki þeirra megi sjá í dældum í túninu. Þá má aftur sjá slóðana á 200-300 m kafla en þar sem sléttuð tún frá Stóru-Hámundarstöðum taka við hverfa slóðarnir endanlega, nálega 1 km utan við bæ 001.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: JÁM X, 101 og Bréf Haralds Davíðssonar á Stóru-Hámundarstöðum til Þjóðminjasafns 6.5.1985 og Bréf Haralds Davíðssonar á Stóru-Hámundarstöðum til Þjóðminjasafns, janúar 1993

EY-052:046 tóft

65°57.575N 18°26.821V



Neðst í Sellág norðaustanverðri, um 220 m neðan við seltóftir 032 er ein, stök tóft. Tóftin er nyrst í Sellág við sjó. 5 m neðar tekur þverhníptur bakki við niður að sjó. Umhverfis er lyngivaxið.

Tóftin er 11 X 6 m að stærð. Hún er tvískipt en innra hólfíð er ógreinilegt. Hún snýr norðaustur-suðvestur og er lítillaga niðurgrafin, hæð veggja mæld innanfrá er 0,2-

0,3 m en utan frá 0,6-0,7 m. Tóftin er grasi vafin.

Hættumat: engin hætta

EY-052:047 gata leið

65°56.582N 18°25.266V

"Frá bænum lágu götutroðningar niður túnið í átt til sjávar. Þar hét Þríhyrna milli troðninganna og lækjar, sem rann þar." segir Haraldur Davíðsson á Stóru-Hámundarstöðum í bréfi til Þjóðminjasafns 6.5.1985. Göturnar lágu niður tún til sjávar. Nú eru rennislétt tún neðan við bæ 001 og að sjó og engin merki gatnanna greinileg.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Bréf Haralds Davíðssonar á Stóru-Hámundarstöðum til Þjóðminjasafns 6.5.1985

EY-052:048 heystæðistöft


65°56.577N 18°25.869V

"... svarðartos [?] eru á nokkrum stöðum, þar sem sverði var hlaðið saman til geymslu, og heytos eru víða." segir í bréfi Haralds Davíðssonar til Þjóðminjasafns. - "... þá eru ótalin gömul heystæði á nokkrum stöðum." segir í örnefnaskrá Árskógsstrandar. Heystæði sést enn um 140 m ofan við þjóðveg en 430 m ofan og utan (vestan) við bæ 001. Afliðandi fjallshlíð, þýfðir móar og deiglendi þar á milli.

Tóftin er 10 X 7 m að stærð. Hún er sigin og virðist niðurgrafin og hæð veggja mæld innanfrá 0,2 m en veggir að utan 0,4 m. Ekkert op er greinanlegt á tóftinni. Hún snýr austur-vestur.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Bréf Haralds Davíðssonar á Stóru-Hámundarstöðum til Þjóðminjasafns 6.5.1985; Bréf Haralds Davíðssonar á Stóru-Hámundarstöðum til Þjóðminjasafns janúar 1993



EY-052:049 frásögn af mógröfum

65°56.118N 18°26.073V

Svarðargrafir voru, samkvæmt Baldvini Haraldssyni, 1,1-1,2 m neðan og utan (norðvestan) við bæ 001. Grafirnar hafa verið fast innan (austan) við mikinn skurð sem liggur norðaustur-suðvestur í túninu. Ofan (sunnan) við eru tún og enn norðar (neðar) tekur við þverhniptur bakki niður að sjó. Á þessu svæði er grasið grænna en annars staðar og 50 X30 m partur er mjög dældóttur. Ekki er þó hægt að sjá skýrar grafir.

Hættumat: hætta, vegna sléttunar

EY-052:050 heimild um stekk

65°56.474N 18°26.202V

"Annar stekkur, eldri [en 031] var sunnan við Vothvamminn, í krikanum þar, sem mættust Gíslapartsgarður [038] og 'þvergarður'" segir í örnefnaskrá Árskógsstrandar. Enginn stekkur er nú greinilegur syðst í Vothvammi eða sunnan hans þó báðir staðir gætu hentað ágætlega fyrir stekk þar sem þar er grasgefið og skjólsælt miðað við hliðina ofan við Stóru-Hámundarstaði almennt. Votihvammur er grasi gróinn og votur hvammur í afliðandi fjallshlíð. Lækir renna úr hliðunum í og við hvamminn. Í hvamminn er grasi vaxið en annars staðar er hliðin lyngvaxin.

Ekki er stekkur í hvamminum eða við hann en 250 m neðar (norðar) er óþekkt töft sem ekki er getið í heimildum (009). Er hugsanlegt að stekkurinn sem um ræðir sé í raun sama töft og þar er skráð þó hann sé greinilega neðan við Votahvamm en ekki sunnan hans.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Bréf Haralds Gíslasonar á Stóru-Hámundarstöðum til Þjóðminjasafns janúar 1993

EY-052:051 heimild um kartöflugarð

65°56.610N 18°25.489V


"Annar [kartöflu]garður yngri [en 016] var á Miðgerði. Þar var einn torfveggur, hlaðinn til skjóls. Þar var stundum gerð gryfja fyrir kartöflur og þær geymdar þar vetrarlangt. Það tókst vel." segir í bréfi Haralds Gíslasonar til Þjóðminjasafns. Kartöflugarðurinn var fast (um 10 m) innan við (austan) fjárhúsið á Miðgerði 019, í halla. Þar sem kartöflugarðurinn var er nú sléttuð brekka. Nýlegir kartöflugarðar eru neðar (norðar) í hólnum.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Bréf Haralds Gíslasonar á Stóru-Hámundarstöðum til Þjóðminjasafns janúar 1993

EY-052:052 tóft

65°56.898N 18°27.151V



Tóft er 200-250 m ofan við þjóðveg en 1,5 km norðvestan við bæ. Hún er 15 m suðaustan við rafmagnslínustaur, fast ofan við óljósan vegslóða sem liggur frá þjóðvegi. Tóftin er á mel sem liggur norðvestur-suðaustur. Hún er á grastorfu á gróðurlausum mel.

Tóftin er sigin og fremur fornleg. Hún er 9 X 7 m að stærð, snýr norðvestur-


suðaustur og er lyngivaxin. Ekki er greinanlegt op á tóftinni og erfitt að sjá hvort henni hefur verið skipt upp eða ekki. Hugsanlegt er að veggur hafi skipt tóftinni upp suðaustarlega en ekki er hægt að skera úr um það því allt eins gæti verið um hrun úr útveggjum að ræða.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir:

EY-052:053 Hesthúsvöllur hesthústóft

65°56.577N 18°25.354V



"Þjóðvegurinn liggur um Kvíhól [016] og Hesthúsmýri [053], neðan Háagerðis [006] en ofan Miðgerðis [019]. ... Suður [frá Kerlingarholti sbr. 019], vestan bæjarins heitir Hesthúsvöllur og Hesthúsmýrin er vestan hans." segir í Örnefnalýsingu Eyjafjarðar. Litill skógreitur er nú þar sem Hesthúsvöllur var. Inn í honum sjást enn leifar

hesthússins. Það er inn í trjáreitnum sem er milli íbúðarhúsanna tveggja á Stóru-Hámundarstöðum. Tóftin er upp við garðlag 017 sem liggur neðarlega í skógreitnum. Tóftin er neðan við (norðan) við trjáreitinn en ofan við (sunnan) við skógjaðarinn. Hún er um 50 m norðvestan við enda blómagarðsins við eldra íbúðarhúsið á Stóru-Hámundastöðum (nálega þar sem 001 stóð). Tóftin sést í litlum skógreit sem ekki hefur verið grysjaður.

"Útihúsin Miðgerði, Háagerði efra og neðra og Hesthúsgerði voru hér í túninu. Nú halda sumir að ekki heiti gerði nema þar hafi verið búið. Ekki hef ég vanist þeim skilningi á gerði - en forn garðlög má rekja umhverfis þau." Bréf Haralds Davíðssonar á Stóru-Hámundarstöðum til Þjóðminjasafns 6.5.1985 "Hesthúsið var fyrir 4 hesta, niðurgrafið og lítill kofi við hlið þess, fyrir 1 hest. ... Áðurnefnd fjárhús [019 ofl] voru öll innan garðs, sem kallað var, ... en hesthúsið var þar sem nú er trjáreiturinn." Bréf Haralds Davíðssonar á Stóru-Hámundarstöðum til Þjóðminjasafns, janúar 1993.

Tóftin er fremur óljós. Hún er byggð upp við garðlag 017 og er samtals 7 X 3 m að stærð. Hún skiptist upp í tvö hólf. Það ytra (norðvestara) er greinilegra og 2,5 X 3 m að stærð. Ekki er greinilegt op á það. Innar (suðaustar) er ógreinilegt, niðurgrafið hólf. Að innanmáli er það 2,5 X 3 m. Op virðist hafa verið á það norðvestarlega. Tóftin er gróin og engar grjóthleðslur sjást í henni. Hún er mest 0,3 m á hæð.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Ey I.1, 14 sbr. Ö-Árs, 36 og Bréf Haralds Davíðssonar á Stóru-Hámundarstöðum til Þjóðminjasafns 6.5.1985

EY-053 Krossar

30 hdr. 1712.

Stærra-
Árskógskirkjueign
síðar
bændaeign.

Einnig Kross.
Getið í Bolla
þætti Bollasonar.
Engihlíð nýbýli
1936 og
Hlíðarland á 10
ha. úr landi þess
1963, en 9.5 ha
hafa nú gengið til
baka til
Engihlíðar.

Krossar II íb. hús
frá 1980.

1429 kemur fram
í Visitazíugerð
Jóns biskups
Vilhjálmssonar að
Krossar eiga sókn
til Árskógar. DI
IV, 375.


24. maí 1486 erfir
Sveinn

Sumarliðason
eftir afa sinn Eirík
Loftsson á Grund
margar jarðir,
m.a. Kross og
Hellu. DI VI, 571.

21. júlí 1672

kemur fram í kaupmálabréfi að Elen Hákonardóttir á Krossa (norðanlands...líklega í Eyjafirði) sem metnir eru á 30 hdr. Hún fékk jörðina eftir móður sína Helgu Magnúsdóttur. Jarðaskjöl frá 16. og 17. öld, bls. 168.

1917: 6.6 ha. 5/6 slétt. Garðar 670 m. 1973: "Beit er allgóð. Afrétt á Þorvaldsdal." 1990: "Túnið á Krossum liggur með hlíðinni til beggja átta frá bænum en einnig heyra Krossum til stórar spildur neðan þjóðvegarsins." BE 1990, 284



EY-053:001 Krossar bæjarstæði bústaður 65°56.162N 18°24.052V

Gamli bærinn á Krossum sem merktur er inn á túnakort frá 1917 stóð um 30 m sunnan (ofan) við það íbúðarhús sem nú stendur á Krossum I. Þar sem bærinn stóð er sléttað hlað milli íbúðarhúss og smiðju. Engin merki um bæjarhól eru nú greinileg en hugsanlegt að einhverjar mannvistarleifar megi enn finna undir yfirborði jarðar. Heimildamaður man eftir leifum kálgarðs sem var fast austan við bæ en hann er nú horfinn.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917

EY-053:002 heimild um fjós 65°56.169N 18°24.063V

Inn á túnakort frá 1917 er merkt útihús, um 20 m VNV við bæ 001.

Á þessum stað var fjós sem stóð nálega þar sem norðurendi skemmu er nú. Sigurlaug Gunnlaugsdóttir man eftir fjósi með áföstu brunnhúsi aftan við á þessum stað.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917

EY-053:003 heimild um fjárhús 65°56.084N 18°24.135V
Rúmum 100 m innan og ofan (suðsuðaustan) við bæ 001 er merkt útihús inn á túnakort frá 1917. Þar var áður fjárhús. Þar sem fjárhúsin stóðu er nú hæð í sléttuðu túni en önnur ummerki sjást ekki um húsið. Húsin hafa verið fast innan við læk sem rennur niður túnið.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917

EY-053:004 heimild um útihús 65°56.063N 18°24.162V
Um 150 m ofan og innan (suðsuðaustan) við bæ 001 var útihús samkvæmt túnakorti frá 1917. Sléttuð tún eru á þessum slóðum nú. Húsið hefur staðið í suðausturhorni (efst og innst) í túni, utar rennur lækur niður hlíðina.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917

EY-053:005 heimild um fjárhús 65°56.071N 18°24.079V
Fjárhús voru áður 160-170 m ofan og innan (suðaustan) við bæ 001. Þau eru merkt inn á túnakort frá 1971 um 30-40 m ofan við fjárhús úr steini. Þar sem fjárhúsin stóðu er hæð í aflíðandi túni. Hæðin er dældótt og hér og þar má sjá steinaraðir í flaginu.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917

EY-053:006 heimild um útihús 65°56.086N 18°24.062V
Um 140 m innan og ofan (suðaustan) við bæ 001 eru steinsteyppt útihús á svipuðum stað og útihús eru merkt inn á túnakort frá 1917. Nú er steinsteyppt útihúsbygging þar sem útihúsin stóðu.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917

EY-053:007 *Krossasteinn* náttúrumin 65°55.746N 18°25.219V



"Í gili sunnan [Merkjalækjar] er fyrirferðarmikill steinn býsna einkennilegur og kallast nú Krossasteinn til aðgreiningar frá tveim steinum svipuðum suður ofan við Kleif í Þorvaldsdal. Misstórar kringlóttar skálar eins og meitlaðar vekja grun um eldforn mannaverk." segir í Örnefnalýsingu Eyjafjarðar. Krossasteinn er um 1,2 km suðvestan suðvestan við bæ, í gili. Nokkuð brött fjallshlíð er á þessum slóðum. Lyngvaxnar mosabembur eru hér og hvar þó er

Krossasteinn, horft til suðvesturs


hlíðin ekki mjög votlend. Nokkuð niðurfyrir steininn er grýtt og eykst eftir því sem ofar dregur. Steininn er nokkuð þakinn skófum. Hann er um 4 m í þvermál en um 3 m á hæð þar sem hann gengur hæstur. Á yfirborði steinsins sjást "skálar" á steinum frá því að vera 10 cm í þvermál og upp í 50 sm þvermál (þær eru reglulegar). Dýpt skálanna er á bilinu 3-5 cm. Flestar eru skálarnar á norðurhlíðinni. Í miðju stærri skálanna er aðrar heldur dýpri og minni skálar.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Ey I.1, 23-24



Krossastekkur, horft til austurs



"Sunnan [Bæjargilsins] er Stekkurinn og svonefnt Hvíldarhall efst." segir í Örnefnalýsingu Eyjafjarðar - "Krossastekkur er yzt

og efst á . Hvíldarhalli." segir í örnefnaskrá Árskógsstrandar. Krossastekkur er tæpa 500 m suðvestur af íbúðarhúsinu á Krossum. Hann er 20 m austan við bæjarlækinn. Ofan stekkin fer landið farið að hækka upp að fjallinu. Umhverfis er grasi- og lyngivaxið en örlítið ofar í hliðinni verður svæðið grýttara og á stöku stað má sjá vísa að melum.

Tóftin er grasi gróin (túnfíflar, sóleyjar, mariustakkur) og nöguð ofan í rót, sennilega af hrossum. Tóftin er 15 X 11 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Hún er tvískipt og norðausturhólf hennar er mun stærra. Op er á suðausturvegg þess og einnig milli hólfanna tveggja. Lítið grjótt er að sjá í veggjum tóftarinnar, hún er gróin en ekki mjög þýfð.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Ey I.1, 24 sbr. Ö-Árs, 32

EY-053:009 *Smiðjuholt* örnefni smiðja

65°56.234N 18°23.940V

"... þar sem Dalvíkurvegurinn liggur neðan gamla túnsins hét Smiðjuholt." segir í Örnefnalýsingu Eyjafjarðar. Smiðjuholt var þar sem nú er þjóðvegur í námunda við þann stað sem heimreið að Krossum liggur frá honum. Smiðjan var þar sem þjóðvegur er nú en neðan og ofan við hann eru sléttuð tún. Engin merki sjást nú um smiðju á þessum slóðum og Sigurlaug Gunnlaugsdóttir man ekki eftir henni.

Hættumat: hætta, vegna vegagerðar

Heimildir: Ö-Ey I.1, 24

EY-053:010 *Krossagrafir* heimild um mógrafir


65°56.342N 18°23.711V

"Svarðarlandið (mótekjusvæðið) Krossa- og Hellugrafir var á millibæjamerkjum neðan við Flóann." segir í Örnefnalýsingu Eyjafjarðar. Mótekjusvæði Krossa var nokkuð stórt. Það var um 350 m norðaustan (neðan) við bæ og náði langleiðina að merkjum við Hellu neðan þjóðveggar. Girðing er nú á merkjum. Á þessum slóðum hafa verið ræktuð tún en óljós merki svarðargrafanna sjást enn á stöku stað. Ofar og neðan við eru tún en utar (norðvestar) vegur að Hellu, innar er melur og skógreitur.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Ey I.1, 24

EY-054 Litli-Árskógur



30 hdr.
1712.
Stærra-
Árskógskir
kjueign
síðar
Hólastólsei
gn. Forn
jörð og
hefur
snemma
byggst frá
Stóra
Árskógi.
Hér var
bænhús.
Einnig
Minni
Árskógur
og
Litliskógur.
Í lok 19.
aldar voru
nokkur
sjóbýli risin
á
Árskógssan
di (samfelld

byggð frá 1882) og hefur þar síðan risið þorp og búa þar nú um 130 manns. Árskógshreppur hefur keypt um 70 ha landræmu þar sem þorpið er. Sólvangur nýb. á 15 ha 1957. Einnig er nýbýlið Engihlíð að hluta byggt úr landi Litla-Árskógs.

Árskóga er getið í biskupasögu Guðmundar Arasonar. Þangað fór Guðmundur 1232 þegar hann snéri við úr ferð til Reykdæla er hann frétti að Reykdælir ætluðu að rísa á móti honum. Biskupasögur (1858), 552. Árskóga er einnig getið í Laurentinus sögu en þar var Guðrún Illugadóttir leyst undan biskupsbanni fyrir hjúskaparbrót. Biskupa sögur (1858), 853. Í Guðmundar sögu Dýra er Helgi Halldórsson sagður prestur á Árskógi 1188 og virðist það vera á Litla-Árskógi því þaðan flýði banamaður Helga yfir á Árskóg hinn ytra (Stóra-Árskóg) þar sem einhver Sumarliði bjó. Sturlunga saga I, 171-172.

1318 er Árskógs getið í máldaga Auðunnar biskups rauða Þorbergssonar fyrir Hólabiskupsdæmi en það vantar framan á máldagan landeignir kirkjunnar. bls. 454 DI II

1394 er bæjarins getið í máldaga Péturs biskups Nikulássonar. Þar er kirkjan í Árskógi sögð helguð hinum heilaga Jóhannis Baptista. Í máldaganum kemur fram að kirkjan á allt heimaland. Hún á einnig: "alla reka að helmingi vidur Sela og flutningar og aull aunnur fíorugogn að helminge. og xij. fedmings skurd j saumu jord arliga. og naustzgiord æfinliga a Hauganesi ef vill með fiskveri. Tuttugu kugillda gelldfiar rekstur j faugru hliijd og að auk svijnum og stodhrossum. grasalestu. huannskurdur. fuglveydur og fiska." DI III, 515-516.

1429 kemur fram í Vísitaziugerð Jóns biskups Vilhjálmssonar að kirkjan á allt heimalandið og að auki "liggr þar til hagi. kalfsskinn. soluabackæ, grvund. klæif. brattavællir. aas skogr. krossar. hamundarstadir. birnnones. selarbacki." DI, IV, 375. Sama ár kemur fram í kirknatali Hólabiskupsdæmis að í Árskógi er prestur (DI IV, 381)

1430 veitir Jón Vilhjálmsson biskup á Hólum sveini sínum staðinn Árskóg í eitt ár. DI IV, 407.

1431 í vísitaziugerð Jóns biskups Vilhjálmssonar liggja 15 bæir til kirkjunnar. DI IV, 465-466

1461 kemur fram í máldaga Ólafs biskups Rögnvaldssonar um Hólabiskupsdæmi að kirkjan á Árskógi á "allt heimaland. þetta j rekum. alla reka ath helminge vidr selaa oc flutningar oc aull aunnur fíorugaugn ath helminghe oc tolf fedmings skvrd i somu jord ærliga. oc naustzgiord æfinlega aa hauganesi ef vill með fiskveri." DI V, 262. Þá er einnig getið að prestur er í Árskógi. DI V, 360.

5-6. júlí 1462 dæmir dómur 12 presta Hrafnagilssel á Þorvaldsdal löglega eign Möðruvallaklausturs en prior í Möðruvallaklaustri hafði kært prest í Árskógi fyrir að nota selið líkt og það varri eign

Árskógskirkju. DI V, 364-65.

4. júní 1473 selur Ólafur Grímsson Magnúsi Benediktssyni hálfja jörðina í Árskógi ásamt Haftralæk í Aðaldal og 5 hdr til fyrir Nautabú í Skagafirði. Í sölubréfinu segir: "kynni ok af ath ganga jordin aarskogur med laugum. þa skýllde aptur jialldazt fimmtan hundrut j annare jordu." DI V, 706-707
Samkvæmt þessu hefur helmingur Árskógs verið 15 hundruð.

1487 kemur fram í máldaga Ólafs biskups Rögnvaldssonar um bænhús og kirkjur í Hólabiskupsdæmi að bænhús í Árskógi er niðri. DI V, 356

1. og 2. júlí 1498 selur Nafi prior á Skriðu, fyrir hönd klaustursins Árskóg fyrir 30 hundruð til Gríms bónda Pálssonar. DI VII, 393.

6. maí 1512 gefur Þorleifur Grímsson Halldóri Sigmundssyni jörðina Árskóg hinn ytra. DI VIII, 375. Samkvæmt þessu hefur Árskóg þá verið skipt upp.

1525 er Árskógskirkja talin upp í Sigurðarregistri. DI IX, 294

1917: 5.5 ha. 1/8 slétt. Garðar 400 m². 1973: "Beitiland allgott. Afréttarland á Þorvaldsdal." BE II, 99

1990: "Slétt tún er umhverfis bæinn ofan Þjóðveggarins en neðan hans taka við víðáttumiklir þýfðir lyngmóar niður að sjónum. Þar var fram á átjándu öld umtalsvert kjarlendi og eldiviðartekja talin jörðinni til hlunninda." BE 1990, 290

EY-054:001 *Litli Árskógur* bæjarstæði bústaður 65°55.559N 18°22.112V

Gamli bærinn í Litla-Árskógi, sem merktur er inn á túnakort frá 1917 var 20 m norðvestan við það íbúðarhús sem nú stendur á bænum. Bakgarður er þar sem gamli bærinn var og ekki er hægt að sjá greinilegan bæjarhól á þessum stað.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917

EY-054:002 heimild um bænhús 65°55.554N 18°22.120V

Engar sagnir eru uppi um hvar bænhúsið á Litla-Árskógi hefur staðið og Georg Hannesson man ekki eftir að þar hafi nokkru sinni verið komið niður á bein sem gætu gefið vísbendingu um staðsetningu þess. Líklegast er að bænhúsið hafi verið í námunda við bæinn en ekki sjáanlegar neinar visbendingar á yfirborði hvar nákvæmlega það gæti helst verið.

(LITLI) ÁRSKÓGUR Á ÁRSKÓGSSTRÖND (ÁRSKÓGSPING) (E) - BÆNHÚS

1487: er niðri DI V 356

1712: Kirkja eður bænhús hefur hjer að fornu verið, og sjest hjer enn tóftarúst með girðingum, og eru munnmæli að hjer hafi í fyrndinni sóknarkirkjan staðið og síðan færð verið að Stærri Árskógi; JbAM X: 103

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

EY-054:003 heimild um útihús 65°55.556N 18°22.153V

Um 30 m ofan (SSV) við bæ 001 var útihús samkvæmt túnakorti frá 1917. Það hefur þá staðið í túnjaðri, nálega þar sem nú er fjárhús og hlað framan við. Fjárhúsbygging og hlað framan við.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917

EY-054:004 heimild um útihús 65°55.569N 18°22.176V

Útihús var, samkvæmt túnakorti frá 1917, 20 m utan við annað útihús 003 og 50 m suðvestan (utan og ofan) við gamla bæinn 001. Húsið hefur verið 15-20 m neðan við steinsteypt útihús og 10 m ofan við lóðamörk við íbúðarhúsið á Litla-Árskógi. Sléttuð grasflöt.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917

EY-054:005 *Vaðhólshvammur* heimild um vað 65°55.403N 18°21.746V

"... liggur landareignin meðfram [Þorvaldsdalsá] frá ósi hennar upp í Vaðhólshvamm ..." segir í Örnefnalýsingu Eyjafjarðar. Vaðhólshvammur er til móts við Vaðhól í landi Stærri-Árskógs. Hvammurinn er fast innan við (ASA) heimreið að Brattholti, milli hennar og Þorvaldsdalsár. Götur lágu að vaðinu (sjá 005). Hvammurinn er hálfhringlaga, sléttur og grasi vaxinn. Upp úr hvamminum eru háir bakkar. Áin er auðveld yfirferðar á þessum stað þó ekki séu greinileg merki um vaðið. Hólmi er á ánni á þessum stað.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Ey I.1, 26

EY-054:006 *Grænatóft* örnefni 65°55.293N 18°22.309V
"... liggur landareignin meðfram [Þorvaldsdalsá] frá ósi hennar upp í Vaðhólshvamm [005] og að svokallaðri Grænatóft, eða girðingu, sem sett hefur verið á merkjunum þaðan í átt til fjalls." segir í Örnefnalýsingu Eyjafjarðar. Grænatóft er á merkjum. Hún er um 500 m SSV við bæ (001) en 380-390 m NNV við Brattavelli (Ey-054:001).

Nú er óljós þúst á þessum stað. Girðing liggur yfir hluta hennar og er hún nú í Brattavallalandi þar sem hún er innan við skurð sem nú skiptir merkjum. Þar sem tóftin var hafa nú verið sléttuð tún og einu merki Grænatóftar eru fagurgræn hæð.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Ey I.1, 26

EY-054:007 *Torfhóll* örnefni rista 65°55.168N 18°22.854V
"Uppi við fjallsræturnar er Torfhóll á merkjunum og línan bein áfram þaðan." segir í Örnefnalýsingu Eyjafjarðar. Torfhóll er á merkjum Litla-Árskógar og Bröttuvalla, rúmum 900 m suðvestan við bæ 001. Svarðargrafir voru beggja vegna við merki. Melhóll en deiglent er umhverfis. Ekki sjást lengur merki greinilegra svarðargrafa eða torfristu.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Ey I.1, 26


EY-054:008 landamerkjagarður 65°55.971N 18°22.628V
"Norðurmerki þessarar jarðar voru jafnan miðuð við merkjagarð frá Garðabugum austur með Móalæk, og til fjallsins upp norðan við Eyjólfsengi í beina línu á Stórhólinn." - "enn ... auðrakinn milli fjalls og fjöru." segir í Örnefnalýsingu Eyjafjarðar. Í örnefnaskrá Hellu segir enn fremur: "Landamerki milli Hellu og Litla-Árskógar eru á fornum merkjagarði neðan frá Lækjarbakka og upp á Garðabauga (Garðabuga) skammt austan þjóðvegarins." Landamerkjagarður er greinilegur neðan (NNA) þjóðvegur og langleiðina niður að sjó. Garðurinn er beint á móti heimreið að Engihlíð. Hann er fyrst merkjanlegur um 30 m neðan við þjóðveg. Hann liggur að mestu um l yngivaxna móa.

Garðurinn er 2 m á breidd en 0,6 m á hæð. Hann er l yngivaxinn. Neðan þjóðvegur sést garðurinn á um 800 m löngum kafla. um 1 km ofan þjóðvegur sést hann einnig ofan við tún í Engihlíð á 200-300 kafla. Samtals má því sjá leifar garðsins á um 2 km löngum kafla.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Ey I.1, 26 sbr. Ö-Árs, 29

EY-054:009 *Svínakot* garðlag býli 65°56.347N 18°21.026V



Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns (1712) segir: "Suinakot heita litlar girðingar hjer niður í landinu. Ekki vita menn hvört þar hefur nokkurn tíma bygd verið, þó það sýnist líklegt af nafninu. Ekki má hjer bygd setja fyrir túnstæðis og heyskarleysi." "Svínakot, byggt 1880, var nýlega skírt upp og heitir nú Árnes, er elsta býlið [á Árskógssandi] og nafn þess fornt. Það stendur norðan við votlendishvamminn Svínakeldur." segir í Örnefnalýsingu Eyjafjarðar. Í Vesturströnd Eyjafjarðar segir um sama stað: 1982: "Kot þetta hefur líklega verið á melabökkunum, norðan við lindasvæðið í Þorvaldsárgili, sem enn kallast Svínakeldur, eða þar sem nú er býlið Árnes, en það var byggt um 1880. Leyfum kotsins hefur að líkindum verið raskað." Svínakot eða Árnes eins og það er kallað nú, var þar sem nú stendur lítið, steinsteypt og bárujárnsklætt hús.

Steinsteypt hús á einni hæð stendur nú þar sem Svínakotsbærinn var áður. Umhverfis eru sléttuð tún.

Tæpum 100 m neðar (norðar) sést túngarður sem liggur frá Þorvaldsá og að Aðalbraut. Garður þessi er hlaðinn úr torfi og er 150 m langur. Hann er 4 m breiður og er rofinn í miðju. Hann er ógreinilegur við Aðalbraut og hefur augljóslega verið sléttuð úr honum norðan við götuna þar sem nú eru tún. Hugsanlegt er að garðurinn sé framhald annars garðlags sem liggur utar 036 en hann virðist þó ekki í beinu framhaldi og því skráður sér.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: JÁM X, 104, Ö-Ey I.1, 26 og Vesturströnd Eyjafjarðar, 190

EY-054:010 *Árskógssandur* heimild um lendingu 65°56.705N 18°20.733V
1712: "Heimræði er hjer, lending góð og skipsuppsátur, en ekkert skip gengur hjer vegna efnaleysis ábúanda." segir í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns. Lendingin var í fjöruborði innan við (austan) núverandi höfn á Árskógssandi en utan (vestan) við Þorvaldsá. Smágrýtt fjara.

"Þó að lending væri ekki góð á Sandinum var þar þó skerjalaus sandfjara, svo að snemma varð þar útróðrarstaður, ekki aðeins bænda í Litla-Árskógi heldur einnig annarra þar uppi á ströndinni og í Þorvaldsdalnum, vestan ár. Kotbýlum smáfjölgaði þar á nítjándu öldinni, einkum síðasta aldarfjórðunginn." segir í Örnefnalýsingu Eyjafjarðar.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: JÁM X, 104 og Ö-Ey I.1, 28

EY-054:011 heimild um uppsátur 65°56.696N 18°20.740V
1712: "Heimræði er hjer, lending góð og skipsuppsátur, en ekkert skip gengur hjer vegna efnaleysis ábúanda." segir í JÁM. Uppsátrið var í fjöru innan við (austan) núverandi höfn á Árskógssandi en utan við (vestan) Þorvaldsá. Smágrýtt fjara.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar


Heimildir: JÁM X, 104

EY-054:012 *Hinriksmýri* bæjarstæði býli 65°56.717N 18°20.729V

"Næstelst [af býlum á Árskógssandi] er býlið Hinriksmýri, reist 1882 og fyrstu árin fært til bókar undir nafninu Jerúsalem, sennilega af því að frumbygginn hét Salómon og hafði að viðurnefni hið sjaldgæfa nafn 'snjóköngur'. Innan fárra ára kom svo nafnið Hinriksmýri, er studdist við fornt örnefni staðarins, mýrarinnar meðfram Móalæknum, sem þar er neðst kallaður Hinriksmýrarlækur einkum eftir að býlið kom til sögu. [sbr. 013]" segir í Örnefnalýsingu Eyjafjarðar. Enn er búið á Hinriksmýri og þar er nú steinsteyppt hús, í norðurjaðri þéttbýlisins í Árskógssandi. Bærinn er 100-150 m suðvestan við hús Samherja og 20 m ofan (sunnan) við vegslóða sem liggur út úr þorpinu. Í Vesturströnd Eyjafjarðar segir: 1982: "Hinriksmýri og Lækjarbakki ... eru tvö af elstu býlunum á Sandinum, byggð 1880-1890, við ós Hinriksmýrarlækjar (Móalækjar). Þar munu vera einhverjar minjar frá þesum elstu tímum byggðarinnar á Sandinum." Engar leifar bæjarins sjást nú. Steinsteyppt hús á sléttuð grasfleti. Samkvæmt túnakorti frá 1917 var eitt útihús innantúns og túnið 0.7 ha.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: JÁM X, 104; Ö-Ey I.1, 28, Vesturströnd Eyjafjarðar, 190 og Túnakort 1917



EY-054:013 *Árbakki* heimild um bústað 65°56.489N 18°20.857V
"Árbakki (byggður 1897) stóð fast við ána þar sem nú er göngubrúin." segir í Örnefnalýsingu Eyjafjarðar. "Þar var reistur torfbær 1897." segir í örnefnaskrá Árskógsstrandar. Nú er steinsteyppt íbúðarhús á svipuðum stað og torfbærinn Árbakki var áður. Bærinn var vestan við göngubrú sem nú er á ánni og 30-40 m austan við íbúðarhúsið Árbakka. Hæð í rennisléttu túni. Á henni er þýft og má sjá steina hér og þar. Umhverfis eru sléttuð tún.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Ey I.1, 29; Ö-Árs, 29

EY-054:014 *Franklinsbúð* heimild um bústað 65°56.702N 18°20.836V
"Flest gömlu býlin stóðu undir melsendanum, eða utan í honum, en þau eru nú öll horfin. Þar voru Búðirnir þrjár, Franklinsbúð, Kárabúð (Pálubúð), og Kiddabúð, grafnar til hálfis inn í melinn, allar með lágri íbúð á "efri hæð". segir í örnefnaskrá Árskógsstrandar. Franklinsbúð var norðaustan við Aðalbraut þar sem hún beygir út með fjörunni. Nú grasbakki milli Aðalbrautar og fjöru. Ysta (vestasta) búðin af þeim sem hér fara á eftir (015-024).

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Árs, 29-30 sbr Ö-Ey I.1, 28

EY-054:015 *Kárabúð* heimild um bústað 65°56.700N 18°20.826V
"Flest gömlu býlin stóðu undir melsendanum, eða utan í honum, en þau eru nú öll horfin. Þar voru Búðirnar þrjár, Franklinsbúð, Kárabúð (Pálubúð), og Kiddabúð, grafnar til hálfis inn í melinn, allar með lágru íbúð á "efri hæð." segir í örnefnaskrá Árskógsstrandar. Kárabúð var fast innan (austan) við Franklinsbúð, norðaustan við Aðalbraut þar sem hún beygir út með fjörunni. Nú er grasbakki milli Aðalbrautar og fjöru. Nákvæm staðsetning er ekki kunn.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Árs, 29-30 sbr Ö-Ey I.1, 28

EY-054:016 *Kiddabúð* heimild um bústað 65°56.697N 18°20.818V
"Flest gömlu býlin stóðu undir melsendanum, eða utan í honum, en þau eru nú öll horfin. Þar voru Búðirnar þrjár, Franklinsbúð, Kárabúð (Pálubúð), og Kiddabúð, grafnar til hálfis inn í melinn, allar með lágru íbúð á "efri hæð." segir í örnefnaskrá Árskógsstrandar. Kiddabúð var innst (austust) búðanna þriggja, í námunda við þar sem nú er vegar slóði frá Aðalbraut og niður í fjöru. Húsið hefur verið norðan í melnum sem þarna er við sjó, um 30 m frá sjó.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Árs, 29-30 sbr Ö-Ey I.1, 28

EY-054:017 *Rósuhús* heimild um bústað 65°56.691N 18°20.806V
"Rósuhús (tvílyft timburhús) stóð austan undir Melnum, sunnan Lágarrinnar, næst Sjóarnesi, en svo nefndust bakkarnir suður að ánni." segir í Örnefnalýsingu Eyjafjarðar. Húsið stóð í sama mel og Kiddabúð 016 en var norðaustan við hana. Húsið hefur verið neðan í melnum sem þarna er við sjó, um 30 m frá sjó.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Ey I.1, 28 sbr. Ö-Árs, 30

EY-054:018 *Sigurvinshús* heimild um bústað 65°56.675N 18°20.836V
"Litlu sunnar og ofar [en Skarphéðinsbær - 019], var Sigurvinshús, þar sem nú er húsið Hólanes." (pósthúsið) "...efst í melbarðinu ..." segir í Örnefnalýsingu Eyjafjarðar. Sigurvinshús er samkvæmt Hannesi Vigfússyni sama hús og Hólanes. Hólanes er tvílyft timburhús, líklega númer 1 við Aðalbraut. Timburhús sem stendur á lítilli hæð við malbikaða götu í þéttbýlinu við Árskógsand. Húsið stóð áður á mel en melur þessi hefur verið sléttaður út til vesturs og liggur gatan þar nú.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Ey I.1, 29 sbr. Ö-Árs, 30

EY-054:019 *Skarphéðinsbær* heimild um bústað 65°56.684N 18°20.846V
"Utar og neðar í melnum [en Sigurvinshús - 018] var Skarphéðinsbær (síðar Pétursbær)." segir í örnefnaskrá Árskógsstrandar. "... ofar [en 014-016], framan í Melnum fast við Lágina." segir í Örnefnalýsingu Eyjafjarðar. Húsið hefur verið 30-60 m utan og neðan við Aðalbraut 1, þar sem rutt hefur verið úr melnum sem þar var áður. Í grasi grónum mel.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Árs, 30; Ö-Ey I.1, 28-29

EY-054:020 *Norska húsið* 65°56.688N
18°20.800V

"Frá síldarárunum (Norðmannaárunum) var nafnið á súðbyrtu húsi, sem síðar var lengi samkomu og skólahús, Norskahúsið, sem stóð neðst í Láginni." segir í örnefnaskrá Árskógsstrandar. "Niðri í lægðinni, eða undir ytri bökkunum, stóð norska húsið, tvílyft timburhús, er um langt skeið var samkomu og skólahús. Fyrst var það viðleguhús norskra síldveiðimanna, er höfðu þar vetursetu um skeið (frá 1883). Síðast var það sjóhús bænda og útgerðarmanna frá Litla-Árskógi og Brattavöllum, og rifu þeir það árið 19[47], er þeir voru að byggja sér nýja húsið, Pálmalund, vestan við Pósthúsið." segir í Örnefnalýsingu Eyjafjarðar. Norðaustan við Aðalbraut 1 var Norska húsið. Óræktarsvæði, 10-20 m ofar (sunnar) en kamburinn. Svæðið er vaxið njóla og grasi.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Árs, 30; Ö-Ey I.1, 28

EY-054:021 *Bildalshús* heimild um bústað 65°56.696N 18°20.769V
"Fyrrum stóð Bildalshús á Kambinum austur frá Norska húsi [020], þar sem nú eru fiskskúrarnir." segir í örnefnaskrá Árskógsstrandar. norðaustan við Aðalbraut 1 var Norska húsið en Bildshúsið var austur

frá Óræktarsvæði, 10-20 m ofar (sunnar) en kamburinn. Svæðið er vaxið njóla og grasi.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Árs, 30

EY-054:022 *Steinn* heimild um bústað 65°56.688N 18°20.631V

"Um ... (1890-95) stóð íbúðarhúsið Steinn uppi á ytri melnum." segir í örnefnaskrá Árskógsstrandar. Húsið var utar en Heljarþröm 023, brann 1896. Ekki er nákvæmlega vitað hvar húsið var en það var við fjörुकambinn, utan við (austar) stóran grjóthól sem er í fjörunni skammt utan við þar sem Þorvaldsá rennur til sjávar. 20-30 m sunnan við sjávarmál, sendin og smágrýtt fjara.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Árs, 30; Ö-Ey I.1, 29

EY-054:023 *Heljarþröm* heimild um bústað 65°56.695N 18°20.770V

"Um 1884 var fyrsta býlið reist þarna [á ytri melnum austan við Norska húsið]. Það hét Heljarþröm og stóð rétt utan við Gilið (nú Svalbarð)." segir í örnefnaskrá Árskógsstrandar. Ekki er nákvæmlega vitað hvar húsið var en það var við fjörुकambinn, við stóran grjóthól sem er í fjörunni skammt utan við þar sem Þorvaldsá rennur til sjávar. 20-30 m sunnan við sjávarmál, sendin og smágrýtt fjara.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Árs, 30 sbr. Ö-Ey I.1, 29

EY-054:024 *Íshúsið* heimild um íshús 65°56.684N 18°20.605V

"Á Kambinum austur að árósnunum hafa staðið nokkur hús, allt frá Norðmannaárunum fyrir síðustu aldamót, svo sem beitingaskúrar, fiskgeymsluhús, og þar stóð Íshúsið, eitt hinna elstu hér á landi." segir í Örnefnalýsingu Eyjafjarðar. Í örnefnaskrá Árskógsstrandar segir: "Íshúsið (byggt 1896) stóð rúman áratug austur á Kambinum." Íshúsið var við fjöruna, skammt (um 20 m) utan (vestan) við þar sem Þorvaldsá rennur til sjávar. Sendin hæð ofan við fjöru.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Ey I.1, 29; Ö-Árs, 30

EY-054:025 *Hylurinn* heimild um ferju 65°56.681N 18°20.594V

"Neðsti hluti Þorvaldsdalsárinn heitir Hylurinn. Þar yfir var ferjað áður en Árbakkabrúin kom." segir í örnefnaskrá Árskógsstrandar. Ferjan var neðst á Þorvaldsdalsánni, skammt ofan við ósinn. Lítil árspræna greinist frá Þorvaldsá neðarlega vestan megin og á þeim stað er áin djúp en merki ferjunnar eru ekki greinileg lengur.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Árs, 30 sbr Ö-Ey I.1, 30

EY-054:026 *Melagötur* gata leið 65°56.426N 18°21.080V

"Uppi á melabörðunum eru hinar fornu Melagötur, fjölfarin leið milli Sandsins og sveitarinnar áður fyrr." segir í Örnefnalýsingu Eyjafjarðar. Melagötur voru nálega þar sem Aðalbraut (malbikuð gata) er nú.

Malbikuð gata, sléttuð grasflöt er beggja vegna við. Nær Þorvaldsá eru móar. Gamla gatan er ekki greinileg.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Ey I.1, 30

EY-054:027 *Móagötur* gata leið 65°56.497N 18°21.235V

"Móagötur liggja beint til bæjar í Litla-Árskógi þaðan sem þessir troðningar [þ.e. þessi og Melagötur - 026] mætast ofan við Sólvelli, en hverfa á köflum undir Sandsveginn nýja." segir í Örnefnalýsingu Eyjafjarðar. Móagötur lágu um móana frá sjó og í átt að Litla-Árskógi. Gatan var á svipuðum slóðum og Hafnargata liggur nú. Gatan lá í móum en nú er Móagata á svipuðum stað og sléttuð tún umhverfis stóran part af leiðinni. Móa- og Melgötur komu saman þar sem Aðalbraut sameinast Hafnargötu.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Ey I.1, 30

EY-054:028 hleðsla sundlaug 65°56.181N 18°21.962V

"Alllangt útaustur á Mounum er ógetið um Móatjörnina við Móalæk. Þar var sundskýli um 1910 og kennt sund í tjörninni á vegum U.M.F. Reynis, hlaðinn upp allmikill stíflugarður og vatni veitt inn fyrir

hann úr læknum." segir í Örnefnalýsingu Eyjafjarðar. Sundlaugin er 300 m utan við (vestan) við Þjóðveg að Árskógsströnd (þéttbýli) og 600 m neðan (norðan) við Þjóðveg. Viðir hefur verið gróðursettur utan og neðan við tjörnina (vestan og norðan við). Annars eru móar umhverfis. Tjörnin er nú að mestu þornuð upp. Í henni vex stór.

Tjörnin er 150 X 100 m að stærð. Um 40 m langur torfhláðinn garður stíflar tjörnina að vestan (utan) Hann er 3-4 m á breidd en 1 m á hæð. Garðurinn liggur úr norðri í 23 m en þá er 5 m langt í skarð hann áður en hann heldur áfram til suðurs.

Hættumat: hætta, vegna skógræktar

Heimildir: Ö-Ey I.1, 31 sbr Ö-Árs, 31

EY-054:029 *Fjósavöllur* heimild um fjós 65°55.582N 18°22.195V

"Út og vestur frá bæ heitir enn Fjósavöllur, því að þar var sumarfjosið við túngarðinn, en annars voru kýrnar yfirleitt undir baðstofupalli, og mun það lengst hafa viðgengist í Árskógshreppi einmitt á þessum bæ." segir í örnefnaskrá Árskógsstrandar. Fjósavöllur var um 150 m utan og ofan (suðvestan) við bæ 001. Var þetta heiti á grasbletti en ekki man Hannes Vigfússon eftir tóft á því svæði. Engin merki sjást um gamla fjosið en nú eru á þessum stað sléttuð tún.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Árs, 31 sbr Ö-Ey I.1, 31

EY-054:030 *Göturnar* heimild um leið 65°55.525N 18°22.125V

"Suður frá [Beinrófu í túninu] lágu margfaldir troðningar, kallaðir Göturnar. Það var Þjóðleiðin forna sunnan frá vaðinu yfir ána í Vaðhólshvammi." segir í Örnefnalýsingu Eyjafjarðar. Göturnar lágu inn (ASA) frá bæ 001 að Vaðhólshvammi (005). Ekki eru merki um göturnar lengur greinileg en þar sem þær voru eru sléttuð tún og umrót.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Ey I.1, 31; Ö-Árs, 31

EY-054:031 *Hranareksmýri* sögustaður 65°56.715N 18°21.704V

"[á seinni hl. 19. aldar] lifði á vörum fólks forn sögn um Hinrik nokkurn, sem átti heima á Birnunesi, en var veginn vegna ójafnaðar gagnvart bóndanum á Hellu, sem hafði akra sína þarna við landamerkin og rak réttar sins með því að leggja að velli yfirgangsmanninn, sem reyndar hét Hrani en ekki Hinrik. Eftir þennan verknað hlaut staðurinn nafnið Hranreki eða Hranarek (sjá Svarfdælasögu). Þegar 'mýri' bættist aftan við, varð þetta stírdlegt í framburði: Hranareksmýri, og víxlaðist auðveldlega yfir í Hinriksmýri. Þegar svo atburðurinn fyrntist og Hinriks-nafnið var komið inn í málið, en ójafnaðarmaðurinn Hrani Kötluon á Birnunesi öllum gleymdur, skripluðu menn yfir til þess nafnsins, sem léttara var í munn. Þannig er Hinriksmýrarnafnið til orðið." Nú talið sama örnefni og Hinriksmýri. Enn er búið á Hinriksmýri og þar er nú steinsteypt hús, í norðurjaðri þéttbýlisins í Árskógssandi. Bærinn er 100-150 m suðvestan við hús Samherja og 20 m ofan (sunnan) við vegslóða sem liggur út úr þorpinu. Steinsteypt hús á sléttuðum túnbleðli er nú á þessum stað.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Ey I.1, 27-28 sbr. Ö-Árs, 30-31

EY-054:032 *mannabein* legstaður

"Forn mannabein fundust í brúarmelnum við Þorvaldsdalsá, ..." segir Haraldur Davíðsson á Stóru-Hámundarstöðum í bréfi til Þjóðminjasafns Íslands 1985. Samkvæmt örnefnaskrá er Brúarmelur norðan Þorvaldsdalsár þannig að hér virðist á ferðinni annar legstaður en kumlið í Stærra-Árskógssandi. Kristján Eldjárn Kristjánsson getur þessa staðar í bréfi sínu til Þjóðminjavarðar um kuml í Stærra-Árskógssandi. Hann skrifar "að hrossbein hafi fundizt í melhól norðan við Þorvaldsdalsá, fáum metrum norðan við fossinn." Kristján sendi nokkur af þessum hrossbeinum suður (Þjms. 7708b). Staðurinn var aldrei rannsakaður. Ekki er ólíklegt að þarna hafi einnig verið kuml en þar sem staðurinn var aldrei rannsakaður er ekki hægt að skera úr um það.

Heimildir: Bréf Haralds Davíðssonar á Stóru-Hámundarstöðum til Þjóðminjasafns 6.5.1985

EY-054:033 *garðlag* 65°55.242N 18°23.105V

"Gerði" í Litla-Árskógi. Uppi á svonefndum Böllum (við Hraunið) sést garðlag á loftmynd og mótur fyrir einhverjum tóttum, en ekki er þetta nefnt í Örnefnaskrá." segir í Vesturströnd Eyjafjarðar. Garðlag sem minnr á Sveitalang sést um 950 m suðvestan við bæ 001. 20-30 m neðan við garðlagið, nálægt vesturenda þess er lyngi vaxin hæð, rúmlega 20 X 15 m að stærð. Hugsanlegt er að þar leynist mannvistarleifar. Garðlagið liggur um lyngivaxinn móa.

Garðlagið liggur frá merkjum við Brattavelli og út (til vesturs). Það er misgreinilegt, víða allt að því 4 m á breidd. Þó má merkja það í um 270 m til vesturs áður en það beygir upp hlíðina (til suðurs) og liggur þar til suðvesturs í hlykkjum í um 150 m ofan í lækjar drag. Þar hverfur garðlagið. Á þessum slóðum er mjög þýft en ekki eiginlegar tóftir.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Vesturströnd Eyjafjarðar, 190

EY-054:034 tóftir

65°55.573N 18°22.668V

"Í móunum NV frá bænum mótast einnig fyrir einhverjum rústum og garðlögum." segir í Vesturströnd


Eyjafjarðar. Garðlögin eru fyrst merkjanleg ofan við efstu tún á Litlu-Árskógum. Þau eru um 300 m vestan við (innan og ofan við) bæ 001. Lyngivaxinn mói.

Garðlagið liggur í L. Það liggur frá túni í 27 m til VSV en þá er annað garðlag minna greinilegt frá því og til suðurs í 80 m en það fjarar út 20 m utan við tún. Fyrirnefnda garðlagið liggur áfram í

260 m þar til það beygir í 90° til NNVOg liggur í 150 m að merkjum. Norðvestan við merki hefur garðlagið verið sléttað í tún. Í horni garðlagsins eru þrjú hólf. Samtals mynda þau þríhyrning sem er 36 X 44 X 22 m að stærð. Garðlagið er víðast 4-5 m á breidd og 0,7 m á hæð. Það er lyngivaxið.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Vesturströnd Eyjafjarðar, 190



EY-054:035 þúst

65°56.594N 18°20.973V

Þúst er 35 m utan við (vestan) Aðalbraut og 5 m ofan við (sunnan) en lóð við íbúðarhús nr. 12 við Aðalbraut. Umhverfis er sléttað tún.

Þústin er áberandi þar sem hún rís upp úr sléttlendinu. Innri skipan er þó með öllu ógreinileg. Hún er 8 X 9 m að stærð, á kafi í grasi. Hún er 0,4 m á hæð og ferningslaga.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

EY-054:036 garðlag

65°56.617N 18°21.492V

Garðlag eða upphlaðinn vegur sést enn greinilega frá Hafnarbraut sem liggur að Árskógssandi (þéttbýlinu). Garðlagið liggur til suðvesturs í átt að Hinriksmýri. Liggur um móa en hefur verið sléttaður í tún annars staðar.

Garðlagið er 4-5 m á breidd en 0,5 m á hæð. Það er um 400 m á lengd. Garðlagið er flatt að ofan og líkist mest upphlöðnum vegi, algrónum. Garðurinn hefur áður legið yfir túnin milli Sólvalla og Viðarholts því greina má hrygg í sléttuðu túninu þar sem hann hefur verið.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

EY-054:037 mógrafir

65°55.226N 18°22.642V

Stórar svarðargrafir eru fast við merki milli Litla-Árskógar og Bröttuvalla um tæpa 700 m SSA við bæ 001.

Grafirnar eru ofan túna. Umhverfis er þýft engi en austan merkja sléttuð tún. Grafirnar eru 1,5 m að dýpt en og eru á 60 X 30 m stóru svæði.

Hættumat: hætta, vegna sléttunar


EY-054:038 garðlag

65°55.491N 18°21.601V

Um 120 m ofan við þjóðveg, fast upp frá Þorvaldsá er garðlag. Garðlagið liggur um lyngivaxinn bakka að Þorvaldsá. Garðlagið er um 50 m á lengd en 1,5 m á breidd og 0,7 m á hæð. Það er lyngivaxið. Ekki er ljóst hvaða tilgangi það hefur gegnt en ekki er ólíklegt að það hafi verið einhvers konar vörslugarður. **Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

EY-054:039 tóftir+garðlag

65°55.398N 18°22.742V



400-500 m beint ofan við (SSV) við bæ 001 eru tóftir og vallargarður. Tóftirnar eru fast ofan við efstu tún. Lyngi og grasvaxinn fjallshlíð.

Á svæðinu eru fjórar tóftir auk 50-60 m langs garðlags. Við lýsingu er hverri tóft gefinn bókstafur til einföldunar. Norðvestast er einföld tóft (A) sem er 7,5 X 5 m að stærð og snýr



norðvestur-suðaustur. Ekki er greinilegt op á tóftinni (þó hugsanlegt að það hafi verið á syðst á vesturvegg) en hún er úr torfi og nokkuð gróin. 27 m sunnan við tóftina er greinlegt garðlag sem liggur beint til suðvesturs upp hlíðina. Það er um 60 m langt en skarð er í það um miðbikið þar sem akslóði liggur í gegn. Við enda garðlagsins, á hæð er svo tvískipt tóft (B). Hún er 9 X 7 m að stærð og norðvestara hólfíð er opið til norðurs. Tóftin er sigin og og gróin og engar grjóthleðslur sjást í henni. Um 50 m ANA við norðurenda garðlagsins er

Ein af tóftunum, horft til austurs

tóft sem virðist skiptast í þrjú hólf (C). Tóft þessi er á hæð um 20-30 m ofan við girðingu sem girðir af efstu tún. Tóftin er 12 X 12 m að stærð og er norðurhluti hennar nokkuð óskýr. Svo virðist sem op hafi verið á milli hólfá og einnig á norðvesturvegg tóftarinnar. Tóftin er mjög sigin og að nokkru hlaupin í þúfur. 12 m norðaustan við (C) er svo gerði (D). Það er ferhyrnt og 13 X 11 m að stærð. Gerðið er á sömu hæð og (C) og er einnig sigið og ógreinilegt á köflum.

Hættumat: hætta, vegna túnræktar

EY-055 Brattavellir

24. hdr. 1712. Stærri-Árskógskirkjueign síðar Hólastólsjörð. Átti hrísrif í Litla Árskógs landi gegn torfristu. Brattahlíð/Tunga hjáleiga frá um 1900 til 1926. Vallholt nýbýli 1919 en nú nytjað frá Brattavöllum.

Í Guðmundar sögu Dýra er sagt frá því að Þorgerður Þorgeirsdóttir hafi búið á Brattavelli í Þorvaldsdal 1188. Sturlunga sögur I, 171. Brattavalla er getið í Biskupasögu Guðmundar Arasonar. Þar segir frá för Guðmundar Arasonar til Svarfaðardals veturinn 1195. Í för með honum voru lærisveinar, m.a. "Vermundur, son Þorgríms af brattavalle;" Biskupa sögur, (1858), 441.

14. mars 1375 er Brattavalla fyrst getið í sölubréfi þegar Jón Ólafsson seldi Auðbrekku í Hörgárdal og hálfu Brattavelli fyrir Hóla í Eyjafirði. DI III, 296.

1429 kemur fram í Vísitaziugerð Jóns biskups Vilhjálmssonar að Brattavellir eiga sókn til Árskógar. DI IV, 375.

1461 Kemur fram í máldaga Ólafs biskups Rögnvaldssonar um kirkjuna á Kvíabekk að hún hefur tekið 3 kýr "biskupsins vegna" frá Brattavöllum. DI V, 257

23. janúar 1471 fær Runólfur Höskuldsson Ólafi biskupi og kirkjunni á Hólum Brattavelli og fleiri jarðir fyrir hördæmi. DI V, 600.


1487 kemur fram í máldaga Ólafs biskups Rögnvaldssonar um bænhús og kirkjur í Hólabiskupsdæmi að bænhús á Brattavöllum er uppi. DI V, 356.

30. júlí 1479 koma Brattavellir fyrir í skipan Ólafs biskups Rögnvaldssonar um sálumessur. DI VI, 219

1525 eru Brattavellir eign Hólastóls skv. Sigurðarregistri. DI IX, 301.

1550 er bærinn enn eign Hólastóls skv. skrá um eignir Hólakirkju. DI X, 867.

1917: 3.8 ha. 1/4 slétt. Garðar 330 m². 1973: "Beitiland lítið en gott. Afrétt á Þorvaldsdal." BE II, 102 **1990:** "... túnið liggur að mestu milli árinna og fjallsins suður af bænum." BE 1990, 294



EY-055:001 Brattavellir bæjarstæði bústaður 65°55.094N 18°22.176V

Gamli bærinn á Brattavöllum sem merktur er inn á túnakort frá 1917 var á svipuðum stað og íbúðarhús stendur nú. Gamli bærinn sem merktur var inn á túnakortið þó ofar (vestar) en núverandi íbúðarhús, en báðir bærir stóðu uppi á tímabili og var þá gangvegur sund á milli þeirra. Baklóð við íbúðarhúsið á Brattavöllum sem nú stendur. Ekki er greinilegur bæjarhóll.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917

EY-055:002 heimild um útihús 65°55.086N 18°22.187V

30 m ofan og innan við (VSV) við gamla bæinn 001 var útihús samkvæmt túnakorti frá 1917. Á þessum stað er nú steipt fjós, klætt bárujárn en eldri hús eru alveg horfin.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917

EY-055:003 heimild um bústað 65°55.095N 18°22.149V
15 m neðan (austan) við gamla bæinn 001 á Brattavöllum er merkt bæjarhús inn á túnakort frá 1917. Malarvegur er nú austan við íbúðarhúsið á Brattavöllum og engin merki bæjarhúsanna eru greinileg. Ekki er vitað hvaða hús stóð á þessum stað.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917

EY-055:004 heimild um útihús 65°55.153N 18°22.194V
100 m utan (norðan) við bæ (001) var útihús samkvæmt túnakorti frá 1917. Lítil hæð er í sléttuðu túni á þessum stað, 5-10 m vestan við heimreið en engin ummerki sjást um útihúsið.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917

EY-055:005 heimild um útihús
Útihús var samkvæmt túnakorti frá 1917, 125 m utan við (norðan) gamla bæinn 001 og tæpum 20 m utan við 004. Á sömu sléttuðu hæðinni í túni eins og 004. 5-10 m vestan við heimreið. Engin merki eru lengur greinileg um húsið.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917

EY-055:006 heimild um útihús 65°55.161N 18°22.160V
Um 140 m utan (norðan) við gamla bæinn 001 var útihús samkvæmt túnakorti frá 1917. Húsið var rúmum 25 m neðan við (norðar) við annað útihús 005. Húsið hefur staðið nálega þar sem nú er gömul útihúsasamstæða í landi Vallholts (úr steypu, bárujárni, timbri og torfi).
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917

EY-055:007 heimild um útihús 65°55.175N 18°22.123V
190 m utan við (norðan við) gamla bæinn 001 og örlítið neðar (austar) var útihús samkvæmt túnakorti frá 1917. Húsið var 30 m utan og neðan við 006. Húsið hefur verið nálega þar sem steinsteypt íbúðarhúsm (Vallholt) er nú.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917


EY-055:008 *Kot* heimild um býli 65°55.124N 18°22.829V
"Smáöldótt engjasvæði niðri á flatlendinu heitir Balir. Tóftabrot þar eru kölluð Kot, en með öllu óvíst er hvort þar hefur verið mannabústaður." segir í Örnefnalýsingu Eyjafjarðar. "Munnmæli telja að þar hafi verið býli." segir í örnefnaskrá Árskógsstrandar. Í Vesturströnd Eyjafjarðar er Kotinu lýst á eftirfarandi hátt (1982): "Um 1/2 km SV frá bænum eru tættur umluktar sporöskjulaga garði (skv. loftmynd) sem líklega er það sem í Örnefnaskrá er kallað Kot, en líkist því að vera það sem Á.M. kallar þrælagerði." Nú er sléttuð tún þar sem Kotið var. Það var sunnan við Torfhól 054:007, um 80 m sunnan við merki við Litla-Árskóg en tæpum 500 m VNV við bæ 001. Sléttuð hæð er í túninu þar sem Kotið var, önnur ummerki eru ekki greinileg.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Ey I.1, 33: Ö-Árs, 28; Vesturströnd Eyjafjarðar, 190

EY-055:009 *Kvíamór* heimild um kvíar 65°54.700N 18°22.365V
"Um ... Þrætutungu fellur Stórilækur. Þar heitir líka Kvíamór." segir í örnefnaskrá Árskógsstrandar. Kvíar voru í Kvíamó, um 750 m suðsuðvestan við bæ 001. Þær voru um 50 m neðan við (austan) við vegslóða sem liggur inn að Kleif. Kvíarnar hafa verið nærri merkjum við Kleif. Sléttuð tún. Sigurlaug Gunnlaugsdóttir man eftir tóft á þessum stað en hún er nú horfin í tún. Hún hélt helst að tóftin væri af heystæði.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Árs, 28

EY-055:010 *Stefánsгарður* tóftir
"... í árhvamminu neðan túnanna, eru garðhleðslur nefndar Stefánsгарður. Hann er á Undirvelli." segir í Örnefnalýsingu Eyjafjarðar. Undirvöllur er heiti á skeifulaga hvammi við Þorvaldsá milli

Brattavalla og Vallholts. Hvammurinn er sléttur og grasi vaxinn.

Tvær tóftir eru í hvamminum og eru 60 m á milli. Neðri tóftin (sú nyrðri) er 12 X 11 m að stærð. Innan hennar eru leifar lítils kofa 3 X 3 m að stærð og er hann opin til austurs (að á). Frá þessari tóft



og að á eru um 30 m. 60 m suðvestan við þessa tóft er önnur minni. Hún er 5 m vestan við Þorvaldsá og er 7 X 6 m að stærð, einföld og ekki er greinilegt á henni op. Ekki sjást leifar garðlags í hvamminum.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Ey I.1, 34; Ö-Árs, 28

EY-055:011 frásögn af stekk


65°54.857N 18°22.240V

Stekkur var þar sem nú eru sléttuð tún, 20-30 m neðan við (austan) vegslóða að Kleif og 440 m sunnan við bæ 001. Á þessum stað eru nú sléttuð tún og er hæð þar sem stekkurinn var. Önnur ummerki eru ekki greinileg.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

EY-055:012 tóftir+garðlag sel
Sel er enn greinilegt um 660 m suðvestan við bæ 001. Það er á lágum hól ofan við tún (en 50 utar við ná þó einhver tún ofar). Selið er um 350 m ofan við slóða sem liggur inn að Kleif. Selið er í grösugum haga en 100 m ofar tala grýttir hólur við.

Seltóftirnar eru greinilegar á hæð en ofan og utan við þær er garðlag og eru 2 hólfr sambyggð því. Seltóftin er um 21 X 7 m að stærð og snýr norður-suður. Veggir þess eru um 0,3 m á hæð og það er alveg gróið. Selið skiptist upp í fjögur hólfr. Syðsta hólfið er opið til austurs en ekki eru önnur op á útveggjum. Milli nyrsta og næst nyrsta hólfsins er op. Um 40 m ofan við selið er mikið garðlag sem liggur norður-suður. Syðst er 9 X 5 m stórt hólfr byggt upp við garðlagið en frá því liggur það í um 80 m áður en hægt er að merkja annað hólfr sem byggt er við vallargarðinn utanverðan 8 X 4 m að stærð. Um svipað leyti liggur styttra garðlag frá




vallargarðinum og niður brekkuna. Það er greinilegt á 20 m kafla en verður þá ógreinilegt í mýrinni (á um 20 m kafla) en er aftur greinilegt í um 20 m neðar. Hægt er að greina stærra garðlagið um 17 m lengra til norðurs áður en það fjarar alveg út. 12

Hættumat: engin hætta

EY-055:013 *Brattahlíð* frásögn af bústað

65°55.203N 18°22.552V



Brattahlíð/Tunga hjáleiga frá um 1900 til 1926. Það var um 100 m sunnan við merki við Litla-Árskóg, fast vestan við skurð sem nú liggur norður-suður í túninu. Býlið var um 350 m norðvestan við bæ 001. Nú eru rennislétt tún á þessum stað og engin merki býlisins greinileg. Rétt vestan við bæinn var útihús og eru merki þess einnig alveg horfin.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

EY-055:014 heimild um mógrafir


65°55.132N 18°22.912V

Sigurlaug Gunnlaugsdóttir man eftir svarðargröfum um 560 m vestan við bæ, ofan við Torfhól 054:007. Ekki eru greinileg merki svarðargrafanna nú en þær voru í mýri sem er milli melhóla.

Hættumat: engin hætta

EY-055:015 landamerkjagarður

65°54.740N 18°22.482V



Landamerkjagarður, horft til vesturs

Garðlag er merkjanlegt um 20-30 m ofan við bíslóða að Kleif og til norðvesturs. Það liggur um þýfðan og grasgefinn haga. Garðlagið sést fyrst um 20-30 m ofan við bíslóða að Kleif. Það liggur svo um 60 m til norðvesturs þar til um 30 sunnan við Stóralæk. Þá verður garðlagið ógreinilegt en má aftur greina það norðan Stóralæks þar sem það liggur upp með læknum á um 30 m kafla áður en það sveigir suður fyrir hann á ný og liggur upp hliðina.

Garðlagið er ekki fjarri merkjum við Kleif og er líklegt að það hafi áður verið merkjagarður þó nú sé það eilítið norðar en núverandi landamerki. Það er um 650 m langt en er ógreinilegt ofarlega í hliðinni. Það er mest um 0,6 m á hæð en 1,5-2 m á breidd.

Hættumat: engin hætta

EY-055:016 heimild um bænhús

1487 kemur fram í máldaga Ólafs biskups Rögnvaldssonar um bænhús og kirkjur í Hólabiskupsdæmi að bænhús á Brattavöllum er uppi. DI V, 356. Ekker er vitað um staðsetningu bænhússins.

Heimild: DI V, 356

Hættumat: hætta vegna ábúðar

EY-066 Hella

30 hdr. 1712. Hólastólsjörð. Getið í Svarfdælasögu og Valla-Ljóts sögu sbr. Bollapátt og Landnámu. Á Hellu var hálfkirkja. Hákarlaútgerð var rekin frá Hellu á 19. öld. Gilsbakki og Lækjarbakki voru sjóbýli með grasnyt en Hellugerði var hjáleiga í um 30 ár til 1927. Hella á ekkert land til fjalls.

1487 kemur fram í máldaga Ólafs biskups Rögnvaldssonar um bænhús og kirkjur í Hólabiskupsdæmi að hálfkirkja er niðri á Hellu. DI V, 356

24. maí 1486 erfir Sveinn Sumarliðason eftir afa sinn Eirík Loftsson á Grund margar jarðir, m.a. Kross og Hellu. DI VI, 571.

23. maí 1514 má sjá að sölubréfi að Hella er eign Þorsteins Finbogasonar.

1550 er bærinn eign Hólastóls og metinn á xl hdr. skv. skrá um eignir Hólakirkju. DI X, 867.


1552 er Hella talinn upp með þeim eignum sem Hólastóll eignaðist í tíð Jóns Arasonar. Metin á 40 hdr. DI XII, 461. Jörðin er aftur talin upp í reikningi Hólastóls 1569 (DI XV, 227) og 1570 (DI XV, 459)

1712 léði Hella skipstöðu til Krossa fyrir nautabeit á sumar. JÁM X, 102.

1917: 4.0 ha. 5/6 slétt. Gardar 2400 m²

1973: "Sauðfjárbeit er góð og fjörubeit nokkur, afrétt á Þorvaldsdal." BE II, 95

1990: "Mikið af [Hellulandi] er óræktað mólendi en túnin breiða úr sér á flatlandinu norðan til í landareigninni upp frá bænum og út í Reistsvík innan við Fagurhöfðann. Smávægileg hlunnindi hafa Hellubændur fyrrum haft af reka sem skolaðist á land í vikinni." BE 1990, 280



EY-066:001 Hella bæjarhöll bústaður

65°56.542N 18°23.784V

Gamli bærinn á Hellu, sem merktur er inn á túnakort frá 1917, stóð nálega þar sem nú er fjós. Steinhús var byggt framan við (sunnan) við gamla bæinn en það brann síðar. Bærinn stóð á lágrí hæð, vart er hægt að tala um bæjarhól. Á hæðinni eru nú nýja íbúðarhúsið, fjós og hlað. Steinhúsið sem byggt var á eftir gamla bænum brann og var rífið að hluta en neðsti hlutinn stóð eftir og fjós var byggt við.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917

EY-066:002 kirkjugarður útkirkja

65°56.528N 18°23.766V

HELLA Á ÁRSKÓGSSTRÖND (ÁRSKÓGSÞING) (E) - HÁLFKIRKJA

1487: er niðri DI V 356.

Bænhúsið og kirkjugarðurinn hafa verið á hlaðinu, sunnan og suðvestan við gamla bæjarstæðið og norðvestan við núverandi íbúðarhús frá 1958. Á þessum stað er nú hlað og heimreið að Hellu.

Adolf Friðriksson og Orri Vésteinsson fornleifafræðingar grófu í kirkjugarðinn við bænhúsið 1989. Í skýrslu þeirra um uppgröftinn segir: "Í júní 1989 var unnið við jarðvegsskipti í hlaði á Hellu á Árskógsströnd. Við jarðraskið fundust mannabein og var þjóðminjasafni tilkynnt um fundinn. Árið 1983 hafði einnig verið komið niður á mannabein þegar grafið var fyrir rafmagnslögn í bæinn. Þá fundust 5 beinagrindur sem sendar voru til þjóðminjasafns. Einnig höfðu komið í ljós sex grafir á sama stað skömmu eftir aldamótin 1900 og munu þær hafa legið saman í skipulegum röðum (Jóhannes Óli Sæmundsson 1978, 22). Alls hafa því 15 kristnar grafir fundist í hlaðinu, sunnan og suðvestan við

gamla bæjarstæðið og norðvestan við núverandi íbúðarhús frá 1958. Hálfkirkja var á Hellu á miðöldum, þjónað frá Stærra-Árskógi, og var hún fallin 1487 (DI V, 356). Engar aðrar heimildir eru til um hálfkirkju á Hellu en einsætt er að grafirnar sem komið hafa í ljós í hlaðinu á Hellu muni vera úr grafreit við kirkju þessa. Mokað var yfir grafirnar sem vart varð við í júní 1989 en þar sem ástæða þótti til að afla frekari upplýsinga um beinin sem send höfðu verið til safnsins 1985 og til að staðfesta að beinin væru örugglega úr kristnum grafreit lét Þjóðminjasafn gera athugun á staðnum og fór hún fram 1. og 2. september 1989. Grafirnar voru tveir skurðir í og við hlaðið á bænum (sjá mynd 3). Skurður A var tekinn til að rannsaka beinin sem fundust höfðu við jarðraskið, en skurður B til að kanna syðri mörk grafreitsins. Skurður A: Við jarðvegsskiptin í hlaðinu höfðu um 30 40 sm af mold verið skafnir ofan af yfirborði og fyllt síðan með mól. Grafið hafði verið niður að beininum og mölin síðan sett yfir þau. Þegar uppgröfturinn hófst var allstórt svæði opnað við suðvesturbrún hlaðsins þar sem mannabeinin höfðu fundist fyrr um sumarið. Vestarlega í skurðinum var komið niður á þrjá steina er gætu verið úr hleðslu. Þeir lágu í röð frá norðri til suðurs og snéru sléttri hlið í austur. Í kringum steina þessa var moldin dökkbrún en annarsstaðar í skurðinum var hún mun ljósari. Við norðurbrún skurðarins vottaði fyrir móösku, brenndum beinum og kolaflekkjum. Gjóskulag sem einnig fannst í skurði B og fjallað er um hér að neðan, fannst í stórum flekkjum austan við steinana. Eftir allnokkra leit fundust mannabeinin aftur. Þau lágu austan við miðju skurðarins. Grafirnar voru þrjár og snéru allar í austur vestur. Tvær lágu samsíða en hin þriðja var austan við þær. Beinin voru alls ekkert mörkin en hinsvegar voru mörg þeirra brotin og úr lagi færð vegna rasks á svæðinu. Vel mótaði fyrir útlinum grafanna þar sem þær höfðu verið grafnar ofan í jökulruðninginn, og sáust lítilfjörlega viðarleifar í brúnunum á öllum gröfunum. Í gröf 1 var næsta óhreyfð beinagrind. Hún lá á bakinu en höfuðkúpan hafði orðið fyrir hnjaski og snéri öfugt, þ.e. andlitið snéri niður, og nýlegt sár var í hnakka. Hægri hönd lá kreppt á brjósti, en hin vinstri á kvið. Lengd 155 160 sm. Í gröf 2 lá beinagrindin á hægri hlið utan í norðurhlið grafarinnar. Höfuðkúpa og rifbein voru brotin af seinni tíma hnjaski, upphandleggir lágu niður með hliðum, en hendur í kjöltu. Tennur slitnar en óskemmdar. Lengd 150 155 sm. Svæðið í kringum gröf 3 hafði orðið fyrir meira raski en önnur og var beinagrindin mjög úr lagi færð. Höfuðkúpan var mölbrotin. Þær tennur sem sáust voru slitnar en óskemmdar. Við höfuðkúpuna lágu fjórir hálsliðir og nokkrar beinflisar. Ekki vottaði fyrir hryggjarliðum né rifbeinum, en um 50 sm austan við hauslúpu lágu lærleggir og sköflungar, auk nokkurra minni beina er gætu verið fingurbein. Afstaða þessara beina bendir til að þau tilheyri öll sömu beinagrindinni og hefur miðja hennar sennilega horfið við skurðgröft á þessari öld.

Skurður B: Grafinn var skurður í túnstubbinn vestan við núverandi íbúðarhús. Suðvesturhorn hans var 8 m í vestur frá norðvestur horni íbúðarhússins. Hann var 50 cm breiður og 5,3 m langur, með norðurenda í skurðinum frá 1983 (sem lá í norðvestur frá norðvestur horni íbúðarhússins). Undir grasrót, sem er allþykk á þessum stað, er á kafla sunnantil í skurðinum gjóskulag, 3 4 sm þykkt, gulleitt en dekkra efst. Guðrún Larsen athugaði sýni af þessu lagi og taldi að það væri sennilega H4 enda finnst það í sömu þykkt á þessum slóðum (Guðrún Larsen og Sigurður Þórarinnsson 1977, Mynd 3. s. 31). H4 er forsögulegt gjóskulag frá um 2500 f.kr. (sama heimild, Table II s. 41). Gjóskulagð er í rauðleitri mold og eru um 30 sm frá því niður á gráleitan jökulruðning. Rauðleita moldin var allsstaðar undir grasrótinni en um miðjan skurðinn voru óglögg skil í hana; sunnan við þau var hún algerlega óhreyfð en norðan við þau hreyfð og blönduð tætlum af öskulaginu, örlitlu af móösku og viðarkolum. Í þessu lagi fundust nokkur dýrabein á stangli, svo og eitt kítarpípubrot upp undir grasrót. Nyrst í skurðinum var komið niður á mannabein á 45 sm dýpi. Í skurðinum sáust 2 sköflungar og hægra lærbein en það vinstra vantaði (gröf 4). Þar sem vinstra lærbeinið hefði átt að vera var þess í stað kjálki með heilum en mikið eyddum tönnum. Sköflungarnir og lærbeinið voru auðsjáanlega á sínum stað, en eitthvað hefur komið fyrir vinstri hlið beinagrindarinnar og þar hefur kjálkinn lent. Ekki er víst kjálkinn sé úr sama manni og leggjabeinin. Af stærðinni að dæma virtust þau vera úr stærri manni en kjálkinn, þó auðvitað sé erfitt að dæma um slíkt eftir augnmáli. Allt í kringum þessi bein voru viðarleifar og með suðurhlið beinagrindarinnar mjög fúin fjöl upp á rönd. Engin slík var norðan við gröfina. Ekki sást móta fyrir niðurgrefti fyrir gröfinni í sniði, en ofan á beinagrindinni var rauðleita moldin þó meira blönduð en til hliðanna og þar í örlitið af sandi eða grús. Undir beinagrindinni voru 3 4 sm af rauðleitu moldinni, en þar undir var jökulruðningurinn. Um 45 sm norðan við beinagrindina, og á sama dýpi og hún, fannst hryggjarliður úr manni og rétt norðan við hann stæðileg fjöl á ská upp á rönd með sömu stefnu (austur vestur) og fjölin sem var sunnan við beinagrindina. Allt of langt er þó á milli þeirra (um 80 cm, sjá mynd 5) til að þær geti verið úr sömu kistu. Allnokkuð af fúnum viðarleifum var þó á milli fjalanna og eins norðan við þá nyrðri. Engar viðarleifar fundust sunnan við syðri fjölinu, fyrir utan lítinn fjalarbút í grasrótinni um 1 m sunnan við beinagrindina og mun hann ekki vera gamall. Hryggjarliðurinn og viðarleifarnar nyrst í skurði B eru mögulega úr sömum gröf eða gröfum sem beinagrindurnar fimm voru teknar uppúr árið 1983. Efst í róti úr þeim skurði fannst einnig jaxl úr manni sem gæti átt heima með einni af þeim beinagrindum. Ástæðulaust þótti að leita kirkjugarðsveggjar frekar til suðurs, þar

sem ljóst var að honum og öllum efri hluta kirkjugarðsins hefur verið jafnað út. Frekara jarðrask er ekki fyrirhugað í hlaðinu á Hellu og voru beinagrindurnar því ekki teknar upp heldur látið nægja að hreinsa frá þeim, ljósmynda þær, mæla og teikna. [...] Á Hellu á Árskógsströnd hafa á þessari öld fundist samtals 15 beinagrindur, þar af hafa 4 verið skoðaðar við uppgröft. Óvíst er um nákvæma staðsetningu beinagrindanna 6 sem fundust rétt eftir aldamótin síðustu en lýsing á þeim fundi, "skammt sunnan við ... íbúðarhúsið frá 1934" (núverandi verkstæði) bendir til að þær hafi verið á sömu slóðum og beinagrindurnar sem fundust 1983 og 1989. Beinagrindurnar sem fundust 1989 horfa allar í austur og þær 5 sem fundust 1983 munu einnig hafa snúið þannig. Um legu handa verður ekki dæmt nema í gröf 1 en þar er vinstri hönd á kviði en sú hægri hefur líklega hrærst úr stað. Það getur því ekki leikið vafi á um að þetta er grafreitir hálfkirkjunnar sem var á Hellu á miðöldum. Ekki fundust neinar vísbendingar um aldur grafanna en með því að hálfkirkjan hefur verið fallin 1487 er líklegast að grafirnar séu eldri en það. Auðvitað er ekki loku fyrir skotið að kirkjan hafi verið reist við aftur og að hún hafi staðið fram á 16. öld og jafnvel þá 17. en smá kirkjur voru heldur á fallanda fæti frá 15. öld og verður að telja þann möguleika ósennilegan. Það er því mögulegt að grafið hafi verið í kirkjugarðinn á Hellu frá 11. öld og fram á þá 15. en nær verður ekki farið um aldur beinanna.

Á gamla bæjarhólnum á Hellu standa nú útihús og var það syðsta (verkstæði) byggt sem íbúðarhús 1934. Kirkjugarðurinn er suðsuðvestan við bæjarhlaðið eins og það hefur verið þegar torfbærinn stóð. Kirkjustæðið hefur orðið fyrir miklu hnjaski í tímans rás, allar beinagrindurnar sem skoðaðar voru 1989 voru meira eða minna úr lagi færðar og nú eru ekki eftir nema neðstu 10 20 sm af gröfunum en allur efri hluti garðsins hefur verið sléttaður út, og nemur lækkinin sennilega meira en einum metra. Leifar kirkju og kirkjugarðsveggjar eru því horfnar, en vel er hugsanlegt að fleiri grafir gætu leynst undir hlaðinu á Hellu.

Þó ekki verði margt sagt um þennan kirkjugarð er ástæða til að reyna að átta sig á takmörkum hans og eins hvar kirkjan hefur staðið. Í skurðinum sem grafinn var 1983 og lá í norðvestur frá norðvesturhorni núverandi íbúðarhúss fundust 5 beinagrindur. Þær lágu nokkuð þétt allt undir vesturbrún núverandi heimreiðar en þar vestan við fundust engar grafir. Takmörk kirkjugarðsins í vestur eru því þar við eða litlu vestar. Í sniði í skurði B sáust skil í rauðleitu moldina um 1,5 m sunnan við gröf 4. Takmörk kirkjugarðsins í suður eru því líklega þar um kring. Þegar grunnur var tekinn fyrir núverandi íbúðarhúsi 1958 komu engin bein upp. Kirkjugarðurinn hefur því ekki náð lengra í suðaustur en að þeim grunni. Fyrir nokkrum árum var grafinn skurður þvert yfir hlaðið frá norðaustur horni bakdyraskúrs íbúðarhússins og undir suðausturhorn núverandi verkstæðis. Í honum fundust engin bein. Takmörk kirkjugarðsins í austur liggja því fyrir vestan þá línu. Hvort sem kirkjugarðurinn hefur verið hringlaga eða ferningslaga þá eru norðurarmörk hans samkvæmt þessu um 20 m norðan við núverandi íbúðarhús. Samkvæmt þessu hefur flatarmál garðsins verið um 300 400 m². Miðja þessa flatar er einmitt rétt sunnan við grafir 1 3 þar sem engar grafir fundust á allnokkru svæði. Verður að teljast líklegt að þar hafi kirkjan staðið. Steinarnir þrír sem fundust á þessum stað og litamunurinn á moldinni í tengslum við þá, í svipaðri hæð og botn grafanna, geta þó tæplega verið leifar kirkjugrunns nema grafirnar hafi verið mjög grunnar. Gildi þessara niðurstaðna er fyrst og fremst að þær styrkja aðrar vísbendingar um að almennt hafi verið grafið við útkirkjur og bænhús á Íslandi á miðöldum - á sama tíma og ritheimildir benda til að líkagröftur hafi verið sérréttindi sóknarkirkna. Hinn mikli fjöldi grafa í kirkjugarðinum á Hellu bendir til að þar hafi heimamenn að jafnaði verið grafnir þó ekki verði með neinni vissu sagt hversu lengi það hefur haldist. [...] Að lokinni minniháttar rannsókn á beinafundum sem komið hafa í ljós á bæjarhlaðinu á Hellu hefur fengist staðfesting á að þar er forn grafreitir. Á Hellu var hálfkirkja á miðöldum og eru þessar minjar því líklega frá þeim tíma. Þó að á Hellu hafi aldrei verið sóknarkirkja, er þessi beinafundur ekki óvæntur eða óvenjulegur, enda hafa mannabein víða fundist við jarðrask á þeim stöðum þar sem bænhús eða útkirkjur stóðu. Leifar bænhúss og grafreits á Hellu er því enn ein vísbending um að á miðöldum var fólk einnig jarðsett við hálfkirkjur." Við uppgröftinn fundust látúnslampi, brot af kítarpípu, jaxl úr manni og nokkur kindabein.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: AF & OV: Skýrsla uppgröft á Hellu

EY-066:003 heimild um útihús 65°56.540N 18°23.799V
20 m ofar (sunnar) en bær 001 var útihús samkvæmt túnakorti frá 1917. Á þessu svæði er nú sléttuð hæð og í henni miðri eilítill dæld. Heimildamaður man eftir tóftarbroti á þessum stað.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917

EY-066:004 heimild um fjárhús 65°56.562N 18°23.751V
Um 25 m norðvestan (utan og neðan) við bæ 001 var útihús samkvæmt túnakorti frá 1917. Þar stóðu fjárhús á svipuðum stað og yngri fjárhús eru nú. Húsin voru á svipuðum stað og fjárhús standa nú. Nú

eru nýleg fjárhús á þessum stað, umhverfis eru sléttuð tún.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917

EY-066:005 heimild um útihús 65°56.636N 18°23.820V

175 m vestan (utan) við bæ 001 og örlítið neðar, var útihús samkvæmt túnakorti frá 1917. Hæð í sléttuðu túni. Þar vex ljósleitara gras en í túnunum umhverfis.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917

EY-066:006 heimild um útihús 65°56.654N 18°23.804V

220 m norðvestan (utan og neðan) við bæ 001 var útihús samkvæmt túnakorti frá 1917. Húsið hefur verið þar sem nú er hæð í sléttuðu túninu, um 10 m innan við skurð sem liggur eftir túninu endilöngu.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917

EY-066:007 *Reitsvík* heimild um lendingu 65°56.762N 18°24.231V

"Við merkin að norðvestan er breið vík ... Heitir hún Reitsvík ... Bakkarnir umhverfis þessa vík, það sem snýr að Hellu, heitir Hellureitur eða Reitur. Úr þeirri lendingu var fyrrum nokkurt útræði, en sífelldum vandkvæðum háð, sökum þess hve víkin er opin fyrir hafáttinni. Er þar sjaldan báruleust." segir í örnefnaskrá Árskógsstrandar "[í Reitsvík] er Hellureitur, í daglegu tali heimamanna nefndur Reiturinn. Þaðan var útræði, en stopult nokkuð, því að víkin gapir móti hörðustu hafáttinni, afdrep ekkert og femur útgrunnt. En vitað er að þar voru naustaðir bátar og skip. Hákarlaskip voru smíðuð þar, enda mikil hákarlaútgerð frá Hellu og næstu bæjum á seinni hluta 19. aldar." segir í Örnefnalýsingu Eyjafjarðar.

Ekki lengur nákvæmlega vitað hvar í Reitsvík lendingin var en hnit var tekið um miðja vegu frá landamerkjum við Litlu-Hámundarstaði. Smágrýtt fjara, víðast hvar nokkuð brattir bakkar upp frá henni en þó góð skörð og dældir upp hér og þar.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Ars, 33; Ö-Ey I.1, 21-22

EY-066:008 *Reitsvík* heimild um naust 65°56.755N 18°24.232V

"Við merkin að norðvestan er breið vík ... Heitir hún Reitsvík ... Bakkarnir umhverfis þessa vík, það sem snýr að Hellu, heitir Hellureitur eða Reitur. Úr þeirri lendingu var fyrrum nokkurt útræði, en sífelldum vandkvæðum háð, sökum þess hve víkin er opin fyrir hafáttinni. Er þar sjaldan báruleust." segir í örnefnaskrá Árskógsstrandar. "[í Reitsvík] er Hellureitur, í daglegu tali heimamanna nefndur Reiturinn. Þaðan var útræði, en stopult nokkuð, því að víkin gapir móti hörðustu hafáttinni, afdrep ekkert og femur útgrunnt. En vitað er að þar voru naustaðir bátar og skip. Hákarlaskip voru smíðuð þar, enda mikil hákarlaútgerð frá Hellu og næstu bæjum á seinni hluta 19. aldar." segir í Örnefnalýsingu Eyjafjarðar. 1712: Heimræði er hjer, lending góð og skipsuppsátur, og mega ganga hjer svo mörg skip sem ábúandi fær við komið, en ekkert gengur hjer nú sakir fólksfæðu. Inntökuskip eru hjer tvö auk Hámundarstaðaskipsins, og ganga þau sjaldan nema um hausttímann, og sjaldan hafa áður fleiri verið. Vertollur er lóðarfiskur af örðu skipinu, en annað skipið er frá Krossum, og kemur fyrir þá skipstöðu nautabeit á sumur, og hafa leiguliðar haft lengi þau umskipti." segir í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns. Ekki er hægt að greina frá lýsingu úr Jarðabókinni 1712 hvort róið hefur verið úr Reitsvík eða Naustavík (021-023) eða báðum. Reitsvík er á merkjum við Litlu-Hámundarstaði. Hellumegin við merkin og um 500-550 m norðvestan (utan og neðan) við bæ 001 voru fjögur naust. Naustin voru grafin út úr bakkanum ofan við fjöruna.

Fjaran er smágrýtt en ofan hennar tekur við grasi vaxinn, nokkuð brattur bakki.

Fjögur skörð eru í bakkann við víkina, Hellumegin við merkin. Hugsanlegt er að þau séu að hluta náttúruleg en samkvæmt heimildamanni var mokað út úr þeim öllum og þau gerð þægilegri til notkunar. Skörðin eru öll V-laga og 10 m á lengd, 6-8 m breið en 1 m á dýpt.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Ars, 33; Ö-Ey I.1, 21-22 og JÁM X, 102

EY-066:009 *Naustavík* tóftir sjóbúða 65°56.986N 18°22.421V

"Norðan í Fagurhöfðanum er Fagurhöfðavík og Fagurhöfðahleinar. Næst er Keflavík vestur frá Naustavíkurbökkum og austan þeirra er Naustavíkin, sem var lengi aðalútróðrarstaður frá Hellu, Krossum og Hámundarstöðum og stóðu sjóbúðir þar á bakkanum." segir í Örnefnalýsingu Eyjafjarðar. Í


Vesturströnd Eyjafjarðar er sjóbúðunum lýst á eftirfarandi hátt (1982): "Rústir sjóbúðanna eru þarna enn óhreyfðar, og steypfir veggir nokkurra smáhúsa, sem líklega hafa verið beitugeymslur (ishús)." Naustavík er lítil vík um 1,3 km norðaustan (innan og neðan) við bæ 001. Naustavík er lítil vík, um 100 m á lengd en 60 m á breidd. Að utan er vikin afmörkuð af klettabelti á báða kanta.



Á bökkum

Rústir sjóbúða, horft til norðausturs

Naustavíkur, ofan við fjöruna eru nokkrar tóftir, mis fornlegar. Sumar hverjar virðast mjög nýlegar og



er jafnvel steypfir upp í hér og þar. Vestast er lítil ferhyrmd tóft (A). Hún er einföld 5 X 5,5 m að stærð og op virðist op hafa verið austarlega á norðurvegg hennar. 27 m suðaustar er önnur tóft nokkuð sigin og fornleg (B). Hún er 16 X 4-5 m að stærð, snýr norður-suður og skiptist upp í þrjú hólf. Tóftin er hlaðin úr torfi og er sigin og hrunin. Hvergi sést grjót í henni. Austan við tóftina tekur við þverhnipt gil niður að fjörunni. 25 m suðaustan við (B) er steypfir bygging (C) 8 X 5 m að stærð og með opi á norðurvegg. Grafíð hefur verið niður í bakkann áður en húsið var byggt. 8 m austan við (C) er nokkuð mikil dæld (D). Dæld þessi er niðurgrafin og í henni sunnarlega hefur verið hlaðinn veggstúfur til að skipta henni upp í tvennt. Nyrðri hluti dældarinnar er 14 X 12 m að stærð en hinn syðri 12 X 7 en þó mjókkar hann til suðurs (syðst er breiddin farin úr 12 m í 3-4 m). Garðlagið sem skiptir dældinni er

tæpir 12 m á lengd en er með opi í miðjunni. Fast austan við (D) er annar steypur kofi,(E). Hann er 3 X 3 m að stærð og stendur alveg fremst á bakkanum. Um 25 m austan við (D) er greinilegur þúfnablettur (F) þar sem einhverjar mannvistarleifar eru þó þær séu of ógreinilegar til að sjást nákvæmlega nú. Um 20 m suðaustan við (E) er svo enn önnur tóft (G). (G) er 7 X 5 m að stærð. Allir veggir hennar nema vesturveggur eru úr torfi. Vesturveggurinn er steypur. Þessi tóft er syðst þeirra tófta sem eru á þessu svæði og er hún einungis um 5 m norðan við vegarslóða sem liggur um svæðið.

Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Ö-Ey I.1, 20; Vesturströnd Eyjafjarðar, 190

EY-066:010 vörslugarður

65°56.973N 18°23.001V

Á milli stekkjarsins 018 og Gerðisvíkur 017 eru garðlög á tveimur stöðum. Austara (innra) garðlagið er um 100 m norðan við stekkin 018. Það lokar af svæði milli sjávarbakkans og hæðar sem nokkru ofar (sunnar).

Garðlögin liggja um grasi vaxið svæði.

Innra (austara) garðlagið er 1,2 m á breidd en 0,2-0,3 m á hæð. Það er um 25 m langt en beygir nyrst til vesturs í um 3 m. Um 70 m utar (vestar) er annað gerði sem helst líkist kálgerði. Þrjár hliðar garðsins sjást og eru þær 17 X 83 X 43 m að stærð en svipað innra (austara) garðlaginu á hæð og breidd. Gerðið og garðlagið austan (innan) við eru bæði grasi gróin og virðast frá svipuðum tíma.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Ey I.1, 20

EY-066:011 *Krossagötur* gata leið

65°56.932N 18°22.344V

"Enn sést vel fyrir fornum götutroðningum sunnan við Höfðann, það eru Krossagötur, sjávargata Krossverja til Naustavíkur." segir í Örnefnalýsingu Eyjafjarðar. Slóði liggur þar sem Krossgötur voru áður. Á einstaka stað má þó sjá troðninga við slóðann. Krossagötur lágu frá Krossum yfir móana og til Naustavíkur 009. Gatan lá nærri því beina leið niður að sjó en beygir rétt áður en komið er í sjávarmálið og liggur út með firði, að Naustavík.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Ey I.1, 20

"Enn sést vel fyrir fornum götutroðningum sunnan við Höfðann, það eru

Krossagötur, sjávargata Krossverja til Naustavíkur.

Við þær götur er örnefnið Hellukot, en alls óvíst er hvers konar 'kot' þar hefur verið um að ræða." segir í Örnefnalýsingu Eyjafjarðar. Í örnefnaskrá

Árskógsstrandar er Hellukoti lýst á eftirfarandi hátt: "Suðaustan í Helluhöfða, nálægt


Krossagötunum eru óverulegar en áreiðanlega fornar tóftir, sem heita Hellukot.

Engar sagnir hafa fundizt um býli þar." Leifar Hellukots eru enn greinilegar um 1,2 km austan bæ 001 og 1 km neðan (norðan) frá Þjóðvegi en 200-300 m ofan (sunnan) við slóðann sem liggur við sjávarsíðuna.

Lyngivaxnir móar, nokkru utan við vallargarðinn sem umlykur svæðið (austan

hans) er deiglendi en vestar er hæð í lyngmóanum.

Enn sjást miklar leifar vallargarðs umhverfis tóftir á þessum stað. Svæðið sem vallargarðurinn umlykur er um 110 X 70 m. Vallargarðurinn er sporöskjulaga. Innan vallargarðsins má greina tvær tóftir og utan hans tvær til viðbótar. Þeim verða hér gefnir bókstafir til aðgreiningar og byrjað innan við vallargarð. Efri tóftin (suðvestari) (A) er byggð upp við vallargarðinn innanverðan. Hún er mjög óljós



og 15-16 X 7 m að stærð. Austurhluti tóftarinnar er mjög óskýr en vestarlega má greina eitt hólf 5 X 3 m að stærð. Helst er að sjá að op hafi verið á vesturhlið. Engar grjóthleðslur sjást í tóftinni. Um 50 m norðan við (A) er önnur tóft (B), miðsvæðis innan vallargarðs. Tóftin er sigin og gróin en virðist hafa verið 11 X 4,5 m að stærð. Utan við vallargarðinn eru tvær tóftir. Sú syðri er byggð fast við garðinn beint ofan við (A) enb utan við vallargarðinn. Tóft þessi (C) er eins og aðrar tóftir á svæðinu gróin og óskýr. Hún virðist vera þrískipt og snýr austur-vestur, skáhallt á vallargarðinn. Austast (norðaustast) er tvískipt, lítil tóft, 10 X 6 m að stærð. Suðvestan úr henni er eins og gangi einhvers konar gerði, ferhyrnd tóft sem er 8 X 8 m að stærð. Op er á milli tóftanna tveggja. Fjórða tóftin er langnyrst eða 140 m norðan við norðurhlið vallargarðsins. Um er að ræða tvískipta tóft (D) sem snýr NNA-SSV. Tóftin er 12 X 6 m að stærð og op virðist vera á sunnarlega á austurvegg nyrðra hólfins. Tóftin er gróin og sigin og erfitt að greina nákvæmt lag. Um 70 m ofan við suðurhlið vallargarðsins er hæðarhryggur sem gengur norðaustur-suðvestur. Garðinum svipar til þeirra garðlaga innan Svarfaðardals sem kallaðir hafa verið göngugarðar.

Hættumat: hætta, vegna túnræktar

Heimildir: Ö-Ey I.1, 20, Ö-Árs, 34.

EY-066:013 *Hellugrafir* mógrafir

65°56.398N 18°23.795V

"Svarðarlandið (mótekjusvæðið) Krossa- og Hellugrafir var á millibæjarmerkjunum neðan við Flóann [í Krossalandi]. Hellugrafir eru suðvestur frá bæ. Þar var mikil mótekja. Þar yfir liggur nú Helluvegur milli Krossa og Hellu." segir í Örnefnalýsingu Eyjafjarðar. Merki svarðargrafanna eru enn greinileg á merkjum við Krossa, um 250 m ofan (SSA) við bæ 001. Á merkjum er enn nokkuð deiglendi og sést enn móta fyrir gröfunum. Svarðargrafirnar eru mjög mis greinilegar. Þær ná yfir svæði sem er 40-50 m á breidd en allt að 100 m á lengd. Enn er fremur vott á þessu svæði.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Ey I.1, 24 sbr. 20

EY-066:014 *Hellugötur* heimild um leið

65°56.462N 18°23.747V

"Um sunnið milli Hádegihóls og Höfðans lágu Hellugötur suður á Móa." segir í Örnefnalýsingu Eyjafjarðar. Hellugötur lágu frá Hellu inn sunnið milli Hádegishóls og Höfðans norðarlega (neðarlega) og svo áfram inn (til austurs) í átt að fjalli, ekki langt neðan við (norðan) við núverandi þjóðveg. Götur lagú að mestu yfir lyngivaxinn móa.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Ey I.1, 21

EY-066:015 *Kvíamelur* frásögn af kvíum

65°56.562N 18°23.527V

"Austan túns er Kvíamelur. Þaðan liggur Langalág í átt til Fagurhöfða." segir í Örnefnalýsingu Eyjafjarðar. Nú liggur vegarstöði frá Hellubæ að löngu húsi sem notað var fyrir loðdýrarækt norðan við bæ. Húsið stóð norðaustan í Kvíamel. Sigurlaug Gunnlaugsdóttir man eftir tóft í dæld innan við melinn (austan hans). Hún var um 150 m neðan (norðan) við bæ 001.

Kvíamel hefur nú mikið verið raskað, bæði vegna vegarstöðans sem liggur frá bæ að loðdýrahúsi og einnig sökum þess að hann hefur verið nýttur í malarnám. Engin tóft er nú greinileg fast innan við melinn, en þar sem melurinn endar til suðurs er fagurgræn hæð fast ofan við tún. Er hugsanlegt að þar hafi kvíarnar verið áður

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Ey I.1, 21

EY-066:016 *Hellugerði* bæjarstæði býli

65°56.790N 18°23.728V

"Spölkorn út frá norðurtúninu, handan við mýrarsund stóð um þriggja áratuga skeið býlið Hellugerði og heitir þar svo enn." segir í Örnefnalýsingu Eyjafjarðar. Í örnefnaskrá Árskógsstrandar segir ennfremur: "Skammt austan við Reitslág stóð eyðibýlið Hellugerði. ... Gerðisvík er þar utan við." Hellugerði var um 450 m norðan (neðan) við bæ 001. Gerðið var um 400 m austan við (innan við) landamerki við Litlu-

Hámundarstaði en um 250 m ofan við sjó. Nú eru tvær hæðir í sléttuðu túni þar sem Hellugerði stóð. Um 100 m suðaustar er mýrlendi og þar man Sigurlaug Gunnlaugsdóttir eftir brunnleifum.

"Dálitlar grasnytjar hafði kotið en einkum var það sjávarfangið sem stóð undir byggð þar. Var í byggð frá því skömmu fyrir aldamót og til 1927" segir í Byggðum Eyjafjarðar.

Í Vesturströnd Eyjafjarðar er Hellugerði lýst: 1982: "Þetta er upp af Reitsvíkinni og smávík austur af henni er nefnist Gerðisvík. Gerðið er líklega gamalt þó þess sé ekki getið í jarðabók Á.M. Ummerki byggðar á þessum stað hafa nú verið sléttuð undir tún."

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Ey I.1, 21 sbr Ö-Árs, 33, BE 1990, 329 og Vesturströnd Eyjafjarðar, 190.

EY-066:017 Gerðisvík tóft+garðlag

65°56.914N 18°23.549V


"Gerðisvík er þar utan við [Hellugerði - 016] og Gerðisvíkurtöng er milli hennar og Reitisvíkur. Mun 'gerðis' nafnið gamalt, þó að ekki sé kunnugt um ástæðuna. Sennilegast er að þar hafi verið peningshús upphaflega." segir í örnefnaskrá Árskógsstrandar. Gerðið sem Gerðisvík er kennd við er enn á sjávarbakkanum, um 700 m neðan við (NNA) við bæ 001. Það er um 20 m utan (vestan) við tóft 030. Gerðið er í grasi gróinni dæld en nokkrir melar eru umhverfis.

Gerðið er sporöskjulaga og um 60 m

austur-vestur en tæpir 40 m norður-suður. Norðurhlið gerðisins er horfín og sjálfsagt brotin í sjó. Inni í gerðinu norðarlega er annað gerði minna um 20 X 20 m að stærð og inn í því hæð eða þúst, 6 X 7 m að stærð.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Árs, 33 sbr. Ö-Ey I.1, 19




Gerðið, horft til vesturs

EY-066:018 Stekkjarvík stekkjartóft

65°56.963N 18°22.856V

"Austan við Reitsvík er Gerðisvík ... þá Djúpuvíkurbakkar að Djúpuvík eða Stekkjarvík. Þriðja nafnið á þessari vík var um skeið Sínavík, meðan sæstrengur landsímans milli Krossa og Hríseyjar lá þar um." segir í Örnefnalýsingu Eyjafjarðar. Stekkurinn er eignilega innar (austar), nær því að vera ofan við Fögruvík. Stekkurinn er norðan við hæð en suðvestan við malarnámu. Hann er 1 km norðaustan við bæ 001. Lyngivaxinn hagi er umhverfis stekkurinn.

Stekkurinn er fagurgrænn og sést greinilega úr nokkurri fjarlægð þar sem hann stendur hærra en umhverfið. Hann er fremur ellilegur. Hann er 11 X 8,5 m að stærð og skiptist í stórt, hringlaga hólft





Stekkur, horft til austurs

austar og lítið, ferningslaga hölf inn af því. Ekki er greinilegt op á milli hólfanna en op er á suðurvegg vestara hólfins austarlega. Tóftin er grasi gróin og hlaðin úr torfi, engar grjóthleðslur sjást.

Hættumat: hætta, vegna

malarnáms

Heimildir: Ö-Ey I.1, 19 sbr Ö-Árs, 33

EY-066:019 heimild um myllu

65°56.724N 18°24.010V

"Austast fellur í [Reitsvík] Reitslækur (Hellulækur). Við hann sjást enn minjar vatnsmyllu og lifrarbræðslu frá hákarlaveiðiárunum." segir í örnefnaskrá Árskógsstrandar. Sigurlaug Gunnlaugsdóttir man eftir leifum myllu um 100 m ofan við fjöru, á Reitslæk. Læknum hefur nú verið veitt í skurð á löngum kafla og eru tún að honum beggja vegna. Mylluleifarnar voru 350-400 m norðvestan við bæ 001. Lítil lækur sem rennur milli sléttaðra túna.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Árs, 33

EY-066:020 heimild um myllu

65°56.727N 18°24.009V

"Austast fellur í [Reitsvík] Reitslækur (Hellulækur). Við hann sjást enn minjar vatnsmyllu og lifrarbræðslu frá hákarlaveiðiárunum." segir í örnefnaskrá Árskógsstrandar. Sigurlaug Gunnlaugsdóttir man eftir leifum myllu 019 um 100 m ofan við fjöru, á Reitslæk. Læknum hefur nú verið veitt í skurð á löngum kafla og eru tún að honum beggja vegna. Engar leifar mannvirkja frá Hákarlabræðsluárunum er nú að finna á þessum slóðum. Sléttuð tún við læk sem rennur milli tveggja sléttaðra túna og er veitt í skurð á kafla.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Árs, 33

EY-066:021 *Naustavík* heimild um lendingu

65°56.965N 18°22.387V

"... Naustavík er eiginlega vogur austan í [Naustavíkurbakka]. Þar þótti betri lending en í Reitsvíkinni, svo að aðalútræðið varð á seinni árum þaðan. Þar höfðu uppsátur Krossabátur og Hámundarstaðabátur. Um skeið var föst íbúð í sjóbúðum við Naustavík, og vélbátar voru gerðir út þaðan um árabíl." segir í örnefnaskrá Árskógsstrandar. "Norðan í Fagurhöfðanum er Fagurhöfðavík og Fagurhöfðahleinar. Næst er Keflavík vestur frá Naustavíkurbökkum og austan þeirra er Naustavíkin, sem var lengi aðalútróðrarstaður frá Hellu, Krossum og Hámundarstöðum og stóðu sjóbúðir þar á bakkanum." segir í Örnefnalýsingu Eyjafjarðar. Lendingin var í Naustavík sem er um 1,2 km norðaustan við bæ 001. Naustavík er lítil vík, um 100 m á lengd en 60 m á breidd. Að utan er víkin afmörkuð af klettabelti á báða kanta. Sendin og smágrýtt fjara er á þessum slóðum, upp af henni er gróinn bakki þar sem sjóbúðirnar 009 eru.

Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Ö-Árs, 33; Ö-Ey I.1, 19-20

EY-066:022 *Naustavík* heimild um naust

65°56.960N 18°22.405V "

... Naustavík er eiginlega vogur austan í [Naustavíkurbakka]. Þar þótti betri lending en í Reitsvíkinni, svo að aðalútræðið varð á seinni árum þaðan. Þar höfðu uppsátur Krossabátur og Hámundarstaðabátur. Um skeið var föst íbúð í sjóbúðum við Naustavík, og vélbátar voru gerðir út þaðan um árabíl." segir í örnefnaskrá Árskógsstrandar. "Norðan í Fagurhöfðanum er Fagurhöfðavík og Fagurhöfðahleinar. Næst er Keflavík vestur frá Naustavíkurbökkum og austan þeirra er Naustavíkin, sem var lengi aðalútróðrarstaður frá Hellu, Krossum og Hámundarstöðum og stóðu sjóbúðir þar á bakkanum." segir í Örnefnalýsingu Eyjafjarðar. Naustavík um 1,2 km norðaustan við bæ 001. Naustavík er lítil vík, um 100 m á lengd en 60 m á breidd. Að utan er víkin afmörkuð af klettabelti á báða kanta. Sendin og smágrýtt fjara er á þessum slóðum, upp af henni er gróinn bakki. Ekki sjást merki um naust en mikil merki sjóbúða eru greinileg ofan við vikina (sjá 009).


Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Árs, 33; Ö-Ey I.1, 19-20

EY-066:023 *Gilsbakki* tóft af bústað
"Á Hreggvíkurbakka stóð býlið Gilsbakki um þriggja áratuga skeið." segir í örnefnaskrá Árskógsstrandar. Um 1,4 km innan og neðan (norðaustan) við bæ 001. Timburhlaða stendur á svipuðum stað. Rétt sunnan við timburhlaðuna sjást enn einhverjar tóftarleifar. Umhverfis eru sléttuð tún á sjávarbakknum.

Tóftarleifarnar sem sjást eru 16 X 9 m að stærð. Þær er nokkuð óljósar en virðist a.m.k. skiptast upp í tvö hólf og er það vestara opið til norðurs. Hið eystra er mun óskýrara og ekki er greinilegt op á því. Tóftin er hlaðin úr torfi og hvergi sjást grjóthleðslur.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Árs, 33

65°56.781N 18°22.024V



EY-066:024 *Lækjabakki* heimild um bústað
"Sunnan [Hinriksmýrarlæks] er annað býli í Hellulandi. Heitir það Lækjarbakki, en var lengi nefnt Nöfin, eða Dauðansnöf. Þar var fyrst byggt árið 1887." segir í örnefnaskrá Árskógsstrandar. Nú stendur steinsteypt, bárujárnsklætt einbýlishús á einni hæð þar sem torfbærinn var áður. Hann var 1,4-1,5 km norðaustan við bæ 001. Hæð innan við lækjarbakka við sjó. Nú er húsið notað sem sumarbústaður.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Árs, 33

65°56.736N 18°21.890V

EY-066:025 kuml legstaður
"Þá er forn dys á Lækjarbakka og vilja sumir tengja hana fornri sögn. Þessi dys var rofin og spjót úr henni sent Þjóðminjasafni." segir í bréfi Haralds Davíðssonar til Þjóðminjasafns. Ekki er nákvæmlega vitað hvar spjót þetta á að hafa fundist en það var nálægt Lækjarbakka 024. Grasivaxin hæð er utan og neðan við húsið sem nú stendur á Lækjarbakka en innan við lækinn sem húsið er kennt við.

Líklegra sýnist að þetta eigi að vera Lækjarbakki í Hellulandi en Lækjarbakki í Ufsalandi þar sem þar hefur fundist kuml þó er ekki getið um spjót. Samkvæmt frásögn Haraldar var þetta við Lækjarbakka í landi Hellu en þó er hugsanlegt að þarna sé einhver ruglingur á ferð og umrætt dys sé í raun það sama og vel þekkt dys við Lækjarbakka í Dalvíkurlandi. Umrætt spjót er ekki þekkt á Þjóðminjasafni. Sennilegt er að sögn sú sem hér er vísað til standi í sambandi við frásögn Svarfdælasögu um viðskipti bænda á Hellu og Birnunesi.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Bréf Haralds Davíðssonar á Stóru-Hámundarstöðum til Þjóðminjasafns 6.5.1985

65°56.747N 18°21.897V

EY-066:026 útihúspúst
Beint utan við fjárhúsin sem enn standa norðvestan við íbúðarhúsið á Hellu er langur hólrani sem liggur baustur-vestur. Á þessum hólrana eru a.m.k. 2 dældir/þústir þar sem líklegt er að útihús hafi staðið þó erfitt sé að greina nákvæmt lag þeirra nú. Norðvestast á hólnum er þúst eða hæð sem snýr norðvestur-suðaustur en er mjög ógreinileg. Hólrani sem nú hefur verið sléttuð að mestu leyti. Greinilegt er að á þesum stað hefur mannvirki verið en það er nú er alveg hrunið og sléttuð.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

65°56.618N 18°23.799V

EY-066:027 útihúspúst
Beint utan við fjárhúsin sem enn standa norðvestan við íbúðarhúsið á Hellu er langur hólrani sem liggur austur-vestur. Í þessum hólrana eru 2-3 dældir/þústir þar sem líklegt er að útihús hafi staðið þó erfitt sé að greina nákvæmt lag þeirra nú. Um 40 m innan við 026 er greinileg þúst. Hólrani sem nú hefur verið sléttuð að mestu leyti.

Hún er 9 X 7 m að stærð og er opin til suðurs.


Hættumat: hætta, vegna ábúðar

65°56.604N 18°23.744V

EY-066:028 *Hellugötur* gata leið 65°56.655N 18°23.739V
Aðrar götur sem einnig voru nefndar Hellugötur lágu niður að loðdýrahúsi og svo til norðausturs í Heggvík. Enn má sjá slóða þar sem leiðin var.
Leiðin liggur að mestu um lynglívaxna móa.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

EY-066:029 mógrafir 65°56.497N 18°24.087V
Um 250 m suðvestan við Hellubæ 001, á merkjum Hellu og Krossa sjást enn greinileg merki svarðargrafa. Þær eru um 200 m austan við merki við Litlu-Hámundarstaði. Ræktuð tún eru víðast umhverfis. Svarðargrafirnar eru flennistórar um 50 m í þvermál. Þær eru enn rakar.
Hættumat: hætta, vegna túnræktar

EY-066:030 tóft 65°56.917N 18°23.488V




Upp af Garðsvík er greiðfær leið beint í lítinn hvamm. Í hvammi þessum er lítil, stök tóft. Tóftin er 20-25 m sunnan við gerðið í Gerðisvík 017. Grasi vaxinn hvammur ofan við Garðsvík.

Tóftin er einföld og op er á miðjum norðurvegg hennar. Hún er 7 X 5 m. Vesturveggur tóftarinnar er skýr en austurveggur mun óskýrari. Tóftin er á kafi í grasi.

EY-067 Litlu-Hámundarstaðir

20 hdr. 1712 þá partur af Stóru-Hámundarstöðum, byggður fyrir manna minni fyrir sunna sjálft heimatúnið á fjárhússtæði heimajarðarinnar og talin lögbýlisjörð þó beitolandi væri óskipt. Stærri-Árskógskirkjueign síðar Möðruvallaklaustur sjörð. Útgerð frá frá Litlu-Hámundarstöðum á 4. áratug 20. aldar og bryggja við Reitsvík. Fornleifar utantúns eru taldar með Stóru-Hámundarstöðum. 1429 kemur fram í Vísitaziugerð Jóns biskups



Vilhjálmssonar að Hámundarstaðir (ekki greint í tvo bæi) eiga sókn til Árskógar. DI IV, 375.

6. nóvember 1447 má sjá af reikning Möðruvallaklaustur að Hámundarstaðir (í heild sinni) er orðinn eign þess. "bykt j agylde midr." DI IV, 711.

1487 kemur fram í máldaga Ólafs biskups Rögnvaldssonar um bænhús og kirkjur í Hólabiskupsdæmi að bænhús er niðri á Hámundarstöðum. DI V, 356

1525 kemur fram í Sigurðarregistri að Hámundarstaðir eru eign Möðruvallaklausturs. DI IX, 319

Litlu-Hámundarstaða (syðri-Hámundarstaða) er fyrst getið í reikningi Möðruvallaklausturs frá 1569 og er jörðin þá eign klaustursins. DI XV, 364.

1917: 4.0 ha. 3/4 slétt. Garðar 500 m².

1973: "Ræktunarskilyrði eru ekki góð. Hér er töluvert land, en erfitt með framræslu. ... Beitoland er gott til fjallsins. Einnig er hér fjörubeit. Afrétt á Þorvaldsdal." BE II, 94

1990: "Tún Litlu-Hámundarstaða er aflíðandi frá fjallsrótum niður að sjónum en verður flatlandara sunnar."

EY-067:001 Litlu Hámundarstaðir bæjarhóll bústaður 65°56.526N 18°25.040V

Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns frá 1712 segir: "Bygðir fyrir manna minni fyrir sunnan sjálft heimatúnið á fjárhússtæði heimajarðarinnar (eftir sem rómast), en nú er þetta haldin lögbýlisjörð." Gamli bærinn á Litlu-Hámundarstöðum var á svipuðum stað og íbúðarhúsið sem nú stendur á jörðinni. Gamli bærinn var þó 10-15 m suðaustar. Gamli bærinn var þar sem nú er hlað suðaustan við íbúðarhúsið.

Í gamla bænum var búið meðan íbúðarhúsið sem nú stendur var byggt en í það var flutt 1951. Vart er hægt að tala um raunverulegan bæjarhól á þessum stað en þó er eilítil hæð á þessum slóðum (ekki meira en 0,4 m á hæð) sem er 15 X 30 m.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: JÁM X, 101; Túnakort 1917

EY-067:002 heimild um útihús 65°56.487N 18°25.065V

Um 70 m VSV við bæ 001 var útihús samkvæmt túnakorti frá 1917. Húsið hefur verið 20-30 m sunnan við heimreið að Litlu-Hámundarstöðum. Engin ummerki sjást nú um útihúsið sem hefur verið þar sem nú eru sléttuð tún.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917

EY-067:003 *Gömlufjárhús* heimild um fjárhús 65°56.585N 18°24.943V
Um 120 m suðaustan við bæ 001 var útihús samkvæmt túnakorti frá 1917. Samkvæmt Jóni Guðmundssyni voru húsin fjárhús, nefnd Gömlufjárhús. Þar sem útihúsið stóð eru nú sléttuð tún.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917

EY-067:004 *Gerðishús* heimild um útihús 65°56.601N 18°24.798V
"Syðst og neðst í túninu heitir Gerði og þar voru Gerðishús." segir í örnefnaskrá Árskógsstrandar. Sama hús er merkt inn á túnakort frá 1917 um 250 m suðaustan við bæ 001. Engin ummerki húsanna sjást nú í sléttuðum túnunum neðan við bæ 001.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Árs, 35 og Túnakort 1917

EY-067:005 heimild um útihús 65°56.592N 18°24.785V
250 m suðaustan við bæ 001 var útihús samkvæmt túnakorti frá 1917. Húsið var 5-10 m suðvestan við Gerðishús 004. Engin ummerki húsanna sjást nú í sléttuðum túnunum neðan við bæ 001.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917

EY-067:006 þúst 65°56.530N 18°24.991V
20-30 m norðaustan við bæ 001 er dæld þar sem Jón Guðmundsson telur líklegt að eitthvert tóftarbrott hefði verið. Dældin er í norðausturjaðri hlaðsins, þar sem heyrúllustæði er nú. Í jaðri hlaðs.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

EY-067:007 *Draugasteinn* draugur 65°56.262N 18°25.774V
"Skammt þar neðan við [Stórahjallann] er svo kallaður Draugasteinn og kunna menn þó engar draugasögur bbvið hann tengdar." segir í Örnefnalýsingu Eyjafjarðar. Um 420 m sunnan við merki Litlu- og Stóru-Hámundarstaða og 700-800 m ofan við þjóðveg er Draugasteinn. Hann er 3 m norðan við girðingu sem gengur austur-vestur (upp og niður) fjallshlíðina. Umhverfis er lyngivaxinn mói í fremur brattri fjallshlíð.
Draugasteinn er nokkuð afgerandi í fjallshlíðinni og sést neðan frá bæ. Hann er um 2,5 m á hæð en 1,5 m í þvermál.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Ey I.1, 13

EY-067:008 *Sundpollur* hleðsla sundlaug


65°56.190N 18°25.499V

"Laut nokkur uppi í hliðinni rétt ofan við Litlahjalla fékk um aldamótin 1900 nafn af sundiðkunum ungs fólks þarna á bæjunum. Það var á fyrstu árum ungmennafélagsins Reynis að hlaðinn var torfgarður neðan lautar þessarar, veitt þangað vatni svo að myndaðist dálítill tjörn. Þar syntu unglíngarnir og síðan heitir staðurinn Sundpollur þó að langt sé síðan þar var nokkur sundpollur." segir í Örnefnalýsingu Eyjafjarðar. Sundpollurinn er enn greinilegur. Hann er 250-300 m suðsuðaustan við Draugastein 007 og um 550 m ofan við Þjóðveg. Pollurinn er þar sem grasi gróin dæld er í hliðinni. Umhverfis eru lyngivaxnar hliðar.

Sundpollurinn hefur verið um 30 m á lengd (austur-vestur) en um 15-20 á breidd (norður-suður). Að mestu leyti er sundpollurinn náttúrulegur, þar sem hann er í náttúrulegri dokk í fjallshliðinni. Þó hefur þurft að hlaða fyrir hann og sést um 30 m löng hleðsla með norðurhlið hans. Hleðslan liggur frá fjallshliðinni og með fram norðurjaðri pollsins til austurs í 30 m en beygir þá til suðurs. Þar liggur hún í um 4 m áður en hún verður ógreinileg. Suðurhlið pollsins er amörkuð af hæð í fjallshliðinni og sömu sögu er að segja um vestuhluta hennar en þar hækkar fjallshliðin og verður brattari og er það náttúrulegt aðhald sundpollsins. Sundpollurinn er nú alveg þurr en greinilegt er þó að lækjum sem hafa runnið niður fjallshliðina hefur verið beint í pollinn, líklega fremur norðarlega í pollinn.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Ey I.1, 13



Sundlaug, horft til austurs

EY-067:009 garðlag óþekkt

65°56.408N 18°25.631V

Fast sunnan við merki Litlu- og Stóru-Hámundarstaða er garðlag sem liggur frá merkjaskurði og til ASA. Garðlagið sést fyrst um 300 m ofan við þjóðveg en er ekki merkjanlegt í landi Stóru-Hámundarstaða fast norðan við merki. Þetta er þó líklega sami garður og sést norðar í landi Stóru-Hámundarstaða á um 750 m kafla (sjá 052:044). Liggur um þýfða en aflíðandi fjallshlíð.

Garðlagið er um 1,5 m á breidd en 0,2-0,3 m á hæð. Það er grasi gróið og sigið en er greinilegt á tæplega 700 m kafla áður en það hverfur.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

EY-100 Hrísar


20 hdr. 1712. Möðruvallaklaustur sjörð. Einnig Hrísar. Dalvíkurbær á jörðina nú og er þar ekki lengur búskapur.

6. nóvember 1447 má sjá af reikning Möðruvallaklaustur að Hrísar eru orðinn eign þess. "Jtem Riis x aura." DI IV, 711,

1525 eru Hrísar enn eign Möðruvallaklaustur skv. Sigurðarregistri. DI IX, 319.

1569-70 eru Hrísar taldar upp í reikningi Möðruvallaklaustur. DI XV, 363.

1917: 3.7 ha. 1/4 slétt. Garðar 300 m². Oft var erfitt um neysluvatn á Hrísum. Lítil bærarlækur rann um túnið en í honum var yfirborðsvatn. Einhverju sinni var grafinn brunnur rétt sunnan við bæ en aldrei fékkst almennilegt vatn úr honum.



EY-100:001 Hrísar bæjarhóll bústaður 65°57.180N 18°30.707V
Gamli bærinn á Hrísum, sem merktur er inn á túnakort frá 1917 var þar sem nú stendur steinsteypt íbúðarhús, um 250 m norðan þjóðvegur.

Bæjarhóll er enn mjög greinilegur en á honum stendur nú steinsteypt hús með kjallara. Bærinn var þar sem suðurendi íbúðarhúss er nú. Mjög bratt er af bæjarhól til suðurs (þar er hann um 3 m hár) og einnig fremur bratt að vestan. Hóllinn er meira aflíðandi til norðurs og austurs. Bæjarhóllinn er 50-55 m langur norður-suður en um 40 m breiður austur-vestur.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917

EY-100:002 heimild um útihús 65°57.241N 18°30.740V
Rúma 100 m VNV af bæ 001 var útihús samkvæmt túnakorti frá 1917. Útihúsið var á hól sem nú er sléttaður. Á sama hól stendur nú steyp útihús en það er um 150 m VNV við bæ. Pálrún Antonsdóttir man eftir tóftarbroti rétt austan við núverandi útihús en úr því hefur verið sléttað.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917

EY-100:003 Lækjarhús heimild um fjárhús 65°57.240N 18°30.801V
Útihús er merkt inn á túnakort frá 1917, um 130 m VNV við bæ 001. Húsið var fjárhús og það stóð um 50 m suðvestan við útihús 002. Þar sem útihúsið stóð eru nú sléttuð tún. Engin ummerki sjást nú um útihúsið.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917

EY-100:004 Miðhús heimild um útihús 65°57.233N 18°30.820V
Samkvæmt túnakorti frá 1917 stóðu útihús um 130 m vestan við bæ 001 og 20 m sunnan við fjárhús 003. Húsin voru fast við skurð sem liggur austur-vestur í sléttuðum túnnum. Þau voru nefnd Miðhús. Á þessum slóðum eru rennislétt tún, engin ummerki um húsið sjást en það var rífið um 1940.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917

EY-100:005 *Lambhús* heimild um lambhús

65°57.195N 18°30.865V


Samkvæmt túnakorti frá 1917 stóð útihús um 100 m vestan við bæ og tæpum 4 m sunnan við 004. Það var lambhús en var einhvern tíma einnig notað fyrir hesta. Húsið var kallað Lambhús. Sléttuð tún eru nú á þessum slóðum en þar sem útihúsið var er lítil hæð í túninu. Húsið var rífið um 1940.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917

EY-100:006 *Stekkur* stekkjartóft

65°57.508N 18°31.117V



"Ofan við Langamel er Stekkur og suðaustur af honum Berjalaut ..." segir í örnefnaskrá Dalvíkur. Stekkur er 600-700 m norðvestan við bæ 001. Hann er milli Ytri- og Syðri-Tjarnar (Hristjarnar) en austan við Langamel. Bilslóði liggur á milli tjarnanna á svipuðum slóðum. Til

suðurs frá honum, milli tveggja mela er greinilegt garðlag. Tóftir eru beggja vegna garðlagsins. Stekkur er austan við Langamel en vestan í öðrum mel. Hluti tóftanna er á eystri melnum, garðlag er í grasi grónni dæld á milli melanna og ein tóft vestan í Langamel.



Garðlög við stekk, horft til norðvesturs

Þrjár tóftir eru á austari melnum. Þær eru á kafi í grasi og því ógreinilegar. Nyrst er tóft (A) sem er alveg sigin og ógreinileg. Hún er 10 X 6 m að stærð og snýr austur-vestur. Annað er ekki hægt að segja um hana. 30 m sunnan við (A) er önnur tóft (B). Hún er eilítið skýrari. Hún er 8 X 9 m að stærð og samanstendur af tveimur hólfulum sem snúa þvert á hvort annað. Nyrðra hólfíð snýr norður-suður en sunnan við það er

annað sem snýr austur-vestur. Innri skipan tóftarinnar er óskýr og hvorki er hægt að greina op milli hólfa né heldur á útveggjum. 25 m suðaustan við (B) er þriðja tóftin (C) á eystri melnum. Hún er 8 X 7 m að stærð og snýr austur-vestur. Hún virðist einföld og ekki er hægt að greina up á henni. Garðlag gengur frá vegarslóða milli melanna tveggja. Það liggur til suðurs í um 65 m áður en það beygir með eystri hólnum til austurs í 40-50 m áður en það fjarar út. Garðlagið er gróið og sigið og mun ellilegra en tóftirnar á eystri hólnum, það er lyngi vaxið. 15 m vestan við garðlagið utan í vesturhlið Langhóls og 10 m norðan við Syðri-Tjörn, er lítil tóft (D) hún er 6 X 6 m að stærð og er einföld. Ekki er hægt að greina op á henni. Þessi tóft er sigin og ellilegri en tóftirnar á austari hólnum. Á henni vex melgresi.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Dalv, 345

EY-100:007 *Kvíhóll* örnefni kvíar

65°57.256N 18°30.641V

"Í túnjaðrinum, nyrzt norðan við bæinn heitir Kvíhóll, og nær hann norður fyrir túnið." segir í

örnefnaskrá Dalvíkur. Kvíhóll er 140-150 m norður af bæ 001. Pálrún Antonsdóttir man eftir rústum á hólnum en þær hafa nú verið sléttaðar. Mikill hóll beint norður af bæ 001. Suðurhluti hólans hefur verið sléttaður en norðurhlutinn ekki. Tóftin var á háhólnum, um 15 m sunnan við girðingu sem aðgreinir sléttaða hlutann frá þeim ósléttaða. Á þessum stað er dæld.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Dalv, 345

EY-100:008 *Álfhóll* kuml legstaður 65°56.939N 18°30.491V

"Út og niður af Góðaholti í Hamarslandi er Álfhóll, syðst og neðst á Hrísamóum. Sunnanvert í þeim hólum er forn dys, og fannst þar fyrir nokkrum árum hauskúpa af manni o.fl." segir í örnefnaskrá Dalvíkur. Álfhóll er um 60 m sunnan við þjóðveg, fast vestan við heimreið að Hamri. Hóllinn er u.þ.b. 400 m suðaustan við bæ 001. Hóllinn er í grasi- og lyngivöxnum haga og nokkuð deiglent er víða umhverfis hann.

Í Kuml og haugfé er kumlfundi í Álfhól lýst á eftirfarandi hátt: "Í júní 1916 fannst kuml á hól, sem heitir Álfhóll, í landi Hrísa, sunnan þjóðvegarins, sem nú er. Hóllinn er einstakur og áberandi, aflangur, 80-100 m langur, vaxinn lyngi og hrísi eins og móarnir í kring, en á honum er jarðvegur grunnur og skammt ofan á mól og smiðjumó. Maðurinn, sem fann kumlið, sá bein standa út úr þúfu, sem ekki var sérkennilegri að sjá en aðrar þúfur þar umhverfis. Haugfé var sem hér segir: 7346. Kúpt næla af gerðinni Rygh 652 og 654, afbrigði Smykker 51c, með 5 áföstum hornum. 7347. Hringbrjónn úr brónsi, hausinn flatur með læstum vírhring í gatinu. 7348. Snældusnúður úr blýi, hálfkúlulagaður, 2.5 sm í þvm. 7349. Járnbútar torkennilegir, líklega úr skærum. Beinir, sem eru úr miðaldra konu, voru mjög fúin, en á þeim sást spanskgræna á kjálkum, herðablaðsbroti og viðbeini, en um legu beina eða haugfjár er ekki getið."

Álfhóll er nú mikið skemmdur þó útlínur hans sjáist enn. Stærstur hluti hólans hefur verið tekinn í malarnám.

Hættumat: hætta, vegna malarnáms

Heimildir: Ö-Dalv, 345 og KEKH, 113-114

EY-100:009 frásögn af mógröfum 65°57.053N 18°30.787V

Pálrún Antonsdóttir man eftir svarðargröfum um 250 m sunnan við bæ, fast norðan við núverandi þjóðveg.

Á þessum slóðum er nú sléttað tún.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar


Heimildir: Ö-Dalv, 345;

EY-100:010 tóftir+garðalag býli 65°57.706N 18°30.050V

Fornlegur vallargarður með fjöldamörgum tóftum við og inn í er um 400 m sunnan við þjóðveg. Markagirðing Hrísa og Hamars liggur þvert yfir svæðið. Við vallargarðinn hefur nú verið byggður sumarbústaður og hjólhýsi einnig sett niður innan garðsins. Garðurinn er um 800 m SSA við Hrísa en 400 m vestan við Hálsá. Tóftirnar eru á stórþýfðri sléttu sem vaxin er lyngi.

Svæðið hefur nokkuð verið skemmt á síðustu árum. Vegslóði liggur inn í vallargarðinn og klofnar þar í tvennt. Liggur annar slóðin að sumarbústaðnum Lynghamri sem er suðvestarlega í jaðri vallargarðsins en hinn til suðausturs meðfram vallargarðinum að hjólhýsi sem er innan vallargarðsins í suðausturhorni hans. Að minnsta kosti 8 rústir eru við og innan vallargarðsins og líkist svæðið helst gömlu býlisstæði þó hvergi séu þekktar heimildir um það. Allar tóftirnar eru að hluta eða alveg norðan við vírgirðingu sem liggur þvert yfir vallargarðinn og skiptir landi Hrísa og Hamars. Töluvert af vallargarðinum er þó í landi Hamars. Vallargarðurinn er sporöskjulaga og nálægt því að vera um 280 X 110 m að stærð. Hann er fremur heillegur nema að sunnan þar sem hann er töluvert rofinn.

Hér verður hverri tóft gefinn bókstafur til þess að auðvelda lýsingu. Tóftum er lýst frá



suðaustri. Norðaustasta tóftin innan vallargarðsins er 10 m innan vallargarðsins til móts við hjólhýsi sem er utan vallargarðsins. Tóftin er 14 X 8 m að stærð, hún er þrískipt og er stærsta hólfið í miðjunni (3,5 X 3 m að innanmáli). Ekki er greinanleg op milli hólfa né heldur er greinilegt op á útvegg en þó hugsanlegt að það hafi verið sunnarlega á norðurvegg. Tóftin er á lítilli hæð og er um 1 m frá henni og niður á jafnsléttu þó að veggir tóftarinnar sjálfir séu vart hærri en 0,2 m. Tóftin snýr NNA-SSV. Tóftin er eins og aðrar tóftir á svæðinu, sigin og ellileg og veggir víða hátt í 2 m á breidd. Hún er vaxin lyngi. Rúmum 30 m VNV við (A) er önnur tóft (B). Hún virðist einföld, er 11 X 7-8 m að stærð og snýr eins og (A) NNA-SSV. Sunnan við hana er þó 4 m langt svæði þar sem hugsanlegt er að einhverjar mannvistarleifar reynist. Tóftin er sigin og veggir hennar eru mjög þykkir sem sjá má af því að innanmál hennar er einungis 6 X 3 m. Ekki er greinilegt op á tóftinni. Um 60 m eru frá tóftinni í norðanverðan vallargarðinn en um 15 m í suðurhlíðina (reyndar liggur vírgirðing á austur-vestur á milli tóftarinnar og vallargarðsins). Tóftin er gróin meira grasi en flestar aðrar tóftir á svæðinu og hagin umhverfis. 6 m norðaustan við (B) er lág hæð sem er um 4 m í þvermál. Ekki sést tóftarlag á hæðinni sem er 20-25 m frá vallargarði. Hugsanlegt er að um sé að ræða öskuhaug en hæðin er um 0,8 m á hæð og fagurgræn. Um 75 m VNV við (B) er tvískipt tóft (C). Hún er skálalaga þar sem hún er 13 m löng og 6 m á breidd um miðju en mjókkar til beggja enda þar sem hún er um 4 m á breidd. Tóftin snýr norður-suður. Hún er tvískipt og á kafi í lyngi. Syðra hólfið er töluvert stærra en það nyrðra (3 X 4 m að innanmáli á móti 2 X 2) en það nyrðra stendur nokkuð hærra. Hugsanlegt er að op hafi verið norðarlega á vesturvegg syðra hólfsins en um það er ekki hægt að fullyrða. (C) er um 30 m sunnan við norðurhlíð túngarðsins. Um 2 m vestan við suðvesturhorn (C) virðist hafa verið tóft (F). Tóftin er nú nær algjörlega hlaupin í þúfur og vart hægt að greina hana. Þó virðist sem þarna hafi verið einföld tóft með bogadregnum veggum. Hún virðist nú um 21 m á lengd en 8 m á breidd þar sem hún er breiðust en 5 m á breidd til beggja enda. Tóftin snýr norður-suður. Ekki er greinanleg op á henni enda veggir nú flestir alveg hrundir og hlaupnir í þúfur. Austurveggur er þó allra ógreinilegastur. Um 25 m vestan við C en um 20 m austan við bíslóða sem liggur að sumarbústað er einföld, sporöskjulaga tóft (D). Hún er 8 X 6 m að stærð og snýr nálega norður-suður. Tóftin er lyngivaxin og sigin. Að innanmáli er hún 5 X 3 m. Ekki er greinilegt op á henni. Um 12 m norðan við (D) er enn ein einföld tóft með eilítið sveigðum veggjum. Tóftin er um 30 m NNA við sumarbústað en einungis um 4 m austan við vegslóða að bústaðnum. Tóftin er þó öðruvísi að lögun en bæði (F) og (C) þar sem hún er 21 m á lengd en 9 m á breidd syðst en mjókkar svo til norðurs og er í norðurenda einungis um 4 m. Tóftin er einföld og um 16 X 8 m að innanmáli. Ekker er greinilegt op á tóftinni sem snýr NNV-SSA. Veggir hennar eru 2-3 m á þykkt og eins og í flestum hinna tóftanna eru þeir aðeins um 0,2-0,4 m á hæð. Suðaustast á svæðinu er svo mikið gerði (G), byggt fast við vallargarðinn. Gerðið er um 15 m norðan við Beina/Beinhól (Ey-179:013) og innan við 50 m norðvestan við sumarbústaðinn Lynghamar. Gerðið snýr norðaustur-

suðvestur og er riflega 40 X 30 m að stærð. Virgirðing liggur yfir gerðið austur-vestur og trjám hefur verið plantað við hana. Lítil lækur rennur fast sunnan við gerðið og virðist girðingin marka lóðaskil sumarbústaðarins. Gerðið er fremur sporöskjulaga þrátt fyrir að austurhlið (norðausturhlið) sé tiltölulega bein. Gerðið er rofið á nokkrum stöðum. Á Beina (Ey-179:013) sem er í Hamarslandi en innan þessa svæðis er ógreinileg þúst þar sem mannvistarleifar gætu leynst. Ekki er óhugsandi að hún gæti talist hluti af þeim rústum sem hér hefur verið lýst og verða að teljast líklegt bæjarstæði.

Engar heimildir eru þekktar um þær tóftir sem hér hefur verið lýst og ekki geta Árni Magnússon og Páll Vídalín þeirra í Jarðabók sinni frá 1714. Ef um rústirnar eru af býli, eins og eðlilegt er að gera ráð fyrir af útliti þeirra og staðetningu, er ekki óeðlilegt að gera ráð fyrir að býlið hafi löngu verið komið í eyði og orðið að ógreinilegum þústum þegar þeir félagar skráðu jarðabók sína. Ekki er þó auðvelt að geta sér til um aldur rústanna. Athygli vekur að landamerki Hrísa og Hamars liggja beint yfir vallargarðinn sem mætti túlka sem vísbendingu um að býlið sé eldra en landamerkin enda ekki algengt að byggja býli á landamerkjum tveggja jarða. Á móti því mælir hins vegar eindregið kumlfundur í Álfróli, nálæga á merkjum Hrísa og Hamars. Kuml voru gjarna sett á landamerki og því bendir kumlið til að landamerkin séu forn, komin til í heiðnum sið. Ekki virðist því líklegt að býlið sé tilkomið áður en landamerki voru dregin á milli bæjanna. Aldur þess er hins vegar alveg óráðinn og sjálfsagt gætur fát annað en uppröftur skorið úr um þetta atriði. Eftir stendur að á þessum stað má sjá nokkuð óskemmdar leifar tófta sem helst líkjast bæjar- eða býlisstæði frá fyrri öldum.

Hættumat: mikil hætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Ö-Dalv, 345;

EY-100:011 frásögn af brunn

65°57.174N 18°30.710V

Oft var erfitt um neysluvatn á Hrísum. Lítil bæjarlækur rann um túnið en í honum var yfirborðsvatn. Pálrún Antonsdóttir man eftir að einhverju sinni var grafinn brunnur rétt sunnan við bæ en aldrei fékkst almennilegt vatn úr honum. Nú er sléttuð grasflöt sunnan við bæinn.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

EY-100:012 Hausi heimild um legstað

65°56.970N 18°30.245V

"Á miðjum Hrísmóa skammt utan við veginn, þegar komið er upp fyrir lágina er svolítill þúst, sem eftir stærð og lögun gæti verið haugur. Má ver að þetta sé "Hausi"?" Þetta eru getgátur mínar. Eins og hef áður sagt, hef ég aldrei heyrt þessi örnefni [þ.e. Hausi og Beini] fyr." segir Árni Antonson í bréfi. Þústin sem Árni greinir frá er nú horfin. Hún var í mólendi sem nú hefur verið sléttuð og gert tún, rétt norðan við þjóðveg en um 500 m suðaustan við bæ. Nú er á þessum stað sléttuð tún þar sem þústin var áður í móa.

Líklegt er að Hausi sé í raun ekki í landi Hrísa heldur í landi Sökku nokkru sunnar (sjá Ey-176:033). Hér er þó skráður umræddur "haugur" sem Árni Antonson benti á. Ekki er vitað til þess að nokkuð af beinum hafi komið upp þegar mounum var breytt í tún.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Bréf Árna Antonssonar á Hrísum til Jóhannesar Óla Sæmundssonar 12.2.1967

EY-100:013 frásögn af legstað

65°56.140N 18°31.304V

Pálrún Antonsdóttir man eftir fagurgrænum hól sem var áður þar sem nú eru gatnamót á þjóðvegi til Dalvíkur. Afleggjari liggur frá þjóðveginum inn Svarfaðardal austanverðan þar einmitt þar sem hóllinn var. Munnmæli voru um að bein væru í hólnum en Pálrún mundi ekki eftir að bein hefðu komið í ljós þegar sléttuð var úr hólnum. Nú eru á þessum stað gatnamót á þjóðvegi og alveg hefur verið sléttuð úr hólnum.

Hættumat: hætta, vegna vegar

EY-100:014 garðlag

65°57.322N 18°30.744V

um 180 m norðvestan við bæ 001, fast norðan við tún, liggur garðlag til norðurs í um 80 m.

Garðlagið liggur austan í mel. Melurinn er lyngivaxinn en blásinn í toppinn og hverfur garðlagið í topp melsins og er ekki aftur greinilegt. Austan við melinn tekur við dalverpi, 30-40 m á breidd og lyngivaxið að öðrum melhrygg austar. Garðlagið er samtals um 80 m langt. Það er 0,3 m á hæð en 1,5-2 m á breidd og er lyngivaxið.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

EY-100:015 frásögn af mógröfum

65°57.353N 18°30.291V

Pálrún Antonsdóttir man eftir svarðargröfum á Flæðunum, um 500 m norðaustan við bæ 001 og 600-700 m norðan við þjóðveg. Miklir skurðir hafa nú verið grafnir á þessum slóðum og land þurrkað upp. Engin merki grafanna eru nú greinileg.

Hættumat: hættu, vegna ábúðar

EY-178 Skáldalækur

16 hdr. 1712. Konungsjörð. Einnig nefnt Skjaldalækur.

8. apríl 1414 Selur Finnbogi Jónsson Einari Bergþórssyni jarðirnar Skáldalæk og Sökku fyrir Klifshaga, Hafrafellstungu og Þverá í Öxarfirði. DI III, 753-756 Í bréfinu kemur fram að Háls á "halfsmanatar teigh í skallda lækiar jaurd" DI 1963, 185

24. maí 1486 erfir Sveinn Sumarliðason eftir afa sinn Eirík Loftsson á Grund margar jarðir, m.a. Kross, Hellu, Háls, Hamar og Skáldalæk. DI VI, 571.

11. september 1485 og 20. apríl 1486 kemur fram í kaupmálabréfi að Sveins

Sumarliðasonar og Guðríðar Finnbogadóttur að Sveinn er eigandi Skáldalæks. DI VI, 548

17. nóvember 1490 færir Sveinn Sumarliðason með fullu samþykki Guðríðar Finnbogadóttur konu sinnar jörðina Skáldalæk Jóni Finnbogassyni að gjöf. DI VI, 727-728.

20. mars 1495 selur Finnboga Einarssyni föður sínum séra Einar Benediktsson Skáldalæk fyrir 20 hdr. DI VII, 253-254.

1. og 2. júlí 1498 selur Nafi prior á Skriðu, fyrir hönd klaustursins Skáldalæk fyrir 20 hundruð til Gríms bónda Pálssonar. DI VII, 393.

6. júní 1520 kemur fram í testamentisbréfi Gottskalks Nikulássonar á Hólum að Hólastóll á helming Skáldalæks sem er virði 10 hundraða. DI VIII, 729.

1525 er Skáldalækur enn að helmingi eign Hólastóls skv. Sigurðarregistri. DI IX, 301.

15. október 1544 var gert kaupbréf milli Jóns biskups Arasonar og Ara Jónssonar lögmanns um Skáldalæk ofl. jarðir en það er nú týnt. DI XII, 207.


1550 er jörðin talin eign Hólastóls að helmingi og sá helmingur er metinn á 10 hdr. DI X, 873.

1552 er Skáldalækur talinn upp í skýrslu Eggert Hannessonar um þær jarðir sem Jón Arason hafi selt undan Hólastóli. DI XII, 460

1552 er Skáldalækur talinn upp með þeim eignum sem Ari Jónsson lögmaður átti. DI XII, 464.

1917: 2.7 ha. 3/4 slétt. Garðar 220 m².

1990: "Túnið liggur að mestu í halla suður og upp frá bænum. Neðan við þjóðveginn eru blautar engjar ..." BE 1990, 236



EY-178:001 Skáldalækur bæjarhóll bústaður 65°56.696N 18°32.012V

"Bæjarhúsin standa á Bæjarhól." segir í örnefnaskrá Dalvíkur. Gamli bærinn, sem merktur er inn á túnakort frá 1917, stóð um 5 m austan við þar sem þjóðvegur liggur nú, um 60-70 m suðvestan við íbúðarhúsið sem nú stendur á Skáldalæk. Grasi gróin hæð fast ofan þjóðvegjar.

Húsið sem sýnt er á túnakorti frá 1917 er gamall torfbær. Þegar hann var rifinn var byggt steinsteypt íbúðarhús á sama stað. Það íbúðarhús var hins vegar brennt til grunna 2001 en þá hafði nokkru áður verið byggt enn annað íbúðarhús nokkru ofar og utar. Bæjarhóll sést á þessum stað. Hann er um 45 m á lengd (norður-suður) en 20 m á breidd. Bæjarhóllinn er mest 2 m á hæð.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917; Ö-Dalv, 253

EY-178:002 heimild um útihús 65°56.708N 18°31.963V

Útihús var samkvæmt túnakorti frá 1917 30-40 m norðaustan við bæ 001 og 5-10 m norðan við hesthús 003. Þar sem húsið stóð er nú vegarslóði og túnblettur að bakgarði íbúðarhússins á Skáldalæk.

Brjáll Guðjónsson telur líklegt að þetta hús hafi verið notað sem reykkofti, a.m.k. undir lokin.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917

EY-178:003 heimild um hesthús 65°56.703N 18°31.973V
Tæpum 20 m norðaustan við gamla bæinn 001 var áður útihús samkvæmt túnakorti frá 1917. Húsið hefur staðið þar sem nú er norðvesturhorn útihúsasamstæðu og slóði. Húsið var hesthús var það rífið og úr því sléttað rétt fyrir 1950.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917

EY-178:004 heimild um útihús 65°56.708N 18°31.939V
50-60 m norðaustan við gamla bæinn 001 og 20 m austan við hesthús 003 var útihús samkvæmt túnakorti frá 1917. Húsið hefur staðið í námunda við íbúðarhúsið sem nú stendur á Skáldalæk. Engin merki sjást nú um húsið.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917

EY-178:005 *Hólhús* heimild um fjárhús 65°56.682N 18°31.938V
Rúmum 80 m ofan við bæ 001 (og örlítið sunnar) var útihús samkvæmt túnakorti frá 1917. Á þessum stað var fjárhús, kallað Hólhús. Húsið var í jaðri steinsteypis útihúss sem nú stendur eða nálega þar sem hóll er ofan við það. Sléttað var úr húsinu um 1945.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917

EY-178:006 *Nýhúsvöllur* örnefni útihús 65°56.673N 18°31.811V
"Tún Skáldalækjar nær upp undir Neðriás, og er efstur á því Nýhúsvöllur." segir í örnefnaskrá Svarfaðardals. Rúmum 180 m ofan við bæ 001 var Nýhús á Nýhúsvelli en húsið er merkt inn á túnakort frá 1917. Á þessum slóðum er sléttað tún, ofar eru kálgarðar. Sléttað var úr Nýhúsum 1944.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Svarf, 253 og Túnakort frá 1917

EY-178:007 *Skipalág* örnefni uppsátur 65°56.927N 18°31.469V
"... norðurmörk jarðarinnar [liggja] niður að Svarfaðardalsá rétt norðan túnsins, yfir Skipalág og akbrautina." - "Vestan að [Skáldalækjarmóum] liggur Skipalágin." segir í örnefnaskrá Svarfaðardals. Skipalág er á merkjum við Hrísa, um 40 m ofan við þjóðveg. Lautinni hefur verið umturnað. Þar var áður heystæði en það er nú horfið. Á þessum stað er hægt að tala um laut lengur, hún hefur misst allt lag vegna mikils malarnáms á þessum slóðum.

Hættumat: hætta, vegna malarnáms

Heimildir: Ö-Svarf, 253

EY-178:008 Skáldalækjarsel seltóftir

65°56.335N 18°31.729V

"Nokkru sunnar [en Dýjamýri], eða stutt frá Sökkumerkjum, eru tóftir Skáldalækjarsels ... Dálitinn spöl utan og neðan við Skáldalækjarsel er Stórhóllinn ..." segir í örnefnaskrá Svarfaðardals. Selið er á hæð, um 700 m suðaustan við bæ 001. Það er um 15 m ofan við skurð sem liggur norður-suður, fast neðan við óljósan vegartroðning. Selið er um 400-450 m ofan við þjóðveg og um 80-100 m sunnan við Stórhól sem er lágur, lyngivaxinn hóll þar sem hafin er trjárækt. Það er um 150 m norðan við landamerki Sökku. Umhverfis eru lyngivaxnir melar með grasivöxnum dældum inn á milli. Hóllinn sem selið er á er lágur og grasi vaxinn. Hann snýr norður-suður.

Þegar skrásetjari skoðaði selið var það á kaf í hávöxnu grasi og nákvæm lögun þess ógreinileg. Þó virðist sem að um 2-3 tóftir sé að ræða á hæðinni. Sú syðsta (a) er 9,5 X 8 m að stærð. Norðurhluti hennar er alveg óskýr en svo virðist sem tóftinni hafi verið skipt upp í tvennt. 4 m norðan við (a) er önnur tóft (b) og sú stæðilegasta. Hún er þó mjög óskýr. Þessi tóft er 11 X 4 m að stærð. Hún snýr norður-suður og skiptist upp í tvö hólf. Op er á það syðra á vesturvegg. Samfast þessari tóft, við vesturvegg hennar er lítið hólf sem virðist vera 2-3 m í þvermál og hafa op á vesturhlíð. Þetta hólf er þó sérstaklega óskýrt. 1 m norðan við (b) er þriðja tóftin. Hún hefur e.t.v. verið samföst (b) en stendur nokkuð lægra. Tóftin er 3 X 3 m að stærð og virðist hafa haft op sunnarlega á vesturvegg. Ekki eru greinilegar grjóthleðslur í tóftinni.

Hættumat: engin hætta**Heimildir:** Ö-Svarf, 253**EY-178:009** mógrafir

65°56.629N 18°31.911V

Svarðargrafir eru 120-140 m suðaustan við bæ 001, fast ofan við skurð og sléttuð tún. Grafirnar eru afmarkaðar af túnum að vestan og norðan en ofar tekur lyngivaxin brekka við og syðst, innan grafanna er melhóll. Deiglendi, grafirnar sjást enn á um 30 m breiðu en 50 m löngu svæði.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar**EY-178:010** Kvíalaut örnefni kvíar

65°56.711N 18°31.974V


"Kvíahóll er litlu utar [en Bæjarhóll] og Kvíalautin milli þessara hóla, en hún er nú mjög breytt og að verulegu leyti uppfyllt, enda liggur vegurinn yfir hana." segir í örnefnaskrá Svarfaðardals. Kvíalautin var fast norðan við bæjarhóllinn og voru kvíarnar í lautinni. Það íbúðarhús sem nú stendur á Skáldalæk er á Kvíhól og lautin var sunnan við hóllinn á milli hans og bæjarhólsins 001. Nú er búið að fylla upp í lautina og liggur vegarslóði þar niður.

Engin ummerki sjást um kvíarnar.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar**Heimildir:** Ö-Svarf, 253**EY-178:011** Ribbuvað heimild um vað

65°56.635N 18°32.451V

"Ribbuvöllur heitir afmarkaður graslendisbali niður við Síkið, og Ribbuhóll er þar kallaður og Ribbuvað yfir [Svarfaðardalsá], sunnan við [Skáldalækjareyju]" segir í örnefnaskrá Svarfaðardals. Ribbuvað var yfir Svarfaðardalsá þar sem Skáldalækjareyja greinir ána í tvær kvíslir. Meginhluti



árinna rennur vestan eyjunnar. Vaðið er um 350 m suðvestan við bæ. Engjar eru beggja vegna árinna á þessum stað en merki vaðsins eða slóða að/frá sjást ánni. Áin virðist djúp en ekki mjög straumhörd á þessum stað.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Svarf, 253

EY-178:012 garðlag

65°56.325N 18°31.689V

Um 20 m austan við Skáldalækjarsel 008 má sjá ógreinilegar og nær alveg útflattar leifar garðs. Garðurinn er mjög óljós en er greinilegri við merki aðeins sunnar. Garðlagið er fyrst greinilegt um 450 m ofan við þjóðveg og 150 m norðan við merki við Sökku. Liggur um lyngivaxnar hliðar og deiglendi.

Garðurinn er um 0,8 m á hæð en allt að 5 m á breidd. Hann sést á um 150 m kafla, slitrótt þó. Garðurinn líkist nokkuð Sveitalangi og er líklegast að þessi bútur sé hluti af honum.

Hættumat: engin hætta

EY-178:013 landamerkjagarður


65°56.811N 18°31.367V

Brjánn Guðjónsson man eftir garði á merkjum Skáldalækjar og Hrísa. Garðurinn lá alla leið eftir merkjunum en er nú víðast horfinn og ógreinilegur. Óljóst má sjá móta fyrir honum 300-400 m ofan við þjóðveg. Garðurinn sést í múum ofan (norðaustan) við bæ 001. Hann er mjög óskýr, lyngvaxinn og 2-3 m á breidd. Hann er mest 0,4 m á hæð en skrásetjari greindi hann á 200-300 m kafla þó hann sé án efa lengri.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

EY-178:014 stekkjartóft

65°56.472N 18°31.233V



Um 450 m m sunnan við bæ 001 og 20 m neðan (vestan) við þjóðveg er stekkjartóft. Tóftin er á hæð neðan við þjóðveg. Hæðin og tóftin eru á kafi í grasi. Umhverfis hæðina er deiglendi og engjar að



Svarfaðardalsá.

Tóftin er á kafi í grasi. Hún er 11 X 7 m að stærð og snýr austur-vestur.

Austurendi tóftarinnar er einungis um 3 m á breidd en vesturendi hennar er 7 m. Tóftin er tvískipt. Ekki er greinilegt op á

Stekkjartóft, horft til vesturs

milli hólfanna en hugsanlegt er að op hafi verið á útvegg vestara hólfins (þess stærra) austast á norðurvegg. Veggir tóftarinnar eru hrundir og grónir og víða 1,5-2 m á breidd en 0,3 m á hæð. Ekki eru grjóthleðslur greinilegar í tóftinni. Heimildir geta ekki um stekki í landi Skáldalækjar. Þessi tóft er með dæmigerðu stekkjartófti og fjarlægð frá bæ er svipuð því sem algengast er með stekki á þessum slóðum. Er því rétt að álykta að öllum líkindum sé um stekkjartóft að ræða.

Hættumat: hætta vegna vegar

EY-179 Hamar

20 hdr. 1712. Bændaeign. Einnig Reykjahamar. Hamarskot hjáleiga frá fyrri hluta 19. aldar.


Í Guðmundar sögu Dýra er bærinn nefndur en þar földu Ingimundur nokkur og heitkona hans Ásgerður sig þegar Ingimundur hafði vegið Helga Halldórsson 1191. Samkvæmt sögunni bjó þá þar Eyjólfur söpi. Ingimundur var veginn í túni við bænum þegar hann reyndi útgöngu úr úthýsi einu á jörðinn. Samkvæmt sögunni var hann grafinn í skafi í nágrenni. Sturlunga saga I, 173.

24. maí 1486 erfir Sveinn Sumarliðason eftir afa sinn Eirík Loftsson á Grund margar jarðir, m.a. Kross, Hellu, Háls, Hamar og Skáldalæk. DI VI, 571.

1. júlí 1538 selur Þorsteinn Torfason Ara lögmanni Jónssyni nokkrar jarðir í Eyjafirði, m.a. Hamar sem metin var á 20 hdr. Jarðirnar hafi kona Þorsteins, Þorgerður Stulladóttir fengið í arf eftir bróðir sinn Bjarna Stullason. Í staðinn fékk Þorsteinn jarðir á Vestfjörðum. DI X, 367-368

1917: 3.1 ha. 1/4 slétt. Garðar 350 m².

1964 → í eyði. Eign Svarfaðardalshrepps.



EY-179:001 Hamar bæjarhóll bústaður

65°56.595N 18°30.559V

Hamarsbærinn var þar sem nú stendur steinsteypt íbúðarhús á tveimur hæðum. Frambær gamla bæjarins náði lengra til vesturs en íbúðarhúsið gerir nú og stóð hann allt til 1953. Steinsteypt íbúðarhús án kjallara, nú notað sem sumarhús. Bæjarhóll er greinilegur og er hann 35 X 50 m á hæð. Hann er mest um 1,5 m á hæð. Lækur rennur sunnan við bæjarhólinn. Gamla bænum sem þarna stóð áður var skipt í suðurhús, baðstofu, eldhús og fjósið nyrst.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917

EY-179:002 heimild um fjós

65°56.585N 18°30.539V

Fjós var fast suðaustan við bæ 001, við bæjarlækinn. Það var merkt inn á túnakort frá 1917 en engar leifar þess sjást nú á yfirborði. Það hefur verið nálega þar sem fánaborg er nú, þar er hæð í sléttadri grasflötinni. Við lækinn (í sniði) má sjá glitta í hleðslu barmi lækjarins.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917

EY-179:003 heimild um útihús

65°56.604N 18°30.562V

Um 20 m vestan við bæinn 001 og eilítið neðar (norðar) var áður útihús samkvæmt túnakorti frá 1917. Húsið hefur verið þar sem nú er sléttuð grasflöt vestan við íbúðarhúsið.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917

EY-179:004 heimild um útihús

65°56.585N 18°30.387V

Samkvæmt túnakorti frá 1917 var útihús um 90 m austan við nyrsta hluta Hamarsbæjar 001. Útihúsið hefur verið 15-20 m ofan við sumarbústað (svartan) í hlíðinni, í sléttadri lóð sem er í kringum bústaðinn.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917

EY-179:005 heimild um útihús 65°56.600N 18°30.378V
Útihús var, samkvæmt túnakorti frá 1917, rúnum 100 m austan við bæ 001 og eilítið neðar (norðar). Húsið hefur verið nálega þar sem sumarbústaður er nú í hlíðinni. Nú er sumarbústaður þar sem útihúsið stóð.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917

EY-179:006 frásögn af tóftum 65°56.656N 18°30.337V
Jón Guðmundsson man vel eftir tóftum sem voru um 200 m norðaustan við bæ 001, þar sem nú er rauðmálaður sumarbústaður. Tóftirnar voru nálega 120 m neðan við útihús 005. Sumarbústaður og lóð umhverfis. Engin ummerki sjást nú um tóftina.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar


EY-179:007 *Grásteinn* heimild um huldufólksbústað 65°56.712N 18°31.169V
"Vestanvert í háhamrinum liggja merkin eftir Merkjasteinum. Þeir eru 3, og svo Grásteinn, sem er á merkjum gegnt Skáldalæk. Þar var mikill huldufólksbústaður að sögn gamals fólks." segir í örnefnaskrá Svarfaðardals. Nú er steinninn í landi Hamars en merkjagirðing er um 20 m vestar. Steinninn er 250 m austan við íbúðarhúsið á Skáldalæk. Í lyngivöxnum móa. Steinninn er einstakur í landslaginu. Hann er 2,5 m á hæð en 4 m í þvermál.

Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Svarf, 251

EY-179:008 *Höllukot* heimild um býli 65°56.674N 18°30.469V
"Neðst í túninu á Hamri hét áður Höllukot, og þar voru greinilegar húsatóftir áður en það var brotið til ræktunar." segir í örnefnaskrá Svarfaðardals. Ekki er nú vitað hvar býlið stóð nákvæmlega en neðsti hluti túnsins var nefndur Skottið. Býlið hefur líklegast staðið á því 150-200 m norðan við bæ 001. Sléttað tún sem ekki er lengur slegið.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Svarf, 251

EY-179:009 *Litlasef* seltóft 65°56.419N 18°30.090V



"... rétt sunnan og ofan túns eru Borgirnar, og heitir sú næsta Háaborg. Uppi á henni eru tóftabrot, sem kallast Litlasef." segir í örnefnaskrá Svarfaðardals. Háaborg er í raun önnur borg talin frá vestri. Á henni, um 200 m norðaustan við 014 er tóft. Tóft þessi er um 480 m suðaustan við Hamar 001. Grasi- og lyngivaxið holt með nokkrum stórum steinhnullungum í toppinn.

Tóftin er fremur stekkjargleg og bendir útlit hennar og fjarlægð frá bæ fremur til að hér hafi verið um stekk að ræða heldur en sel. Tóftin er 6 X 11 m að stærð og er tvískipt. Ekki er greinanlegt op á henni annað en það sem er á milli hólfanna. Tóftin er greinilegust nyrst en verður óskýrari eftir því sem norðar

dregur.

Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Svarf, 251


EY-179:010 *Hamarsstekkur* stekkjartóft 65°56.421N 18°29.783V

"Ofar [en Litlasei 009] er Miðborg og sunnan við hana Hamarsstekkur." Hamarsstekkur er 350-400 m suðsuðaustan við býlistóftirnar í landi Hrísa (100:010), um 230 m austan við 009 en 670 m suðaustan við Hamarsbæ 001. Hann er á Efstuborg. Umhverfis eru lynchivaxin holt en borgirnar eru allar með stórum grjóthnullungum á víð og dreif um toppinn. Deiglendi er ofan við, milli holtanna.

Stekkurinn er grasi gróinn, fagurgrænn og sker sig úr umhverfinu. Hann er tvískiptur, snýr norður-suður og er opinn til suðurs. Stekkurinn er 10 X 6 m að stærð. Grjóthleðslur sjást á stöku stað innan í honum. Ekki er greinanlegt op á milli hólfanna en hugsanlegt að op hafi verið á útvegg minna hólfins á austurvegg þess. Frá vesturvegg stekksins gengur garður (eða áframhald veggisins) 7 m til suðurs.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Svarf, 251



EY-179:011 *Mórin* álagablettur

65°55.793N 18°29.884V

"Ofan við [Háuborg, Miðborg og Efstuborg sbr. 009 og 010] er víðáttumikið mýrlendi, Hamarsmýrar. Var þar mikið heyjað áður fyrr. Efst á þeim er álagabletturinn Mórin og litlu ofar tóftir Beitarhúsanna." segir í örnefnaská Svarfaðardals. Miklar mýrar eru milli borganna (009 og 010) og beitarhúsanna 012. Mórin var efst í mýrunum, neðan við beitarhúsin og 1,5 km SSA við bæ 001. Mýrlendi, austan við eru melar að Hálsá.


"Bóndinn á Hálsi fékk eitt sinn (snemma á þessari öld) að slá hjá Beitarhúsunum og heyjaði þá Móinn með, án þes að um væri talað, enda trúðu sumir lítt á álagasagnirnar. Ekki tókst þó betur en svo, að þessi Hálsbóndi (Jón Jónsson) missti 18 af kindum sínum næsta vetur, og var það auðvitað kennt heyskapnum í Mónum. Hefur hann ekki verið sleginn síðan." segir í örnefnaskrá Svarfaðardals.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Svarf, 251-52

EY-179:012 *Beitarhúsalaus* beitarhústóftir

65°55.725N 18°29.393V



Beitarhúsin, horft til norðvesturs

"Ofan við [Háuborg, Miðborg og Efstuborg sbr. 009 og 010] er víðáttumikið mýrlendi, Hamarsmýrar. Var þar mikið heyjað áður fyrr. Efst á þeim er álagabletturinn Mórinn [011] og litlu ofar tóftir Beitarhúsanna. Beitarhúsalaus nær þaðan austur undir á." Beitarhúsin eru enn greinileg. Þau eru um 1,9 km suðaustan við bæ 001 og 2 km m sunnan við þjóðveg. Þau er vestast í Beitarhúsalaus, 200-300 m vestan við á. Húsin eru vestan í mel sem liggur til vesturs frá Hálsá. Sunnan við og vestan við eru deiglendi.

Á þessum stað eru tvær tóftir. Þrjú hólf eru í sjálfum beitarhúsunum sem eru 15 X 13 m að stærð. Vestast eru tvö hólf, það nyrðra snýr austur-vestur en hið syðra norður-suður. Garðar eru í báðum hólfum og eru op á vesturveggjum þeirra. Bak við er heytóft sem snýr norður-suður. Fast austan við beitarhúsin tekur við þýft svæði en ekki er hægt að greina neinar tóftir þar. 20 m austan við beitarhúsin er hins vegar einföld tóft, byggð upp í brekku til norðurs með opi á suðurvegg. Hún er 5 X 4 m að stærð. Vestan við beitarhúsin er fagurgræn hæð um 5 m í þvermál, e.t.v. má þar sjá hvar úrgangur úr húsunum hefur verið settur.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Svarf, 251

EY-179:013 *Beinir* þjóðsaga um legstað

65°55.662N 18°29.086V

"Út og upp af túninu á Hamri, alveg út við Hrísamarki er hóll sem kallaður er Beinhóll. Talsvert stór um sig, flatur að ofan, bratt upp á hann að vestan og norðan, að sunnan hallar landinu út á hann, að austan örlítill ávali upp á hólinn. Ekki er þarna um neina dys eða kumla að ræða sem sjáanleg séu nú. Gæti ekki verið að þarna [sé] Beinir?" "Í III h. þjóðsagnasafnsins Grímu er getið um hauga tvo "á flatanum milli Hamars og Hrísa." Heita þeir Beinir og Hausi.". Í Grímu er sagt frá Ingólfi Bjarmalandsfara sem átti að hafa reynt að fá land í Svarfaðardal til eignar síðla á landnámsöld en án árangurs. Hann á að vera grafin í Ingólfshóli í Sökkulandi en þrælur hans tveir í hólnum Beinir og Hausi. - "Aldrei hef ég heyrt nefnda þá tvo hauga sem á milli Hamars og Hrísa eiga að vera [sbr. þó 100:012]." Bréf Árna Antonssonar á Hrísum til Jóhannesar Óla Sæmundssonar 12.2.1967. Beinir er um 350 m ofan við þjóðveg en 40 m vestan við sumarbústað. Hóllinn er þýfður og lyngivaxinn. Í hann hefur nú verið plantað lerki.

Hóllinn er um 60 m í þvermál (norður-suður). Hnit var tekið á honum sunnarlega þar sem

hugsanlega hefur verið þúst (17 X 5 m). Höllinn er 2-3 m á hæð, sléttaður að ofan.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Dalv, 345 og Bréf Árna Antonssonar á Hrísum til Jóhannesar Óla Sæmundssonar 12.2.1967 og Gríma V. bindi, 7-9


EY-179:014 tóft

65°56.359N 18°30.316V

Óljós tóft er á hárrí og grýttri hæð um 200 m suðvestur af Háuborg (009) og 480 m SSA við Hamar 001.

Umhverfis eru lyngivaxin holt, en 30 m austar dalverpi sem liggur á milli þessa holts og Háuborgar. Tóftin er 7 X 5,5 m að stærð og virðist tvískipt. Hún er orðin alveg útflött og óskýr á köflum en op virðist hafa verið á austurvegg hennar sunnanverðum. Op virðist einnig hafa verið á milli hólfa. Engar grjóthleðslur eru merkjanlegar í tóftinni sem er mest 0,3 m á hæð.

Hættumat: engin hætta



EY-179:015 garðlag túngarður

65°56.573N 18°30.564V

Túngarður var umhverfis tún á Hamri. Hann er sést enn á parti ofan við tún. Sléttuð tún eru innan (norðan) garðsins en sunnan hans er lyngi- og grasi vaxinn mói. Garðlagið sést ofan við tún úr vestri og í 55 m til austurs en þá verður garðurinn óljós. 30 m ofar má hins vegar greina annað garðlag sem er stærra um sig (sjá 180:006)

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

EY-179:016 gerði kálgarður


65°57.582N 18°30.608V

Rúmum 30 m sunnan (ofan) við bæ 001 er enn greinilegar leifar kálgarðs sem merktur er inn á túnakort frá bb1917. Kálgarðurinn er fast utan við (sunnan við) túngarðinn 015. Sléttuð tún eru innan (norðan) garðsins en sunnan hans er lyngi- og grasi vaxinn mói. Gerðið er 28 X 13 m að stærð en 0,7 m á hæð. Það er grasi gróið.


Nokkur órækt er í og við garðinn en hann er þó nokkuð heillegur.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917



EY-180 Hamarskot



Hjáleiga frá Hamri. Byggðist fyrst á fyrri hluta 19. aldar og taldist þriðjungur jarðarinnar. Tvíbýli og hét annað Grjótgarður og/eða Steinholt.

1917: 1.9 ha. 1 slétt. Garðar 200 m².

1921→í eyði og sameinað Hamri.

EY-180:001 *Hamarskot* bæjarstæði bústaður 65°56.630N 18°30.741V


"Utan við gamla Hamars-túnið voru fyrrum tvö býli, Hamarskot og Grjótgarður. Lægð í framhaldi af Grófinni er á milli heimatúnsins og Hamarskotstún, en búíð er nú fyrir löng að rækta þetta saman. Á Grjótgarði var búíð fram undir 1930 og jafnan kallað í Hamarskoti, eftir að hitt býlið lagðist í eyði." segir í örnefnaskrá. Hamarskot var um 150 m vestan við Hamar 179:001, um 80 m ofan við akveg að Hitaveitu Dalvíkur. Bærinn var 25-30 m ofan við Grjótgarð 002 og eilítið austar, nállega fast austan við þar sem nú er hjólhýsi með palli. Grasi gróin hæð er nú á þessum stað. Engin ummerki bæjarins eru greinileg og ekki er hægt að tala um eiginlegan bæjarhól á staðnum. "Síðustu árin voru kotin

raunar tvö og hét hitt Steinholt." segir í Byggðum Eyjafjarðar 1990, 257

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917; Ö-Svarf, 251

EY-180:002 *Grjótgarður* bæjarhóll bústaður



65°56.650N 18°30.739V

"Utan við gamla Hamars-túnið voru fyrrum tvö býli, Hamarskot og Grjótgarður. Lægð í framhaldi af Grófinni er á milli heimatúnsins og Hamarskotstúns, en búíð er nú fyrir löngu að rækta þetta saman. Á Grjótgarði var búíð fram undir 1930 og jafnan kallað í Hamarskoti, eftir að hitt býlið lagðist í eyði." segir í örnefnaskrá. Leifar Grjótgarðs/Steinholts sjást enn um 150 m vestan við Hamar (179:001) en um 40 m sunnan við veg að Hitaveitu Dalvíkur. Bærinn er sýndur 20-30 m neðan við Hamarskot á túnakorti frá 1917. Tóftin er ofarlega í túni sem nú er komið í órækt.

Tóftin er um 14 X 12 m á stærð. Hún skiptist upp í fimm hólf. Þrjú hólfanna eru hlið við hlið austantil í tóftinni. Op er á austurvegg þeirra allra. Tvö hólf eru að baki (vestanmegin) í tóftinni og er greinilegt op frá miðjuhólfinu í austri yfir í annað þeirra. Hugsanlegt er einnig að op hafi verið frá syðsta hólfinu en það er nú ógreinilegt. Op er á milli bakhólfanna tveggja. Hæð tóftarinnar er mest 0,8 m, hún er gróin og engar grjóthleðslur sjást.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917; Ö-Svarf, 251

EY-180:003 heimild um útihús

65°56.663N 18°30.764V

30 m vestan við Grjótgarð 002 og örlítið neðar í túninu var áður útihús samkvæmt túnakorti frá 1917.

Engin ummerki hússins sjást en á þessum stað eru nú sléttuð tún í órækt.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917

EY-180:004 heimild um útihús

65°56.703N 18°30.745V

Samkvæmt túnakorti frá 1917 var útihús áður rúmum 90 m neðan við útihús 003 og 40 m neðan við vegarslóða að Hitaveitu Dalvíkur.

Engin ummerki hússins sjást en á þessum stað eru nú sléttuð tún í órækt. Þar sem útihúsið hefur staðið er þó tún grænna en annars staðar.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917

EY-180:005 garðlag túngarður

65°56.662N 18°30.845V

Garðlag sést á um 60 m kafla vestan við Hamarskot, beggja vegna við vegslóða sem liggur að Hitaveitu Dalvíkur. Vallargarðurinn afmarkar tún sem nú eru komin í órækt. Utan vallargarðs er víðast þýfðir og lyngvaxnir móar.

Garðurinn er greinilegur rúma 40 m norðan við vegslóða að Hitaveitu Dalvíkur. Hann liggur til suðurs að vegslóðanum en þar er rof í hann. Ofan við veginn heldur garðurinn áfram til suðurs um 140 m en þá sameinast hann eða liggur upp að miklum göngugarði (Sveitalangi) sem liggur þar austur-vestur í hlíðinni. Túngarðurinn er 2-3 m á breidd en 0,8 m á hæð og er lyngivaxinn.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

EY-180:006 *Sveitalangur* garðlag

65°56.662N 18°30.845V


Garðlag sést 60-80 m suðvestan vestan við Hamarskot. Túngarður Hamarskots 005 liggur upp að garðinum.

Garðurinn liggur að mestu um lyngivaxna haga. Sveitalangur liggur ofan við Hamarskot og liggur ANA-VSV. Hann er 4-5 m á breidd en 1 m á hæð og er lyngivaxinn. Garðurinn er fyrst merkjanlegur í landi Hamars, Hamarskot og Skáldalæk og er samtals greinanlegur á um 750 m kafla. Norðvestast í landareign Hamars er svo garðlag aftur merkjanlegt og er það líklega hluti af sama garði. Þar liggur hann skammt frá Hálsá og í 250-300 m til vesturs áður en hann fjarar út.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar



Garðlag, horft til norðausturs



60 hdr. 1712.
Bændaeign.

Hálfkirkja var á jörðinni. Lykkja hjáleiga um aldamótin 1900.

Háls er getið í Guðmundar sögu Dýra en þar segir að hreppstefna hafi verið haldin á Hálsi 14. september 1200 en endaði hún með vígi Snorra Þórðarsonar. Snorri þessi var fylgdarmaður

Þorsteins Þraslaugarsonar sem átti frændkonu Brands biskups. Orsakir þessar voru deilur um yfirráð á Völlum. Þar bjó Eyjólfur nokkur sem "hafði svá tekit staðinn handsölum, at í erfð skyldi hverfa". Þegar Eyjólfur dó byggði Brandur biskup Þorsteini Velli en synir Eyjólfss þeir Brandur og Klængur sem bjuggu á Sökku kölluðu til staðarins. Upp úr þessu urðu deilur og vígaferli, m.a. á Hálsi sem áður er um getið.

Sturlunga saga I, 211

14. júlí 1386 gefur Þorsteinn Eyjólfsson Arnfinni syni sínum þann hluta sem hann átti í jörðinni Hálsi með reka og þeim hlunnindum sem partinum fylgdu. DI, III, 392-393

1. janúar 1387 selur Helgi Oddsson Arnfinni Þorsteinsyni þann hluta í Hálsi sem Helgi hafði erfð eftir föður sinn, 14 hdr. virði. DI, III, 394.

28. desember 1388 kaupir Arnfinnur Þorsteinsson fimm hundruð í jörðinni Hálsi af Kristínu Oddsdóttur sem hafði erfð hana eftir Odd föður sinn. DI IV, 13-15.

8. apríl 1414 kemur fram í sölubréfi Skáldalæks að Háls á "hálfsmánaðar teig" í Skáldalæk. DI III, 754.

6. nóvember 1447 má sjá af reikning Möðruvallaklaustur að Háls er orðinn eign þess. DI IV, 712,

24. maí 1486 erfir Sveinn Sumarliðason eftir afa sinn Eirík Loftsson á Grund margar jarðir, m.a. Kross, Hellu, Háls, Hamar og Skáldalæk. DI VI, 571.

1487 kemur fram í máldaga Ólafs biskups Rögnvaldssonar um bænhús og kirkjur í Hólabiskupsdæmi að hálfkirkja er niðri á Hálsi. DI V, 356

16. ágúst 1496 kemur fram í sölubréfi að Guðríður Finnbogadóttir á Háls og jörðin virðist 60 hdr. virði. DI VII, 307.

1. október 1695 má sjá í kaupbréfi Halldórs Torfasonar og Þuríðar Sæmundsdóttur að Eggert Sæmundsson bróðir Þuríðar "tilsegir" margar fasteignir m.a. helming í Hálsi en helmingurinn er metinn á 30 hdr. Jarðabréf frá 16. og 17. öld, bls. 145.

1917: 6.9 ha. 9/10 slétt. Garðar 965 m².

1990: "Túnið liggur á landræmu meðfram ánni nokkuð upp fyrir þjóðveginn og veit út að sjónum. Jörðin var áður talin til vildisjarða og munaði þar mestu um ýmis hlunnindi, s.s. rekann í Hálsfjöru. Einnig var þaðan gott útræði og þá var selveiði í ánni talin jörðinni til tekna. Öll þessi hlunnindi

spilltust stórum þegar Svarfaðardalsáin breytti farvegi sínum og ós hennar færðist til austurs. Enn eru þó töluverð búdrýgindi af rekanum á Hálsi." BE 1990, 122 sbr. JÁM X, 94 - áin breytti sér um 1670

EY-181:001 Háls bæjarhóll bústaður 65°56.929N 18°28.750V

Gamli bærinn á Hálsi sem merktur er inn á túnakort frá 1917, stóð þar sem nú stendur íbúðarhús á Hálsi.

Nú steinsteypt íbúðarhús með kjallara. Gamli bærinn var rifinn rétt fyrir 1940. Vart er hægt að tala um bæjarhól á Hálsi þó bærinn standi eilítið hærra en umhverfið í kring. Hæðin er innan við 0,5 m á hæð og nær yfir stórt svæði þannig að ógjörmingur er að greina hvar hún fjarar alveg út. Í Fornleifaskrá Guðrúnar Þorsteinsdóttur á Hálsi 10.5.1985 nr. 10 er bænum lýst á eftirfarandi hátt: "Núverandi íveruhús stendur á grunni gamla bæjarins [sem var] byggður seint á [19.] öld./baðstofa í þrem hólfulum, fjós og eldhús í kjallara. Kjallari hlaðinn úr grjóti 2 m rúmlega á hæð, veggir torfhláðir og með torfþaki. Framhús úr timbri, búr og geymsla undir. Útihús einnig byggð á grunni gamalla húsa." Viðbót eftir sömu á sérblaði segir ennfreður: "Gamli Hálsbærinn var stór bær. Baðstofa í þrem hólfulum þiljað í hól og gólf. Undir baðstofu eldhús og fjós með gangi á milli og út gengið að austan. Herbergi var afþiljað framan við baðstofu að sunnan. Framhús var hólfað sundur í stofu og smíðhús. geymsluloft uppi og kvistur að vestan. Bæjardyr voru að vestan og gengið þar upp á loftið. Geymsluskúr við norðurenda framhúss."

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917

EY-181:002 heimild um útihús 65°57.004N 18°28.797V

90 m norðan við bæ 001 og 40 m norðvestan við fjárhús sem enn stendur á Hálsi, var samkvæmt túnakorti frá 1917, áður útihús. Dældótt hæð í sléttuðu túni.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917

EY-181:003 Baðhús heimild um fjárhús 65°56.985N 18°28.788V

Um 90 m norðan við bæ 001 og eilítið ofar (austar), var útihús samkvæmt túnakorti frá 1917. Á þessum stað er nú steinsteypt fjárhús á hæð í sléttuðu túni. Húsin voru fjárhús og kölluð Baðhús sökuð þess að þar var kindabað. Þau stóðu í suðurhlíð þeirra fjárhúsa sem nú eru notuð á Hálsi.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917

EY-181:004 Ysthús heimild um hesthús 65°57.023N 18°28.761V

Um 130 m norðnorðaustan við bæ var útihús samkvæmt túnakorti frá 1917. Húsið var beint norðan við það fjárhús sem nú stendur á Hálsi. Engin ummerki sjást nú um húsið nema hvað dældótt hæð er í túninu á þessum stað.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917

EY-181:005 Barðhús heimild um fjárhús 65°57.014N 18°28.901V

Útihús var samkvæmt túnakorti frá 1917 um 110 m norðvestan við bæ 001. Húsið var 70 m beint niður (vestur) af 002. Nú er dældótt hæð í sléttuðu túninu á þessum stað.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917

EY-181:006 heimild um útkirkju 65°56.920N 18°28.885V

HÁLS Í SVARFAÐARDAL (VALLAÞING) (E) - HÁLFKIRKJA


14.7.1386: kirkjan á hlut í jörðinni; DI III 393 [kúgildi fylgja jarðarpartinum]

1487: er niðri DI V 356. Engar leifar útkirkjunnar eru nú greinilegar og ekki skýrar sagnir um staðsetningu hennar. Guðrún Þorsteinsdóttir segir að aldrei hafi í sínu minni komið upp leifar beina eða hleðslur sem gefið gætu vísbendingu um staðsetningu útkirkjunnar. Hún segir þó mál manna að líklegast hafi kirkjan staðið um 100 m VSV við núverandi íbúðarhús, þar sem grasi gróin hæð er nú.

Grasi gróin hæð í sléttuðu túni.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

EY-181:007 hleðsla lending 65°57.656N 18°28.861V



Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns segir: "Heimræði brúkaðist hjer, þó lending væri leið og brimsöm. Nú verður það ekki brúkað, eður hefur orðið í margt ár, fyrir grynníngum af sandi, sem áin hefur borið fyrir lendinguna, síðan hún gjörði þann nýja farveg." Í örnefnaskrá Dalvíkur er sama stað lýst á eftirfarandi hátt: "Fyrrum var Dalsárósin vestur undir merkjum ... Nú er hann austur við lendinguna, vestan undir svonefndu Hálshorni, en austur þaðan að merkjum er grýtt fjara." Enn er hægt að greina mjög óljós merki mannvirkja á þessum stað. Þetta er 1,4 km norðan við bæ, 50-100 m austan við Dalsá en um 350 m austan við merki. Á lyngi- og grasivöxnu svæði fast ofan við sendna fjöru.

Um er að ræða hæð þar sem greina má óljósar hleðslur um 5 m ofan við sjávarborð. Hleðslurnar eru 3 X 2 m að stærð en eru einungis 0,2 m á hæð. Um er að ræða einfalda steinaraðir. 3 m suðvestan við suðvesturhorn hleðslunar er þúst sem er 3 m í þvermál.

Hættumat: hættu, vegna vatnsaga

Heimildir: JÁM X, 94 og Ö-Dalv, 344

EY-181:008 *Lykkja* tóftir+garðlag býli


65°57.382N 18°28.956V

"Skammt utan við túnið var fyrrum býlið Lykkja (búið þar fram yfir síðustu aldamót)." segir í örnefnaskrá Dalvíkur. Leifar býlisins sjást enn greinilega 700-800 m norðan við bæ 001 og 50-60 m austan við Hálsa. Leifarnar eru um 50 m neðan (norðan) við neðstu tún. Norðar eru sléttuð tún, austan og suðaustan við eru lyngivaxnir móar en norðaustan við framræst svæði.

Rústunum á Lykkju er lýst í Vesturströnd Eyjafjarðar, 1982: "[Lykkja] nefnist gamalt býli utan og neðan við túnið á Hálsi. Hefur það staðið á aflöngum hólkoli, sem er umgirtur mjög reglulegum og háum sporöskjulaga torfgarði, sem liggur víða í dálitilli lág. Uppi á hólum sjást húsatættur á tveimur stöðum, en fremur ógreinilegar, enda sýnilega misgamlar, og mjög vaxnar grasi. Yngstu minjarnar eru af býli er þarna stóð fram um aldamótin síðustu, en síðan hafa þarna líklega verið gripahús eða réttir." Guðrún Þorsteinsdóttir á Hálsi lýsir svæðinu í Fornleifaskrá sinni frá 1985: "Utan túns, um 1,5 km frá bænum, skammt frá sjó. Rústin stendur á nokkuð háum hól. Umhverfis hólinn nokkra metra frá, er hlaðinn garður, og eins og hlaðin þró suður við Lykkjulækinn, c. 2 m á kant og 1 m á hæð. Að líkindum notað þegar lækurinn þornaði á sumrum. Aldur: 1880-1902." Guðmundur Ólafsson fornleifafræðingur kom á staðinn 1988 og lýsir honum á eftirfarandi hátt: "Tóftirnar eru um 900 m norður af bænum Hálsi, á náttúrulegum hól eða ási sem hallar á þrjár hliðar niður að læk, sem rennur þar hjá. Sýnilegar tóftir virðast fremur nýlegar, en eru samt ekki greinilegar og veggjabrot litil. Virðist helst sem þær hafi verið jafnaðar með jarðýtu. Hugsanlega hafa þarna einnig verið undirstöður timburhúss. Á litlum hól að baki bæjarhúsanna er stök kofarúst úr torfi. / Umhverfis hólinn er túngarður sem við könnun á staðnum sýndist vera sporöskjulaga. Hæð hans er um 0,6 m og mest breidd 2 m. ... ekki var ummál garðsins að Lykkju mælt á staðnum en af loftmynd að dæma er lengd hans um 150 m og breidd um 60 m."

Tóftirnar eru á aflöngum, grasi grónum hól. Lækur rennur norðan og austan við hólinn en þó er hólinn allur afgirtur með sporöskjulaga garðlagi. Garðlagið er 175 X 110 m að stærð, 0,5 m á hæð en 1,5-2 m á breidd. Garðurinn er ellilegur og gróinn. Innan vallargarðsins er 3-4 rústir. Á háhólum eru 2 rústir. Svo virðist sem þeim hafi verið rutt út, a.m.k. er lag þeirra óskýrt í dag. Austari rústin (a) er um 12 X 9 m að stærð og virðist einföld og snúa norður-suður. 27 m vestan við hana eru mjög óljósar leifar (b) en þó er 27 X 13 m svæði þar sem einhver mannvirki hafa verið. Nú er einungis greinanlegt norðausturhorn, 6 X 12 m að stærð. Um 70 m suðvestan við horn þessarar tóftar er svo sigin og óskýr tóft (c), 20-30 m frá vallargarði. Hún er 9 X 8 m að stærð og virðist hafa verið tvískipt. Tóft þessi snýr norðaustur-suðvestur en ekki er lengur hægt að greina nákvæmt lag. Óljós þúst er á milli b og c. Fjórða tóftin (d) er hins vegar fast upp við túngarð suðaustarlega. Hún er byggð upp við túngarðinn og samanstendur af tveimur veggjum og er því opin til norðurs. Tóftin er 7 X 7 m að stærð og mun stæðilegri en hinar tóftirnar (eða allt að 1,3 m á hæð). Svo virðist sem grafið hafi verið innan úr henni og jafnvel að vatn hafi verið í botni hennar upp við vallargarðinn. Grunn renna liggur um túnið í átt að

tóftinni og er hugsanlegt að hún hafi verið hluti af einhvers konar áveitukerfi. Önnur renna er ofar í



túninu og liggur til austurs og endar í námunda við túngarð.

Hættumat: hætta, vegna sléttunar

Heimildir: Ö-Daly, 344, Vesturströnd Eyjafjarðar, 193, Fornleifaskrá Guðrúnar Þorsteinsdóttir og Guðmundur Ólafsson ofl í Árbók hins íslenska fornleifafélags 1991, 117

EY-181:009 *Þrælagerði* garðlag

65°57.081N 18°28.654V

"Skammt utan við túnið var fyrrum býlið Lykkja ... Þar ytra var einnig kallað Þrælagerði." 200-300 m NNA við bæ 001 var Þrælagerði áður. Þar sem tóftirnar voru eru nú sléttuð tún en leifar vallargarðs austar og norðar sjást enn. Sunnan og vestan við garðlögin eru sléttuð tún en utan við vallargarðinn eru grasi- og lyngivaxnir móar.

Þrælagerði er lýst í Vesturströnd Eyjafjarðar, 1982: "Örnefni þetta þekktist í túninu skammt neðan við bæinn, og sér þar enn fyrir bogalaga garði umhverfis lágan hól. Einhverjar tættur hafa líklega verið á hólnum en þær hafa verið sléttaðar." Fornleifaskrá Guðrúnar Þorsteinsdóttur frá 1985 lýsir staðnum á eftirfarandi hátt: "Í túni NA af bænum. Notað sem sauðahús með hlöðu við fyrir og eftir aldamótin síðustu. Seinna notað sem fjárrétt. Veggir hlaðnir úr torfi og grjóti. 50-100 m frá hlaðinn garður í kring, nú að mestu jafnað við jörð. Ekki vitað um aldur á nafninu eða upphafi rústarinnar." Guðmundur Ólafsson fornleifafræðingur kom á staðinn 1989 og lýsir honum svona: "Þrælagerði er um 600 metrum sunnan við Lykkju. Það hefur að mestu verið eyðilagt þegar svæðið var sléttað undir tún, en norðan við túnið, þar sem landinu hallar niður að lækjarfarvegi, má sjá garðbrot sem gætu verið leifar af þessu gerði. Garðhleðslan er bogadregin, allt að 2 m að breidd á norðurhlið og tæplega 1 m að hæð að utanverðu, en aðeins um 0,4 m að sunnanverðu. Engin rannsókn var gerð á staðnum að öðru leyti en því að slegið var máli á garðinn frá austri til vesturs og reyndist hann vera um 65 m í þvermál. Að austanverðu var hægt að fylgja garðinum nokkuð til suðurs. Þar var hann aðeins um 0,3 m hár og um 1 m breiður. Í rofamoldum sáust grjóthleðslur í sárinu. Norðarlega í túninu er dálítill hólbunga. Hugsanlega hafa þar verið tóftir sem búið er að slétta út. / Ögerningur er að segja til um án frekari rannsóknar hvað þarna hefur verið. Garðurinn gæti verið leifar af túngarði eða annarskonar vörslugarði. Nafngiftin 'Þrælagerði' verður ekki skýrð af þeim minjum sem þarna er að finna í dag."

Garðurinn sést nú á um 70 m kafla. Hann er fyrst greinilegur á 3 m kafla ofan við tún en verður þá ógreinilegur þar sem hann beygir til vesturs. 11 m lengra má greina hann aftur þar sem hann

liggur í 56 m til vesturs áður en hann verður alveg ógreinilegur aftur. Garðurinn er 0,4 m á hæð en 1,5-2 m á breidd. Aðrar minjar Þrælagerðis eru ekki sjáanlegar lengur.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Dalv, 344, Vesturströnd Eyjafjarðar, 193, Fornleifaskrá Guðrúnar Þorsteinsdóttur á Hálsi 10.5.1985 og GÓ ofl. í Árbók 1991, 118

EY-181:010 *Sigfúsarkofi* heimild um útihús

65°56.966N 18°28.662V

"Ofan bæjar sést enn móta fyrir hóli, þar sem stóð svonefndur Sigfúsarkofi." segir í örnefnaskrá Dalvíkur. Sigfúsarkofi var á hæð, 80-100 m austan (aust-norð-austan) við bæ 001 og 40-50 m austan við fjárhús sem nú eru notuð á Hálsi. Kofinn var 40-50 m vestan við núverandi mörk túns. Sléttaður höll í túni.


1985: "einsetumannskofi/Sigfúsarkofi/fyrir og eftir síðustu aldamót eða seinni hluta 19. aldar/40-50 m upp frá bænum/[stærð] ekki vitað - nú komið undir tún." segir í Fornleifaskrá Guðrúnar Þorsteinsdóttur á Hálsi 10.5.1985 nr. 9.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Dalv, 344

EY-181:011 *Fjallgerði* tóftir+garðlag

65°56.694N 18°28.453V



"Þá var Fjallgerði sunnan túns, nokkurn spöl suður og upp frá túnhliðinu, rétt ofan við Svarðarmýri 012." segir í örnefnaskrá Dalvíkur. Leifar Fjallgerðis eru enn greinilegar um 600 m SSA við bæ 001.

Tóftinar eru í lyngvaxinni fjallshlíð með deiglendissundum á milli.

Fjallgerði er lýst í Vesturströnd Eyjafjarðar frá 1982: "Byggðaminjar á höllunum suður og upp af Hálsi eru nefndar [Fjallgerði]. Þar er greinilega um annað fornbyli að ræða, sem þó er heldur minna en Stóri-Háls. Samt eru þarna um 10 tættur dreifðar um hringlaga svæði, flestar uppi á holtum eða hólum, því að víða er þarna allblautt, og túnstæði virðist næsta lítið. Rústirnar sýnast vera mjög fornlegar, en þó gætu þar hafa staðið fjárhús á seinni öldum á 1-2 stöðum. Túngarður sést ekki, en ofan við svæðið eru tveir samhliða torfgarðar mjög fornir,

með aðeins um 100 m millibili, og tengjast þeir saman í einn garð er liggur niður fyrir austan svæðið. Við ytra garðinn eru stór réttarhólf eða náthagar, þar sem hann kemur niður að Hálsánni. Þá hefur svonefndum Granalæk verið veitt niður í gegnum þetta forna bæjarstæði." Guðrún Þorsteinsdóttir lýsir sama svæði 1985: "Eyðibýli, ekki vitað hvenær þar var búið síðast/Fjallgerði/sennilega á fyrri öldum/c. 2 km sa af bænum/Stærsta rústin stendur á háum hól grasigrónum, að minnsta kosti 3 rústir standa þarna í kring á hólum og hæðum. Bæjarlækurinn rennur rétt fyrir sunnan hólinn og hefir honum

sennilega verið veitt heim og jafnvel á milli hólanna og í gegn." Guðmundur Ólafsson fornleifafræðingur kom á staðinn 1989 og lýsir honum á eftirfarandi hátt: "Uppi í hlíðum Hámundarstaðafjalls um 600 m suður af bænum Hálsi í um 120 m hæð eru allmargar grónar tættur. Greinilegasta tóftin er í daglegu tali nefnd Fjallgerði. Hún er tvískipt og um 17,5 m að innanmáli. Syðri tóftin er 8 m x 4 m að innanmáli. Veggir eru allt að 1 m háir og 2 m breiðir. ... / Allmargar rústir eru dreifðar um svæðið umhverfis aðalrústina. Flestar eru þær mjög ógreinilegar og fornlegar. Að baki stærstu rústinni mótast rétt fyrir tveimur lágum tóftum. Skammt upp af þeim er garðbrot og hringlaga garður þar upp af. Utan undir honum er tóftabrot. Ofan við rústasvæðið í um 160-180 m hæð eru leifar tveggja garða sem liggja eftir fjallshlíðinni og sveigir sá efri niður fjallið skammt norðan við rústasvæðið. / Borkjarni var tekinn í aðara aðaltóftina ... Reyndust vera um 0,7 m niður á fast. Merki um mannavist sáust í efri hluta borkjarnans. Þar var umrótuð mold með viðarkolaögnum og mislitum torfusneplum. Einnig var mjög þunnt gráleitt fitukennt lag, e.t.v. gólfskán eða kísilgúr? Undir mannvistarlögunum var svört gjóska og þar undir gulleit gjóska. Örlítil linsa af grárrí gjósku var í torfusneplunum. / ... Gulleita gjóskan er að öllum líkindum H3. Ef dökka gjóskan er lagið frá 1477 virðist mega ætla að tóftin sé frá um 1500 eða síðar. Útlit tóftanna gefur þó til kynna hærri aldur. Hugsanlegt er að tóftirnar séu frá mismunandi tímum. / Niðurstaða um Fjallgerði : Ljóst er að þarna eru allmiklar mannvirkjaleifar og í raun óvenjumiklar ef þess er gætt hve hátt uppi í fjallinu rústirnar eru. Könnunin leiddi ekki í ljós neinar niðurstöður um hvers kyns minjar þetta væru. Hugsanlega hefur þarna verið lítið býli eða sel. Aðalrústin gæti e.t.v. verið leifar af íveruhúsi, en aðrar tættur tengjast vafalaust flestar skepnuhaldi. ... Rústirnar eru dreifðar um allstórt svæði en ekki í einni þyrpingu og garðurinn umhverfis er óreglulegur að lögun og fylgir fremur landslagi en ákveðnu formi."

Skrásetjari kom auga á 8 tóftir auk garðlaga. Hér á eftir verður hverri tóft gefin bókstafur til aðgreiningar og byrjað á norðvestustu tóftinni á svæðinu. Norðvestasta tóftin er 13 X 6 m að stærð (A). Hún er á grasi grónum hól. Tóftin er tvískipt á nokkuð sérstæðan hátt þar sem við austurvegg hennar innanverðan er byggt lítið hól sem ekkert op sést á. Op er hins vegar á tóftinni austarlega á norðurvegg hennar. Tóftin snýr norður-suður og er grasi gróin. Hún er hlaðin úr torfi eins og aðrar tóftir í Fjallgerði og engar grjóthleðslur sjást. Austan við tóftina (A) er deiglendur blettur að öðrum hól nokkru austar. Á honum er gerði (B) um 70 m austan við (A). Gerðið snýr norður-suður og er 10 X 9 m að stærð. Ekki er greinanlegt op á gerðið en það er mjög gróið og sigið og veggir víða nær alveg útfaltir en fremur mjóir. Ofan við hólinn sem (B) er á er deiglent en skammt ofar tekur við brött og lyngvaxin fjallshlíð. 20-30 m sunnan við (B) er stórt, sporöskjulaga gerði (D). Gerðið er 25 norður-suður en 23 m austur-vestur, það er hlykkjótt á köflum en fornlegt. Veggir þess eru rúmir 2 m á breidd en 0,4 m á hæð. Við suðurvegg þess utanverðan er byggð lítil tóft sem er 7 X 3 m að stærð og opin til vesturs. Op er á vesturvegg gerðisins og frá því liggur garðlag til norðurs meðfram gerðinu. Innan við 10 m vestan við gerðið (D) er lítil þúst (H). Hún er 3 X 3 m að stærð og gæti annað hvort verið alveg hrúin og sigin tóft eða jafnvel leifar öskuhaugs. 25 m vestan við (D) og 11-12 m vestan við (H) er svo stæðileg tóft (C). Tóftin er 22 X 9 m að stærð. Hún er tvískipt og er nyrðra hólfið 8 X 2,5 m að innanmáli en hið syðra 10 X 4 m og op er á það syðst á vesturvegg. Hugsanlegt er að í þessu syðra hólfi hafi verið afgirt lítið hól en hleðslur eru ógreinilegar. Þýft svæði er fast austan við tóftina en ekki er hægt að greina eiginlegar veggheðslur þar. Tóftin stendur á stórum og ræktarlegum hól og hugsanlegt er að þar hafi verið hóbýli manna. 33 m sunnan við (C) er tóft eða gerði (E). Það er 18 X 10 m að stærð og snýr norður-suður. Gerðið er lyng vaxið og norðvesturveggur þess er rofinn. 10-15 m vestan við (E) en 35 m SSV við (C) er ógreinileg þúst (G). Hún er 20 X 10 m að stærð og snýr norður-suður. Annað er vart um hana að segja. 15 m sunnan við þústina er svo enn önnur tóft (F). Hún snýr austur-vestur og er 13 X 6,5 m að stærð. Hún er mjög óskýr og veggir hennar nær alveg hrundir og grónir. Op virðist hafa verið á vesturvegg tóftarinnar en hann er þó orðin mjög ógreinilegur og því erfitt um það að segja. Op virðist einnig hafa verið milli vestara hólfsins og minna hólfs austar. Frá þessari tóft (F) er um 25 m að skurði í túninu. Lækur rennur niður túnið rétt sunnan við (D).

Fjallgerði er staðsett nokkuð hátt yfir sjávarmáli. Fjöldi rústa og fjarlægð frá bæ bendir þó fremur til að þarna hafi verið einhvers konar býli fremur en sel. Háls á land inn eftir Hálsdal og þar er víða gott beitilendi og selstaða, enda þar þekkt sel 014. Því er helst að giska á að Fjallgerði hafi í raun verið býli þótt það sé hátt í fjallshlíðinni ofan við Háls. Ofan við tóftirnar ganga garðlög sem að líkindum teljast hluti af þeim garðlögum sem kölluð hafa verið Sveitalangur (sjá 024).

Hættumat: engin hættu

Heimildir: Ö-Dalv, 344, Vesturströnd Eyjafjarðar, 193, Fornleifaskrá Guðrúnar Þorsteinsdóttur á Hálsi 10.5.1985 nr. 3. og Guðmundur Ólafsson ofl í Árb 1991, 119-121.

EY-181:012 Svarðarmýri örnefni mógrafir

65°56.668N 18°28.857V

"Þá var Fjallgerði 011 sunnan túns, nokkurn spöl suður og upp frá túnhlíðinu, rétt ofan við Svarðarmýri." segir í örnefnaskrá Dalvíkur. Svarðarmýri var þar sem nú eru sléttuð tún 350-400 m

sunnan við bæ 001 á Hálsinum. Grafirnar voru þar sem suðurhluti túnanna er nú. Engin merki grafanna sjást nú í sléttuðum túnnum.

Hættumat: hætta, vegna sléttunar

Heimildir: Ö-Dalv, 344

EY-181:013 *Hulduhólar* heimild um huldufólksbústað 65°56.057N 18°29.119V


"Vestar og nær Hálsá [en Hádegishóll] eru Hulduhólar. Þar var talinn huldufólksbústaður." segir í örnefnaskrá Dalvíkur. Hulduhólar eru tveir strýtumyndaðir melhólar 1,6-1,7 km sunnan við Hálsbæ (001) á Hálsdal. Frá vestari hólnum er þverhnipt niður að Hálsá. Miklir melhólar, lyngivaxnir í hliðunum en berir í toppinn. Hólarnir eru strýtulaga, sérstaklega sá vestari.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Dalv, 344

EY-181:014 *Hálssel* seltóftir

65°55.664N 18°28.466V




Hálssel sést fyrir miðri mynd, horft til norðvesturs

"Er þá komið suður fyrir Sauðagil. Hálssel (selið) er þar kallað, þó að ekki sé kunnugt um selstöðu þar." segir í örnefnaskrá Dalvíkur. Hálssel er 300-400 m ofan við Hálsá og 2,3-2,4 km sunnan við bæ (001) í beinni loftlínu. Selið er norðaustarlega í deiglendri fjallshlíð sem liggur að Ríplum að norðan. Fast ofan við selið tekur við brött og lyngivaxin fjallshlíð upp að brún. Selið er á einskonar stalli eða dalverpi milli bratrar fjallshlíðar ofar en hólsvæði neðar. Tóftirnar eru innst í hólverpinu.

Á þessum stað sjást þrjár tóftir. Syðst er tvískipt tóft (A) sem stendur á ræktarlegri hæð. Hún er 8 X 5 m að stærð, tvískipt og

nokkuð óljós. Hugsanlegt er að op hafi verið vestast á suðurvegg eða norðarlega á vesturvegg. Op hefur verið á milli hólfanna tveggja. Tóftin er gróin og ekki eru greinilegar grjóthleðslur. Hins vegar er einn stór steinn í vesturvegg sem líklega hefur verið þar áður en veggurinn var byggður. 2-3 m norðan við (A) rennur lækjarspræna niður hliðina en tæpum 15 m sunnan við (A) er önnur tóft eða gerði (B). Hún er 11-12 X 5,5 m að stærð og snýr norður-suður. Tóftin er einföld og ekki er greinilegt op á henni. Veggir eru hlaðnir úr torfi. 2 m austan við (B) er svo þriðja tóftin (C). Hún er einnig einföld og 5 X 5 m að stærð. Op er á vesturvegg hennar. Norðan við tóftina er þýft svæði þar sem hugsanlegt er að hey hafi verið sett upp þó ekki sé hægt að fullyrða um það.




Hálssel, horft til suðausturs

Hættumat: engin hætta

EY-181:015 *Fremrasel* seltóftir
 "Þá er komið að Ríplunum, sem eru óreglulegir hryggir ofarlega í hliðinni. Þar er Fremrasel uppi undir Brún, lítilfjörleg tóftabrot." segir í örnefnaskrá Dalvíkur. Fremrasel er fast sunnan við Ríplana og um 3 km sunnan við bæ (001) í beina loftlínu. Selið er um 200 m ofan við á. Fremrasel er fast sunnan við Ríplana sem er melhryggur með mörgum litlum meltoppum og nær frá Helluhraunsskál hátt í hliðinni niður að Hálsá. Tóftirnar eru í dalverpi sem myndast sunnan við Ríplana en norðan við nokkra melhóla innar. Dalverpið er því afmarkað með melhólum á alla vegu nema helst norðaustast en lækur sem rennur niður dalverpið liggur þar niður í átt að Hálsá. Melarnir umhverfis dalinn eru allir vaxnir lyngi í hliðunum en eru berir í toppinn. Í dalverpinu sjálfu er víðast lyngivaxið. Þó er nokkuð deiglent við lækjarsprænuna sem rennur eftir dalnum, 15-20 m sunnan við tóftirnar.

Guðrún Þorsteinsdóttir lýsir tóftunum á eftirfarandi hátt í Fornleifaskrá sinni frá 1985: "Húsrúst/[heitir] Sel/ekki vitað um aldur/stendur frammi á dal - stendur austan við flatlendi, sem nefnist einu nafni Sel 4-5 km fram á Hálsdal/Áður fyrir þegar ánum var fært frá gengu þær



fram á dalnum og hefur því sennilega verið búið þarna yfir sumartímann eins og í öðrum seljum."

Á þessum stað eru 4 tóftir sem hér verða aðgreindar með bókstöfum og verður þeim lýst frá suðri til norðurs. Syðst er lítil einföld tóft (A). Hún er 3,5 X 2,5 m að stærð og snýr austur-vestur. Op er á tóftina nyrst á vesturvegg hennar. Tóftin er sigin og gróin lyngi. Veggir hennar eru mest 0,3 m á hæð. 1,5 m norðan við (A) er önnur tóft (B) sem er stærsta tóftin á svæðinu. Hún skiptist upp í 4 hólfa og er samtals 8 X 7 m að stærð. Tóftin stendur á lítilli



Fremrasel, horfi til suðausturs

og ræktarlegri hæð en veggir hennar eru fremur lágir, gróinir og signir. Stærsta hólfa tóftarinnar (2 X 3 m) er suðvestast í tóftinni. Á því eru op austast á suðurvegg og á miðjum vesturvegg. Ekki eru op milli þess og annarra hólfa. Austan við hólfið er annað hólfa sem er 2 x 1,5 m að innanmáli og er op á það syðst á austurvegg. Norðar við þessi hólfa eru tvö lítil hólfa. Það vestara er 1 X 1 m að innanmáli og opið

til austurs en það austara aðeins 0,5 X 0,5 m að innanmáli og opið til norðurs. Engar grjóthleðslur sjást í tóftinni. Um 12 m norðan við (B) er lítil tóft (C) sem að nokkru er byggð inn í brekkuna norðan við. Tóftin er 6 X 4 m að stærð sigin og lyngivaxin. Tóftin er einföld og ekki er greinilegt op á henni. 4 m vestan við (C) og 3 m norðvestan við norðvesturhorn (B) er svo fjórða tóftin (D). Hún er 9 X 4 m að stærð og er tvískipt. Tóftin snýr austur-vestur og er byggð upp við brekkuna norðan við. Op er á austurvegg tóftinnar og einnig milli hólfa hennar.

Hættumat: engin hætta


Heimildir: Ö-Dalv, 344 og Fornleifaskrá Guðrúnar Þorsteinsdóttur á Hálsi 10.5.1985 nr. 4

EY-181:016 naust tóft

65°57.737N 18°28.196V



Naustið, horft til norðvesturs



ca. 1865: "Fyrir austan Melshöfðann [þ.e. það sem nú er kallað Melshorn] sjást 2 hæðir nálægt ánni og á annarri tóftarmót líkt nausti. Eins getur það hafa verið gamlar búdartóftir og nú orðnar sléttar af sandfoki og sjáist því ekki nema sléttar hæðir." segir í

Árbók hins íslenska fornleifafélags frá 1975. Enn sjást greinilegar leifar naustsins. Það er um 50 m vestan við klettana Hálshorn, efst í fjöru. Tóftin er fast norðan í mikilli hæð upp frá fjörunni og 1,5-1,6 km SSA við bæ 001 í beina loftlínu. Ofan við er lyngivaxinn og grýtt hæð en sunnan við sendin fjara.

Guðrún Þorsteinsdóttir lýsir naustinu í Fornleifaskrá sinni frá 1982 á eftirfarandi hátt: "naust við sjóinn út í Hálshorni/bátsnaust/að líkindum frá [19.] öldinni/einnig vestur með ánni leifar af bátabyrgi/sést móta fyrir lágum veggjum eða kumbli/Áður fyrr var gott útræði úr Hálshorni, en þegar Svarfaðardalsáin færði ósinn austur breyttist þetta; nú er það lítt notað." Tóftin er 6-7 X 5 m að stærð, gróin lyngi og grasi og hvergi hærri en 0,3 m. Að innanmáli er tóftin 3 X 4 m. Tóftin er einföld, austur og vesturveggir lang skýrastir en þó sést greinilega móta fyrir suðurvegg. Ekki virðist hafa verið veggur fyrir norðurhlíð en þar má sjá einfalda grjóthleðslu. Annars er tóftin að mestu hlaðin úr torfi og grjóthleðsur litlar og ógreinilegar þó steina megi sjá á stöku stað.

Hættumat: hætta, vegna vatnsaga

Heimildir: Skýringar yfir örnefni sem tilheyra helst Svarfaðardal, Árbók 1975, 117 og Fornleifaskrá Guðrúnar Þorsteinsdóttur á Hálsi 10.5.1985 nr. 11

EY-181:017 heimild um kolagröf

65°56.843N 18°28.391V

1985: "Önnur [kola] gröfin er beint upp af bænum 1 km, ..." segir í Fornleifaskrá Guðrúnar Þorsteinsdóttur. Umrædd kolagröf er innan girðingar í reit sem nú hefur verið tekinn til skógræktar. Hún er 40-50 m austan við garðlag (024) og 100-200 m neðan við girðingu sem girðir af efri brún skógreits. Umrædd gröf er ekki 1 km upp frá bæ heldur 310-320 m suðaustan við bæ 001. Umhverfis er lyngivaxið þýflendi og byrjað er að gróðursetja lerki.

Guðrún Þorsteinsdóttir lýsir gröfinni sem þarna sést á eftirfarandi hátt í Fornleifaskrá sinni: "5-6 m í þvermál/Hringlaga hleðsla/Fleiri grafir munu vera hér í grendinni t.d. úti á Hálshöfða." Umrædd gröf er nokkuð tóftarleg. Hún er 5 X 5 m að innanmáli og um 0,4 m eru frá botni hennar upp á barma. Hugsanlegt er að þegar tekið var fyrir gröfinni hafi jarðveginum verið hlaðið upp á bakka grafarinnar og það sé orsök þess að umhverfis má greina um 1 m breiða leifar hleðslu- eða uppmoksturs. Svæðið er vaxi lyngi og í botni meintrar grafar hefur lerki verið gróðursett.

Hættumat: mikil hætta, vegna skógræktar

Heimildir: Fornleifaskrá Guðrúnar Þorsteinsdóttur á Hálsi 10.5.1985 nr. 7

EY-181:018 heimild um kolagröf

65°56.482N 18°29.174V

1985: "Önnur [kola] gröfin er beint upp af bænum 1 km, hin suður 1 1/2 km frá bæ." segir í Fornleifaskrá Guðrúnar Þorsteinsdóttur. Meint gröf er um 900 m sunnan við bæ 001 og um 100 m austan við Hálsá. Á lyngivaxinni og þýfðri hæð.

Guðrún Þorsteinsdóttir lýsir staðnum á eftirfarandi hátt. "5-6 m í þvermál/Hringlaga hleðsla/Fleiri grafir munu vera hér í grendinni t.d. úti á Hálshöfða." Mannvistarleifarnar minna meira á einhvers konar tóft eða gerði fremur en kolagröf. Þvermál þeirra er 6,5 m. Hugsanlegt er að þegar tekið var fyrir gröfinni hafi jarðveginum verið hlaðið upp á bakka grafarinnar og það sé orsök þess að umhverfis má greina um 1 m breiða leifar hleðslu- eða uppmoksturs. Svæðið er vaxi lyngi.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Fornleifaskrá Guðrúnar Þorsteinsdóttur á Hálsi 10.5.1985 nr. 8

EY-181:019 heimild um kolagröf

Guðrún Þorsteinsdóttir segir í Fornleifaskrá sinni: "Fleiri [kola]grafir munu vera hér í grendinni t.d. úti á Hálshöfða." Ekki gat Guðrún þó bent á fleiri kolagrafir og ekki fundust þær við vettvangsathugun. Vel er hugsanlegt að fleiri kolagrafir séu á Hálshöfðanum en þær eru þá sjálfsgagt orðnar ógreinilegar og staðsetning þeirra er týnd.

Heimildir: Fornleifaskrá Guðrúnar Þorsteinsdóttur á Hálsi 10.5.1985 nr. 8

EY-181:020 heimild um smalakofa

"Þess má geta að smalakofi er þarna framar í Ríplinum, byggður snemma á þessari öld og jafnvel annar eldri fram á Grundunum." segir í Fornleifaskrá Guðrúnar Þorsteinsdóttur. Staðkunnugir vilja þó meina að aðeins hafi verið einn smalakofi á dalnum. Kofinn var í lækjargili rétt framan (sunnan) við Fremrasel (015) framan við óljósan kindaslóða sem liggur frá Ríplum að Fagranesi innar á Hálsdal. Kofinn er fast ofan við Hálsá. Kofinn var ekki skoðaður 2002 en samkvæmt upplýsingum sem fengust síðar frá Guðmundi Þorsteinssyni er um lítinn grjóthlaðinn kofa að ræða, um 1 X 1 m að stærð, hlaðinn á þrjá vegu. Kofinn var líklega byggður 1910-1920.

Heimildir: Fornleifaskrá Guðrúnar Þorsteinsdóttur á Hálsi 10.5.1985 nr. 4

EY-181:021 frásögn af mógröfum

65°56.445N 18°29.250V

Fremur nýlegar svarðargrafir voru við Hálsá, 900-1000 m sunnan við bæ 001. Grafirnar voru í deiglendishvammi sem er upp frá Hálsá nálega til móts við merki Hamars og Hrisa vestan árinna. Fast við ána er grýtt svæði en 20-30 m austar tekur við deiglendi að þýfðum melum. Enn austar er svo 20-30 m svæði þar sem svörðurinn var tekinn. Ekki er hægt að greina útlínur grafanna nú þó á þessum stað sé dældótt deiglendi.

Hættumat: engin hætta

EY-181:022 garðlag túngarður

65°56.892N 18°28.959V

"Vallargarður var hlaðinn allt í kring um túnið og stendur enn að sunnanverðu." segir í Fornleifaskrá Guðrúnar Þorsteinsdóttur. Garðurinn sést suðvestan við bæ 001. Þar er hann greinilegur í um 30 m áður en hann beygir til VSV í túnjaðri. Þar er hann greinilegur í um 100 m undir girðingu. Austan við bæ má einnig sjá hrygg (norður-suður) í túninu þar sem garðurinn hefur legið. Í jaðri túna sem hafa verið sléttuð.

Garðurinn hefur að stórum parti verið sléttaður í túni. Utan við eru grasi- og lyngivaxnir móar. Garðurinn er greinilegur á 130 m kafla. Hann er 0,5 m á hæð en 1 m á breidd. Garðurinn er hærri vestan megin en þar hefur skurður verið grafinn utan við hann og uppkastið úr honum hækkað garðinn.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Fornleifaskrá Guðrúnar Þorsteinsdóttur á Hálsi 10.5.1985, viðbót

EY-181:023 vegur leið

65°56.871N 18°28.939V

"Gamli reiðvegurinn lá fyrir ofan og sunnan túið og sést enn að hann hefir verið upphlaðinn að minnsta kosti á köflum og heldur sér þar sem ekki hefir verið hreyft við honum." segir í Fornleifaskrá Guðrúnar Þorsteinsdóttur. Vel sést móta fyrir gamla veginum um 180 m suðvestan við bæ 001 og 10 m norðan við núverandi þjóðveg. Gamli vegurinn er fyrst greinilegur um 100 m vestan við heimreiðina að Hálsi. Hann liggur til vesturs að Hálsá. Vegurinn er upphlaðinn og liggur um grasi- og lyngivaxinn móa.

Vegurinn er um 4 m á breidd en 0,3-0,4 m á hæð. Hann er upphlaðinn en lyngivaxinn. Hann

má greina á um 150 m kafla. Vart getur verið um mjög gamlan vegarslóða að ræða.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Fornleifaskrá Guðrúnar Þorsteinsdóttur á Hálsi 10.5.1985, viðbót

EY-181:024 *Sveitarlangur* garðlag

65°56.845N 18°28.438V

"Hlaðinn garður lá frá sjó, suður ofan við túnið. Liggur upp fyrir ofan Fjallgerði 011 síðan niður og yfir Hálsá sunnan við Engjaholt 'Sveitarlangur' " segir í viðbót við Fornleifaskrá Guðrúnar Þorsteinsdóttur. Mikil garðlög eru merkjanleg í landi Hálsa. Það garðlag sem hér er skráð nær langleiðina frá sjó og upp á há-hálsinn.

Garðurinn er greinilegur frá sjó og að þjóðveg (í suður) í um 1,3 km. Á þessum slóðum er garðurinn 150-200 m austan við bæ (001). Þar er skarð í garðinn á 50-100 m parti neðan þjóðveggar en garðinn má aftur greina síðustu 10-20 m að þjóðveg. Ofan við þjóðveg má aftur greina garðlagið sem liggur nú til SSA um skógræktarhólf Háls og í 600-700 m áður en það beygir til suðvesturs um 200 m suðaustan við Fjallgerði 011. Þá liggur garðurinn í tæpa 500 m áður en hann beygir til vestur og liggur í 600-700 m áður en hann kemur að Hálsá. Garðurinn liggur að Hálsá 1,1-1,2 km sunnan við Hálsbæ (001).

Garðlagið liggur að mestu um lyngivaxna móa.

Garðurinn er víðast hvar 3-4 m á breidd og allt að 1 m á hæð.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Fornleifaskrá Guðrúnar Þorsteinsdóttur á Hálsi 10.5.1985, viðbót

EY-181:025 heimild um myllu

65°56.994N 18°28.991V

"Mylla var eitt sinn yfir lækinn neðarlega í túninu, nú fallin." segir í Fornleifaskrá Guðrúnar Þorsteinsdóttur. Myllan var á bæjarlæknum um 150 m VNV við bæ 001. Myllan var þar sem bæjarlækurinn rennur til NNV, milli túna. Engin ummerki myllunnar eru nú greinileg við lækinn. Umhverfis eru sléttuð tún.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Fornleifaskrá Guðrúnar Þorsteinsdóttur á Hálsi 10.5.1985, viðbót

EY-181:026 hleðsla samgöngubót

65°57.010N 18°29.009V


Guðrún Þorsteinsdóttir man eftir torfbrú yfir bæjarlækinn rétt norðan við mylluna (025). Enn má greina leifar hennar 20 m norðan við mylluna og 250 m norðvestan við bæ 001. Umhverfis eru sléttuð tún.

Bæjarlækurinn er einungis um metri á breidd. Yfir hann hefur gerð torfhleðsla sem er um 2 m á lengd en 1,5 m á breidd.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

EY-181:027 stekkjartóft

65°56.294N 18°29.215V



Guðrún Þorsteinsdóttir lýsir tóft á Hálsdal í Fornleifaskrá sinni frá 1985: "Kofarúst í tvennu lagi/gæti verið beitarhúsarúst/ekki vitað [um aldur]/Stendur mitt á milli Selsins [015] og heimabæjarins/niður við ána skammt frá heitir Lambamór og á holti utar, sem Engjaholt nefnist er hlaðinn hringur líkast

því að þarna hefði eitt sinn verið fjárrétt fyrr á öldum og fleiri minjar munu vera þarna nálægt." Tóftin er um 100 m innan við girðingu sem girðir af afrétt (og garðlag 024). Tóftin er 1250 m sunnan við bæ (001) og um 20 m austan við Hálsá. Ekki var greinileg hringhleðsla. Lyngi vaxinn mói allt í kring eru smáir melar, berir í toppinn en annars vaxnir lyngi. Tóftin er í dæld milli stakra mela nema að vestan þar sem þverhníptur bakki nær að á.

Tóftin er tvískipt og 9 X 4 m að stærð. Austara hólf hennar er mun stærra eða 4 X 2 m að innanmáli meðan vestara hólfíð er 2,5 X 1,5 m. Op er vestast á suðurvegg hennar (á minna hólfíð) en

veggir eru um 0,7 m að stærð. Tóftin snýr austur-vestur. Vestan við tóftina er þýft svæði, hugsanlega hefur hey verið sett upp þar. Lag tóftarinnar og staðsetning bendir helst til að hér hafi verið e.k. stekkur enda eðlilegt að álykta að stekkur hafi einhvers staðar verið í Hálslandi en engar vísbendingar eru um staðsetningu hans eftir örnefnaskrá.

Hættumat: engin hætt

Heimildir: Fornleifaskrá Guðrúnar Þorsteinsdóttur á Hálsi 10.5.1985 nr. 5



Stekkjartóft, horft til norðurs

EY-181:028 garðlag

65°56.251N 18°29.173V

Mikið garðlag er nyrst á Hálsdal. Garðlagið er fyrst merkjanlegt 80-100 m norðaustan við Fjallgerði (011). Það liggur til suðurs í 150 m en sker þá annað stórt garðlag 024 og liggur samsíða því utan við það (austar) til suðurs og síðan vesturs alla leið niður að Hálsá, í um 1 km. Garðlagið liggur að Hálsá um 50 m sunnan við tóft 027. Garðlagið liggur að mestu um lyngivaxna móa.

Garðlagið er 4-5 m breitt og 0,4 m á hæð og er lyngivaxið og sigið. Það er vel greinanlegt að austan og sunnan en norðurhliðin er nú horfin. Líklegast er að norðurhliðin hafi náð niður að Hálsá, e.t.v. í námunda við þar sem þjóðvegur liggur nú. Ef svo var markar þetta garðlag hólf sem var um 1 km á lengd en mest um 700 m á breidd. Inn í hólfinu eru Fjallagerði 011.

Hættumat: hætt, vegna ábúðar

EY-181:029 garðlag

65°57.229N 18°28.663V

Garðlag er greinilegt um 150 m norðaustan við bæ 001, í sama hól og annað garðlag 024 liggur í. Garðlagið er fyrst greinilegt um 200 m norðan þjóðvegjar. Garðlagið liggur að mestu um lyngivaxinn móa.

Það liggur frá hólnum til norðurs í um 350 m. Það er víðast nokkuð útflatt eða 3-4 m á breidd en 0,5 m á hæð. Garðlagið fjarar út til suðurs um 15 m sunnan við raflínu sem liggur austur-vestur um móann. 5 m norðan við enda garðlagsins má greina annað garðlag 033 sem liggur til austurs. Hugsanlegt er að rafmagnslínustaur sem þarna var settur hafi skemmt eitthvað af garðlaginu og það hafi tengst 033 en ekki er hægt að greina það nú og skrásetjari gat ekki greint það norðar.

Hættumat: hætt, vegna ábúðar

EY-181:030 *Merkjagarður* landamerkjagarður

65°57.096N 18°27.863V

"Merkin liggja frá sjó eftir Merkjagarði um Gullkelduhæð." segir í Örnefnalýsingu Eyjafjarðar. Í örnefnaskrá Árskógsstrandar segir enn fremur: "Upp eftir hálsinum liggur Merkjagarðurinn á þessum hreppamörkum." Garðurinn er um 800 m austan við Háls en 2 km norðvestan við Stóru-Hámundarstaði. Garðurinn lá frá sjó og upp á há-hálsinn. Merkjagarðurinn liggur að mestu um lyngivaxna móa. "Garðar eru margir á Hámundarstöðum: merkjagarður milli Háls og Hámundarstaða, glöggur frá fjöru til fjalls ..." - "Merkjagarðurinn milli Háls og Hámundarstaða liggur frá sjó og upp á Lokugarnarhaus." Bréf Haralds Gíslasonar á Stóru-Hámundarstöðum til Þjóðminjasafns janúar 1993. Garðurinn hefur verið um 2,4 km á lengd en er 2-3 m á breidd. Hann sést frá þjóðvegi bæði til norðurs og suðurs. Hann er greinilegur á rúmlega 1 km kafla en óljóst má greina hann næstum alla leið.

Hættumat: hætt, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Ey 11, 11; Ö-Árs, 35; Bréf Haralds Davíðssonar á Stóru-Hámundarstöðum til Þjóðminjasafns 6.5.1985



Merkjagaður, horft til norðurs

EY-181:031 þúst

65°56.876N 18°28.944V


Þúst er um 175 m suðvestan við bæ 001. Hún er 10-15 m suðvestan við tún en 40 m norðan við þjóðveg.

Þústin er á grasi grónum hól. Þegar þústin var skoðuð í byrjun september var hún á kafi í hávöxnu grasi og af þeim sökum illgreinanleg. Guðrún Þorsteinsdóttir man eftir tóftarbrotum á þessum stað en þau er nú hrunin og illgreinanleg.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

EY-181:032 gerði

65°56.465N 18°29.132V



Gerði er um 900 m sunnan við bæ 001 en 30 m suðaustan við "kolagröf" 018. Gerðið er 100-150 m austan við Hálsá. Gerðið er á lyngivaxinni hæð. Það er 13 X 11 m að stærð og snýr austur-vestur. Veggir þess eru 2 m á breidd en 0,4 m á hæð. Ekkert op er á gerðinu.

Hættumat: engin hætta

EY-181:033 garðlag

65°57.236N 18°28.478V

Garðlag liggur til austurs um 500 m norðan við þjóðveg. Garðlagið er fyrst greinilegt að austan þar sem annað garðlag 029 fjarar út um 400 m austan við Hálsá. Það liggur að mestu um lyngivaxna móa.

Garðlagið liggur austur-vestur.

Það er lyngivaxið og 0,4 m á hæð en 2-3 m á breidd. Það liggur í um 250 m áður en það liggur þvert á 024. Óljóst má rekja garðlagið allt að merkjum í um 550 m í viðbót og greinilegt að það hefur legið enn lengra e.t.v. alla leið að sjó í Stóru-Hámundarstaðalandi, a.m.k. í eina 1200-1400 m. Erfitt er þó að rekja garðinn á jörðu niðri í landi Stóru-Hámundarstaða.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar